

Bendir til meiri undanskota frá skattgreiðslum

Breytingar á endurgreiðslum virðisaukaskatts hafa að líkindum aukið skattaundanskot. Ríkisskattstjóri telur hugsanlega tilefni til að falla frá breytingunum.

VIÐSKIPTI Líkur eru á að skattaundanskot hafi aukist í byggingariðnaði að undanfögnu í kjölfar lægri endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þetta er mat Skúla Eggerts Þórðarsonar ríkisskattstjóra.

Í ársbyrjun 2015 lækkaði endurgreiðsla virðisaukaskatts til eigna íbúðarhúsnæðis vegna vinnu iðnaðarmanna á húsnæði þeirra úr 100 prósentum í 60 prósent. Endurgreiðslurnar höfðu verið 100 prósent frá árinu 2009 þegar svokölluðu „Allir vinna“ átaki var hrundið af stað. Í kjölfar breytinganna í byrjun ársins hefur beiðnum um endurgreiðslur fækkað um 60 prósent á sama tíma og umsvif í byggingariðnaði hafa aukist. Endurgreiðslubeiðnum vegna síðasta árs geti þó enn fjölgað og einhverjir telji það kannski ekki borga sig að óska eftir endurgreiðslu. Það geti þó ekki útskýrt allan mismuninn að sögn ríkisskattstjóra.

Skúli bendir á að með því að gefa vinnuna ekki upp til skatts sleppi kaupandinn við 40 prósent af virðisaukaskattinum. Þá geti seljandi vinnunnar sloppið við að gefa söluna upp til tekjuskatts. Í hundrað prósent endurgreiðslu sé hins vegar enginn ávinningur fyrir kaupanda að sleppa því að gefa upp virðisaukaskatt.

Skúli segir afar erfitt að hafa eftirlit með hvort vinna sem fer fram á heimilum sé gefin upp til skatts. Því sé mikilvægt að hvatinn til undanskota sé ekki fyrir hendi. Skúli veltir upp hvort ekki sé rétt að endurgreiða virðisaukaskattinn að fullu á ný. „Ég er sammála fjármálaráðherra um það sem kom fram á Alþingi á mánudag að það sé ástæða til þess að huga að því að fara með þetta aftur í 100 prósent,“ segir Skúli.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði á Alþingi á mánu-

60%

fækkun beiðna um endurgreiðslu virðisaukaskatts varð í kjölfar lækkunar á endurgreiðslum.

Það er erfitt að fara inn á heimili og ganga úr skugga utm það að þar sé ekki verið að vinna svarta vinnu.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri



daginn að mikilvægt væri að haga reglum þannig að ekki væri hvati til þess að stinga undan skatti. Hann nefndi í því samhengi breytingarnar sem hafa orðið á endurgreiðslunum. „Skilaboðin sem við fáum frá kerfinu eru sem sagt þau að það sé minna um að virðisaukaskattsskýrslum sé skilað eftir að við lækkuðum endurgreiðsluna úr 100 prósentum niður í 60 prósent,“ sagði Bjarni.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, segist telja að það hafi verið óskynsamlegt að lækka endurgreiðsluhlutfallið því endurgreiðslan með Allir vinna hafi verið til þess fallin að bæta skattskil.

Ríkisskattstjóri segir eftirlit með byggingariðnaði og öðrum atvinnugreinum mikið. Engu að síður ætlað embættið að bæta 4 til 5 starfsmönnum við skattaftirlit til viðbótar við um 30 sem fyrir eru til að sinna þeim verkefnum. – ih / sjá Markaðinn

Borgin ætlar að spara upp undir 1.800 milljónir

REYKJAVÍK Viðauki við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur í gær. Hagrætt verður fyrir 1.780 milljónir af um 98 milljarða króna rekstri eða skorið niður um 1,82 prósent.

„Það verður sparað alls staðar þar sem það er hægt án þess að það bitni á þjónustunni. Lögð er mikil áhersla á að verja grunnþjónustuna,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýndu óljósar sparnaðaráætlanir meirihlutans, að grunnþjónusta væri víst skert á skóla-



og frístundasviði þar sem skorið er niður um tæplega sjö hundruð milljónir og að meirihlutinn tæki aðgerðirnar ekki nægilega alvarlega. „Getur borgarstjóri staðið hér og sagt að þessar hagræðingaradgerðir muni ekki leiða til þess að nokkrum starfsmanni verði sagt upp í Reykjavíkurborg?“ spurði Júlíus Vífill Ingvarsson.

Dagur sagði það hafa komið oft fram að starfsmanna velta yrði nýtt til að ráða ekki í lausar stöður og að uppsagnir yrðu undantekning. „Uppsagnir eru ekki stefnan en það er ekki hægt að útiloka þær vegna skipulagsbreytinga.“

– ebg / sjá síðu 4



Berfættur í fimbulkulda „Ég er eiginlega alveg hættur að fara í skó,“ segir Kristófer Kvaran, tónlistarmaður og starfsmaður á leikskóla. Hann vekur mikla athygli samferðamanna sinni fyrir uppátækið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Safna fyrir Reykjadal

SAMFÉLAG „Við höfum skipulagt fjölmarga viðburði nú þegar, svo sem biðsýningu í Háskólabíói, fjöltefli í Smáralind, förðunarnámskeið og margt fleira,“ segir Elmar Hallgrímsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Á námskeiðinu Samvinna og árangur, sem Elmar stjórnar, vinna nemendur að fjárflyunarverkefni til stuðnings Reykjadal, þar sem fötluð börn og ungmenni alls staðar að af landinu sækja sumarþúfir. Nemiendum verður í upphafi skipt í fimm hópa, þar sem hver hópur fær úthlutaðan tengilið úr atvinnulífinu sér til aðstoðar.

„Hugmyndin að áfanganum kemur upphaflega frá Bandaríkjunum en ég tók sambærilegan áfanga þegar ég var þar í námi. Ég hef þó útfært hann með mínum hætti,“ segir Elmar jafnframt við Fréttablaðið. – gjs / sjá síðu 24

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Sérstaða Íslendinga þegar kemur að gagnaverum er stundum ofmetin, segir Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania á Íslandi.



SKOÐUN Laufey Tryggvadóttir skrifar um endurreisn heilbrigðiskerfisins. 10-11

SPORT Dagur Sigurðsson er þjóðhetja í Þýskalandi eftir EM. 12

MENNING Old Bessastaðir eftir Söllu Guðmunds frumsýnt í Tjarnarbíói 4. febrúar. 18-20

LÍFÍÐ Köflótt karlatískuvika í Milánó. 24

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● ENSKI BOLTINN
● MARKAÐURINN

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

VIKA Í ÖSKUDAG

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Á morgun spáir stífri austanátt með snjókomu sunnanlands, en að mestu þurru fyrir norðan. Það kólnar norðaustan til, en að mestu frostlaust með suðurströndinni.

SJÁ SÍÐU 16



Sigmundur Ernir Rúnarsson er ritstjóri Hringbrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Huldupenni snupraður af siðanefnd

FJÖLMIDLAR Siðanefnd blaðamanna hefur úrskurðað að miðillinn Hringbraut og ritstjóri hans, Sigmundur Ernir Rúnarsson, hafi gerst brotlegur við þriðju grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Siðanefndin telur brotið alvarlegt.

Björn Ingi Hrafnsson, eigandi Vefpressunnar ehf., kærði Hringbraut til siðanefndar vegna fréttar á Hringbraut um fjármagn og eign DV og Vefpressunnar og að fjármunir komi frá vinum og ættingjum formanns Framsóknarflokksins.

Umrádd frétt er byggð á grein Ólafs Jóns Sívertsen, pistlahöfundar á Hringbraut, en kærðingunni í málinu telur að miðillinn beri ábyrgð á pistlinum.

„Nánast allt sem í henni [greininni] kemur fram er rangt. Heimildarmaður hennar er nafnlaus pistlahöfundur og er með ólíkindum að ritstjórn fjölmíðilsins skuli verða ber að svo óvönduðum vinnubrögðum,“ segir í kærinni.

Í svari ritstjóra Hringbrautar til siðanefndar kemur fram að einungis hafi verið fjallað um vangaveltur pistlahöfundar um eignarhaldið en aldrei hafi neitt verið fullyrt og að höfundur skrifi undir dulnefni.

„Fréttin er eingöngu byggð á vangaveltum úr tilvitnaðri grein Ólafs Jóns Sívertsen og ekki nefnt að um tilbúna persónu sé að ræða. Persónan er ekki kynnt til sögunnar sem slík, heldur mega lesendur ranglega ætla að um raunverulegan heimildarmann sé að ræða,“ segir í úrskurðinum. – srs

Hrafnaping í Kópavogi



Krummi er sagður bæði stríðinn og hrekkjöttur og fara margar sögur af því. Það veit enginn hvort þessir hrafnar, sem sáust við bókasafnið í Kópavogi, hafi verið krunka sín í milli um einhverja hrekk. Eða hvort þeir hafi hreinlega fundið sér bita til að gæða sér á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimila ekki málmleit

SVEITARSTJÓRNIR „Bæjarstjórn sér ekki ástæðu til að heimila rannsóknir vegna mikillar röskunar á viðkvæmu svæði og mengunar sem slík vinnsla myndi hafa í för með sér,“ segir bæjarstjórn Ölfuss um umsókn Iceland Resources ehf. um leyfi til leitar og rannsókna á málmum á Reykjanes-skaga.

Bæjarstjórnin þakkaði hins vegar fyrir upplýsingar sem bárust frá Orkustofnun um erindi Iceland Resources og það tækifæri að fá að veita umsögn um málið. Einn bæjarfulltrúi vildi veita leyfið. Iceland Resources sótti um leyfi til að leita að málmum víðs vegar á landinu. – gar

Berfættur í brunagaddi

Kristófer Kvaran kys að ganga berfættur og fer aðeins tilneyddur í skó. Uppátækið hófst þegar hann gerði tilraunir með að hlaupa berfættur fyrir nokkrum árum. Nú segist Kristófer háður því að finna tenginguna við jörðina.

FÖLK „Ég er eiginlega alveg hættur að fara í skó,“ segir Kristófer Kvaran, tónlistarmaður og starfsmaður á leikskóla. Kristófer vekur athygli samferðamanna sinna þar sem hann gengur um borgina berfættur í frostinu. „Skilyrðin eru góð ef ég er að ganga rösklega frá einum stað til annars. En ef ég er á rölegu rölti og það er mikið af krapi og salti á götum þá bregð ég mér í þæfða ullarsokka. Þeir eru bestir og slitna síður. Ég er með þá í vasanum ef ég þarf á þeim að halda.“

Kristófer er tónlistarmaður og starfar í leikskóla við umönnun barna. „Ef ég er að spila í brúðkaupi þá fer ég í sokka og sparískó til að verða nú ekki miðdepillinn í athöfninni. En ég er svo fljótur að rífa mig úr þeim þegar starfinu er lokið. Eins í leikskólanum, þegar ég er að gæta barnanna úti, stundum þarf ég að fara í stígvél þótt oftast dugi ullarsokkarnir. Svo fór ég líka í skó um daginn þegar ég gekk á Esjuna á gamlárskvöld. Annars hef ég farið á Esjuna berfættur.“

Hann fór að sleppa skóm fyrir nokkrum árum þegar hann gerði tilraunir með að hlaupa berfættur. „Það var í ágúst mánuði fyrir nokkrum árum að ég byrjaði að hlaupa berfættur. Ég sleppti skóm þennan mánuð til að safna siggi. Svo vatt það upp á sig. Til þess að byrja með var ég að fara í skó hörðustu vetrarmánuðina. En ég er stöðugt að ögra mér og finna mörkin.“

Kristófer verður stundum fyrir aðkasti vegna þess að hann er ber-



Kristófer Kvaran við heimili sitt á Leifsgötunni á leið til vinnu, berfættur þrátt fyrir kuldan þvi honum finnst skilyrðin góð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ef ég er að spila í brúðkaupi þá fer ég í sokka og sparískó til að verða nú ekki miðdepillinn í athöfninni. En ég er svo fljótur að rífa mig úr þeim þegar starfinu er lokið.

Kristófer Kvaran tónlistarmaður

fættur. „Flestum finnst þetta bara skemmtilegt en sumir horfa á mig af hneykslan. Mér finnst leiðinlegt ef fólk er að flissa og taka myndir af mér í laumi. Ég er nefnilega alveg til í að sitja fyrir á mynd.“

Honum finnst gott að finna tenginguna við jörðina. „Maður verður háður því að vera sjálfur neðsti punkturinn. Um leið og ég er kominn í skó þá missi ég tenginguna.“
kristjanabjorg@frettabladid.is

NORÐURKRILL

● Astaxanthin
● Omega 3

Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd

Fyrir andlegt heilbrigði



Neysla Omega-3 fitusýra getur hindrað geðrof og hægt á þróun geðklofa og annarra geðsjúkdóma samkvæmt niðurstöðum rannsóknar vísindamanna við Háskólann í Melbourne. www.medicalexpress.com

Fæst í flestum apótekum, heilsuþöðum og heilsuhillum verslana.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER ADVENTURE LÁTTU HEILLAST

Kynntu þér Toyota FLEX

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

Land Cruiser 150 Adventure fer á kostum hvert sem leið þín liggur. Þessi glæsilega sérútgáfa býðst enn um sinn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Sjáðu hvernig landið liggur með háþrúðu myndavélakerfi og Blind Spot Monitor. Leiðsögukerfið er hluti af ríkulegum staðalbúnaði og hestöflin ólmast viljug í nýrri og sparneytnari vél. Komdu við, reynsluaktu og láttu heillast.

Láttu heillast hjá næsta söluaðila Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Krafa um að flýta landsfundi Samfylkingar hávær

STJÓRN MÁL Samfylkingin á Akureyri hefur boðað til félagsfundar í kvöld vegna stöðunnar í flokknum. Kannanir hafa mælt flokkinn með undir tíu prósentu fylgi í nokkurn tíma og er hljóðið þungt í Samfylkingarfólki. Lögð verður fram bókun á fundinum um að flýta aðalfundi svo hægt verði að kjósa nýjan formann í flokknum.

Ólína Þorvarðardóttir, þingkona Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, lét hafa eftir sér í gær að staða

flokksins væri ótæk og það þyrfti að flýta fundi fram í maí. Björk Vilhelmsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi flokksins í Reykjavík, og Óssur Skarphéðinsson, fyrrverandi formaður flokksins, hafa viðrað þá skoðun að sameina félagshyggjuöfl á vinstrivængnum svo þau megi ná vopnum sínum á ný.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru margir orðnir þreyttir á stöðu flokksins og vilja breytingar. Þær raddir heyrast jafnt úr þing-

flokki og framkvæmdastjórn eins og úr grasrót flokksins.

Í ályktun sem lögð verður fyrir félagsfund á Akureyri í kvöld segir að núverandi forystu hafi ekki tekist að skapa traust kjósenda á flokknum og því þurfi að flýta landsfundi og boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um formann flokksins. „Í stöðu eins og nú er uppi verða almennir flokksmenn að láta til sín taka þegar forystunni hefur mistekist að halda baráttumálunum á lofti og knýja fram nauð-



Flokksfélagar á Akureyri vilja álykta gega sitjandi stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

synlegar þjóðfélagsbreytingar fyrir almenning á Íslandi," segir í drögnum að ályktuninni.

Árni Páll Arnason, formaður flokksins, segir það ekki í hans valdi að boða til landsfundar. Það sé í höndum stofnana flokksins að boða til fundar og þar með atkvæðagreiðslu um formann flokksins. „Ég hef sagt það að ég mun ekki standa í vegi fyrir því að landsfundi verði flýtt og er tilbúinn í formannskosningu hvenær sem er," segir Árni Páll. – sa



Skólastjórnendur hafa sent frá sér ályktun og segja skorið inn að beini í sparnaði í skólunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segja of mikla von einkenna sparnaðinn

Á borgarstjórnarfundi í gær voru hagræðingaraðgerðir upp á tæpa tvo milljarða samþykktar. Borgarstjórn var gagnrýnd fyrir óljósar sparnaðaráætlanir. Borgarstjóri segir að sparað verði mest í ráðhúsinu og haldið vörð um grunnþjónustu.

REYKJAVÍK Hagrátt verður fyrir 1.780 milljónir í Reykjavíkurborg árið 2016. Hagráðingaráætlun hljóðar þó upp á tæpa tvo milljarða enda ekki vist að öllum markmiðum þar verði náð.

Á borgarstjórnarfundi í gær var meirihlutinn gagnrýndur harðlega fyrir að sparnaðaráætlanir væru of óljósar. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, beindi sjónum að Skóla- og frístundasviði en þar þarf að spara 670 milljónir á árinu. Skólastjórnendur grunnskóla og leikskóla hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessa og segja niðurskurðinn vera kominn inn að beini.

Kjartan sagði mikinn „vonarpening“ vera í sparnaðaráætlunum á sviðinu. Nefndi hann sem dæmi breytingu á sundkennslu eldri bekkja sem er háð samþykki ráðuneytis, orkusparnað sem hann sagði

Bitnar ekki á þjónustu

„Borgin þarf að spara og létta reksturinn í kjölfar kjarasamninga í fyrra. Við munum hægja á nýráðningum og spara alls staðar þar sem það er hægt án þess að það bitni á þjónustunni," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Hann bendir á að forgangsröðunin birtist í því að sparað verði mest í ráðhúsinu, miðlægrri þjónustu og stöðþjónustu. Dagur segir áhyggjum skólastjórnenda að ýmsu leyti mætt. „Stjórnendur skólanna í borginni hafa áður sýnt bæði ábyrgð og útsjónarsemi í rekstri sínum og ég geri ráð fyrir góðu samstarfi við þá um þetta.“



fullreyndan og að ekki væri hægt að spara í sérkennslu og stuðningi án þess að ganga verulega á grunnþjónustu. Önnur dæmi um sparnað á sviðinu eru minni fjarvistir starfsfólks með heilsueflingu, spara á tuttugu milljónir með aðgerðinni. Stærsti sparnaðarliðurinn er þó frestun á lækkun leikskólalagjalda.

Júlíus Vífill Ingvarsson sagði fólk í skólakerfinu vera áhyggjufullt og skýra þyrfti betur hvaða leiðir yrðu farnar í sparnaði. „Og það svarar engu að sjá borgarstjórnann dansa á sviði í Borgarleikhúsinu. Fólk vill fá svör," sagði hann og spurði um leið hvort vitað væri um uppsagnir borgarstarfsmanna. Borgarstjóri svaraði því svo að fólk yrði eingöngu sagt upp ef til þess kæmi vegna skipulagsbreytinga. Annars myndi mikil starfsmannavelta spara fjármagn þar sem ekki yrði ráðið í allar lausar stöður. erlabjorg@frettabladid.is

Borgin þarf að spara tæpa tvo milljarða árið 2016

670 milljónir
Skóla- og frístundasvið
1,5% hagræðing

Dæmi

Frestun á lækkun leikskólalagjalda

120 milljónir

Sérkennsla og stuðningur

80 milljónir

Breytt fyrirkomulag sundkennslu

25 milljónir

Minni fjarvistir með heilsueflingu


20 milljónir

Endurskoðun á mótuneytisþjónustu

70 milljónir

Samnýting á húsnæði grunnskóla og fristundaheimila

45 milljónir



127,7 milljónir króna
Íþrótt- og tómstundasvið
1,6% hagræðing

Styrkir lækkaðir, dregið úr dagskrá 17. júní og hagræðing í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.



412 milljónir króna
Velferðarsvið
1,6% hagræðing

Endurmat fjárhagsaðstoðar og hagræðing í rekstri þjónustumiðstöðva.



72,9 milljónir króna
Menningar- og ferðamálasvið
1,6% hagræðing

Ekki ráðið í ný stöðugildi, styrkir lækkaðir og dregið úr viðburðum/hátíðum.



114,4 milljónir króna
Eignasjóður/skrifstofa eigna
1,6% hagræðing

Sala fasteigna og uppsögn leigu.



172,5 milljónir króna
Umhverfis- og skipulagssvið
1,8% hagræðing

Hagræðing á skrifstofum og ekki ráðið í ómannaðar stöður.

407,9 milljónir króna
Miðlæg stjórnsýsla og sameiginlegur kostnaður
4,9% hagræðing

Dregið úr útgjöldum á skrifstofum.

Samtals: 1.977,4 milljónir króna

Þetta eru of lauslega orðaðar aðgerðir sem munu ekki duga til að ná markmiðinu. Þið viljið ekki að við vitum að þið vitið ekki hvað þið eruð að gera. Það er mín heiðarlega ágiskun.

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, á borgarstjórnarfundi í gær



Cameron fær neyðarhemil frá ESB

BRETLAND Donald Tusk, forseti leiðtogaræðs Evrópusambandsins, kynnti í gær viðbrögð við kröfum Breta, sem vilja ná fram breytingum á Evrópusambandinu.

Tusk heimsótti á sunnudaginn David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sem hefur lofað að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu í Bretlandi þegar búið verður að semja upp á nýtt við Evrópusambandið. Bretar geti þá kosið um það hvort segja eigi upp aðildarsamningnum eða fallast á breyttan samning.

Tusk býður Cameron meðal annars upp á „neyðarhemil“ fyrir Bretland, sem þýddi að Bretland getur takmarkað atvinnutengdar bótagreiðslur til ríkisborgara annarra ESB-landa, sem búsettir eru í Bretlandi. Takmarkanirnar mega gilda í fjögur ár.

Cameron hafði farið fram á meira, nefnilega að mega fella slíkar bótagreiðslur alveg niður í fjögur ár.

Tusk segist hafa gengið „verulega langt“ til að koma til móts við óskir



Donald Tusk og David Cameron á sunnudaginn fyrir utan bústað forsætisráðherraans að Downing-stræti 10 í London. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Camerons. Hins vegar gæti hann ekki gengið lengra en meginreglur Evrópusambandsins leyfa.

„Þetta hefur verið erfitt ferli og enn eiga erfðar samningaviðræður eftir að fara fram," sagði Tusk í bréfi til leiðtoga Evrópusambandsríkjanna, þar sem hann kynnti tillögurnar.

Margt er óljóst um útfærslur á

tilboði Tusks og Cameron segir að vinna þurfi áfram í þessu fyrir leiðtogafundinn 18. og 19. febrúar næstkomandi, þar sem leiðtogar Evrópusambandsríkjanna taka þessi mál til skoðunar.

Breskir andstæðingar Evrópusambandsins segja þarna ekki gengið nærri nógu langt. –gb

ÚTSALA

KING KOIL MORENA
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 278.711 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 139.356 kr.

50% AFSLÁTTUR!

rekkjan
HEILSURÚM

Millistífl 5-svæða skipt 798 pokagormakerfi og stífir kantar ásamt þrýstijöfnunar gelsvampi í toppi. Pu-leðurklæddur botn með fótum.

ARGHILL 260116 83



BÍLL ÁRSINS 2016 Á ÍSLANDI NÝR VOLVO XC90

Komdu í Brimborg og
reynsluaktu bíl ársins 2016

**NÝR VOLVO XC90
VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.**

MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS



Volvo XC90 hefur fengið einstakar móttökur um heim allan. Honum var ætlað að marka nýtt upphaf fyrir Volvo og það hefur hann svo sannarlega gert. Með þessum glæsilega 7 manna lúxusjeppa kynnir Volvo nýja vélátækni, ný öryggiskerfi og nýtt útlit sem gefur tóninn fyrir komandi kynslóðir Volvo bíla. Þess má geta að aldrei fyrr hefur Volvo hannað innanrymi með jafn miklum lúxus. XC90 er jafnframt búinn fullkomnasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Þar á meðal eru tvær nýjungar sem aldrei hafa verið í boði áður: Annars vegar vörn við útafakstur og hins vegar sjálfvirk bremsa ef beygt er í veg fyrir ökutæki úr gagnstæðri átt. Þessar tækninýjungar gera Volvo XC90 að einum öruggasta bíl heims og færir fyrirtækið jafnframt skrefi nær markmiði sínu um að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Ný kynslóð Drive-E vélanna gerir þér kleift að njóta spennandi aksturs en með miklu minni eldsneytisnotkun og koltvísyringslosun. Eldsneytisnotkun nýju D5 dísilvélarinnar í blönduðum akstri er 5,8 l/100 km og CO₂ losun er 152 g/km. Veghæð XC90 er mjög mikil, eða 23,7 cm undir lægsta punkt. XC90 er jafnframt fyrsti billinn sem er byggður með nýrri SPA undirvagns-tækni Volvo. Komdu í Brimborg og kynntu þér bíl ársins 2016 á Íslandi. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Íbúar í Vestmannaeyjum eru ósáttir við þá óvissu sem fylgir heilbrigðisþjónustu til fæðandi kvenna. MYND/GETTY

Vilja fæða börn sín í Eyjum

VESTMANNAEYJAR Íbúar í Vestmannaeyjum safna undirskriftum fyrir heilbrigðisþjónustu til fæðandi kvenna í Vestmannaeyjum. „Tilgangur þessa lista er að sýna fram á það að konur í Vestmannaeyjum eiga ekki að þurfa að leggja á sig langt og strangt ferðalag til þess að fæða barn. Heilbrigðisþjónusta á að vera til staðar því ekki er alltaf hægt að stóla á samgöngur milli lands og eyja og því mikið lagt á þungaða konu,“ segir í lýsingu á tilgangi söfnunarinnar. Einnig segir að óvissa og álag vegna ferðar upp á land og bið, vinnutap maka og skólatap barna sé ekki boðlegt. – kbg

Vogar styrkja kirkjukór barna

SVEITARSTJÓRNIR „Ljóst er að kórinn er kominn til að vera,“ segir séra Kjartan Jónsson, sóknarprestur Kálfatjarnarkirkju, í bréfi til sveitarfélagsins Voga.

Í bréfinu óskar Kjartan eftir 320 þúsund króna styrk fyrir launum stjórnanda barnakórs Kálfatjarnarkirkju fram á vor. Bæjarráð samþykkti að veita styrkinn.

„Kórinn var stofnaður á haustmánuðum 2015 og rekinn með framlagi frá sveitarfélaginu Vogum sem ég þakka kærlega fyrir,“ segir Kjartan í bréfinu. Stjórnandi kórsins er organisti Kálfatjarnarkirkju. – gar

Húsum á Vesturbakkanum rústað



Palestínsk kona í öngum sínum eftir að Ísraelsher jafnaði hús hennar á Vesturbakkanum við jörðu. Samkvæmt ísraelsku samtökunum Breaking the Silence rústaði herinn tugum heimila í bænum Jimba suður af borginni Hebron í gær en Ísraelar hafa bannað Palestínúmönnum að reisa hús á yfirráðasvæðum hersins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skólarnir á Norðurlandi verða ekki sameinaðir

MENNTAMÁL Fimm framhaldsskólur á Norðurlandi, frá Ólafsfirði til Húsavíkur, munu eiga með sér náð samstarf strax á næsta skólaári. Ekki mun koma til sameiningar skólastofnana. Er það niðurstaða skýrslu starfshóps um stöðu og framtíð framhaldsskólustarfs á norðaustursvæði sem skilað var til ráðuneytis menntamála í síðustu viku.

Mennta- og menningarmálaráðherra kynnti í sumar þá ákvörðun að kortleggja starfsemi menntaskóla á norðaustursvæði með skipan starfshóps með heimamönnum. Í Eyjafirði eru þrjú menntaskólar, einn í Ólafsfirði og tveir á Akureyri en einnig eru tveir í Þingeyjar-sýslum; á Laugum í Reykjadal og á Húsavík.

„Mér líst vel á þessar hugmyndir og það verður spennandi að fast við þetta verkefni,“ segir Lára Stefánsdóttir, skólameistari MTR á Tröllaskaga, sem er ánægð með að samvinna verði ofan á í stað sameiningar skóla. „Samvinnuleiðin er farsælli, þá fer orka í að efla nám fyrir nemendur, auka valmöguleika og styrkja faglega innviði í stað þess að orkan fari í stjórnsýslubreytingar.“

Tilgangurinn er að styrkja menntaskólana í því að bjóða nemendum greiðan aðgang að lögbundnu og fjölbreyttu námsframboði. „Nemendapróun á norðaustursvæði hefur verið á þann veg að nemendum skólanna hefur fækkað á undanförmum árum vegna minni árganga upp úr grunnskóla og útlit er fyrir að svo geti orðið áfram,“ segir í skýrslunni sem send var ráðherra.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur rætt við heimamenn og hann segir gott hljóð í skólameisturum á svæðinu. „Ég átti fund í upphafi vikunnar með skólastjórnendum framhaldsskól-



Ég átti fund í upphafi vikunnar með skólastjórnendum framhaldsskólanna og sveitarstjórnarmönnum vegna málsins. Það er samhljómur í þeim hópi um að stíga skref í átt að frekara samstarfi.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra

anna og sveitarstjórnarmönnum vegna málsins. Það er samhljómur í þeim hópi um að stíga skref í átt að frekara samstarfi, með það að markmiði að nemendur á svæðinu geti áfram notið góðs náms í sinni heimabyggð,“ segir Illugi. „Ég er ánægður með að málinu skuli miða með þessum hætti, á grundvelli tillagna frá þeim sem best þekkja til þess. Það er mjög jákvætt að það sé vilji til að samnýta krafta allra til að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með, nemendum til hagsbóta.“ sveinn@frettabladid.is

Samningi landað við ríkið eftir 27 ára bið

Um miðjan mánuð kemur í ljós hvort samningar sem skrifað var undir í Karp-húsinu aðfaranótt þriðjudags verði samþykktir. Verkfalli vélstjóra og skipstjórnarmanna var frestað og verkfalli flugvirkja hjá Samgöngustofu aflýst.

KJARAMÁL Samningar náðust í þremur kjaradeilum hjá ríkissáttasemjara aðfaranótt þriðjudags. Verkfalli vélstjóra og skipstjórnarmanna á kaupskipum sem boðað var til frá miðnætti var frestað og verkfalli flugvirkja sem starfa hjá Samgöngustofu, sem staðið hefur frá 11. janúar, hefur verið aflýst.

Flugvirkjafélag Íslands fagnar því að samningur sé í höfn, en sóst hafi verið eftir samningi við ríkið vegna flugvirkja sem starfa hjá Samgöngustofu (áður Flugmálastjórn) allt frá árinu 1989. Birkir Halldórsson, formaður samninganefndar Flugvirkjafélagsins, segir ráð fyrir því gert að niðurstaða kosningar um nýjan samning liggja fyrir eftir hálfan mánuð, en hjá Samgöngustofu starfa sex flugvirkjar.

Hann segir að nýi samningurinn nái vel utan um það sem farið hafi verið fram á, en kjör flugvirkjanna taki eftir sem áður mið af starfskjörum annarra flugvirkja sem hjá ríkinu starfi. Helsta baráttumálið hafi verið að ná fremri samningi til handa þessum starfsmönnum. Hann sé því bjartsýnn á að samningurinn verði samþykktur. „Ég veit eiginlega ekki á hverju hefur strandað, kannski viljaleysi af hálfu ríkisins að semja,“ segir hann um af hverju þessi hópur hafi verið án samnings í 27 ár. „Því miður þurfti verkfall til að fá þetta fram, en nú er það komið.“

Þá greinir Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, frá því á vef félagsins að unnið sé að því að ganga frá nýjum



Verkfalli vélstjóra og skipstjórnarmanna hefði haft áhrif á hluta skipaflota bæði Eimskips og Samskipa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Því miður þurfti verkfall til að fá þetta fram, en nú er það komið.

Birkir Halldórsson, formaður samninganefndar Flugvirkjafélags Íslands

kjarasamningi eftir að samningar náðust á fjórða tímanum aðfaranótt þriðjudagsins í kjaradeildu vélstjóra og skipstjórnarmanna á kaupskipum. Verkfalli sem hófst þá á miðnætti var frestað til fimmtánda þessa mánaðar,

en stefnt er að því að atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning verði lokið fyrir föstudaginn tólfta. Samningurinn var unninn á grunni SALEK-samkomulagsins.

Þriðji samningurinn, sem undirritaður var í Karp-húsinu á mánuðag, var á milli SFR og SÁÁ og nær til áfengis- og vímuefnaráðgjafar og dagskrárstjórnar. Á vef SFR er samningurinn sagður á „svipuðum notum“ og samningar sem þegar hafi verið gerðir. Hann verður borinn undir félagsmenn og niðurstaða á að liggja fyrir tólfta þessa mánaðar.

olikr@frettabladid.is

Rýmum til miðvikudag – fimmtudag – föstudag – laugardag

STÓRLÆKKAD VERÐ

Fullt af bílum – frábær lánakjör

Aðeins fjórir dagar – opið í dag kl. 10–18

BMW X5

Árg. 2007, ekinn 128 þús. km, bensín, 351 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 6.290.000 kr.

Verð nú
5.480.000 kr.

70.900 kr. á mán. í 48 mán.*
Allt að 80% lán í boði.



Honda Civic

Árg. 2012, ekinn 40 þús. km, bensín, 142 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.590.000 kr.

Verð nú
2.190.000 kr.

18.700 kr. á mán. í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

Porsche Cayenne Turbo S

Árg. 2006, ekinn 107 þús. km, bensín, 522 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 4.990.000 kr.

Verð nú
3.890.000 kr.

64.200 kr. á mán. í 36 mán.*
Allt að 80% lán í boði.



BMW 320D

Árg. 2007, ekinn 155 þús. km, dísil, 177 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.

Verð áður: 2.790.000 kr.

Verð nú
2.150.000 kr.

31.000 kr. á mán. í 42 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

Mercedes-Benz GLK 250 4 Matic

Árg. 2011, ekinn 90 þús. km, dísil, 205 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 5.290.000 kr.

Verð nú
4.890.000 kr.

41.400 kr. á mán. í 36 mán.*
Allt að 80% lán í boði.



Nissan Patrol GR

Árg. 2009, ekinn 121 þús. km, dísil, 161 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 4.390.000 kr.

Verð nú
3.790.000 kr.

49.000 kr. á mán. í 48 mán.*
Allt að 65% lán í boði.

Kia Sportage EX X-TRA 4WD

Árg. 2014, ekinn 110 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 4.590.000 kr.

Verð nú
3.990.000 kr.

43.300 kr. á mán. í 60 mán.*
Allt að 65% lán í boði.



Mercedes-Benz C 200 Kompressor

Árg. 2007, ekinn 110 þús. km, bensín, 164 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.

Verð áður: 2.250.000 kr.

Verð nú
1.690.000 kr.

24.800 kr. á mán. í 42 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

Mercedes-Benz B 180 CDI

Árg. 2013, ekinn 36 þús. km, dísil, 109 hö., beinskíptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 3.990.000 kr.

Verð nú
3.390.000 kr.

28.800 kr. á mán. í 84 mán.*
Allt að 85% lán í boði.



Mercedes-Benz C 200 cdi

Árg. 2013, ekinn 18 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.

Verð áður: 5.590.000 kr.

Verð nú
4.890.000 kr.

42.200 kr. á mán. í 84 mán.*
Allt að 90% lán í boði.

* Mánaðargreiðsla m.v. 50% fjármögnun. Vextir eru frá 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 11,13%



ASKJA NOTAÐIR BÍLAR • Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími 590 2160 • www.notadir.is



NOTAÐIR BÍLAR



Ted Cruz, hinn óvænti sigurvegari repúblikana í Iowa, ásamt föður sínum, Rafael Cruz. Kannanir höfðu bent til þess að mótherjinn, Donald Trump, myndi sigra í Iowa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Úrslitin í Iowa komu flestum á óvart

Clinton og Sanders nánast hnífjöfn en Cruz vann óvæntan sigur á Trump. Rubio gerir sér síðan vonir um að þriðja sætið gefi honum forskot á aðra. Jeb Bush eyddi nærri tveimur milljörðum króna í auglýsingar í Iowa. Hann náði ekki nema rétt 2,8 prósentum atkvæða.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

BANDARÍKIN Úrslitin úr forkosningum repúblikana og demókrata í Iowa reyndust harla frábrugðin því sem skoðanakannanir höfðu bent til.

Fyrirfram virtist Hillary Clinton eiga nokkuð öruggan sigur vísan meðal demókrata en hún fékk innan við hálfu prósentu meira en Bernie Sanders, sem lengst af þótti frekar ólíklegur til stórvirkja.

Clinton lýsti yfir sigri en Sanders fór fram á að öll gögn um atkvæðatalningu yrðu birt svo hægt verði að fara yfir þau.

Sanders fagnaði hins vegar árangrinum og sagði þetta góða byrjun á kosningabaráttunni: „Kvöldið í kvöld sýnir bandarísku þjóðinni fram á að þetta er kosningaframboð sem getur sigrað,“ sagði hann þegar úrslitin lágu fyrir.

Martin O'Malley, þriðji maðurinn í Demókrataflokknum sem sóst hefur eftir útnefningu, tilkynnti svo í gær að hann væri hættur.

Honum hafði lengi verið spáð vel innan við fimm prósentu fylgi og fékk svo ekki einu sinni eitt prósent atkvæða í Iowa.

Í herbúðum repúblikana beið milljarðamæringurinn Donald Trump síðan óvænt ósigur fyrir öldungadeildarþingmanninum Ted

Cruz, sem hefur ekki síður en Trump vakið furðu fyrir undarlegar yfirlýsingar.

Í þriðja sæti hjá repúblikönnum varð Marco Rubio, sem gerir sér nú vonir um að fá helstu ráðamenn flokksins til að fylkja sér að baki honum. Hann sé nú eina von ráðsettari afla innan flokksins, sem ættu erfitt með að sætta sig við utan-garðsmennina og ólíkindatólin Cruz og Trump.

„Þetta er augnablikið sem þeir sögðu að aldrei gæti komið,“ sagði Rubio þegar úrslitin voru ljós. „Mánudum saman sögðu þeir að við ættum engan möguleika.“

Annar repúblikani, sem er í náðinni hjá flokkseigendamaskínunni,

» 9. febrúar verða næstu forkosningar, í New Hampshire.

Úrslitin í Iowa

Demókratar	
Hillary Clinton	49,86%
Bernie Sanders	49,57%
Martin O'Malley	0,57%

Repúblikanar	
Ted Cruz	27,65%
Donald Trump	24,31%
Marco Rubio	23,09%
Ben Carson	9,31%
Rand Paul	4,54%
Jeb Bush	2,80%

er Jeb Bush, fyrrverandi ríkisstjóri í Flórída. Hann fékk hins vegar ekki nema 2,8 prósent atkvæða og lenti í sjötta sæti þrátt fyrir að hafa eytt nærri tveimur milljörðum íslenskra króna í kosningaauklýsingar í Iowa. Þetta er meira fé en nokkur hinna frambjóðendanna notaði þar.

Repúblikaninn Mike Huckabee sagðist í gær vera hættur við framboð, enda fékk hann ekki nema 1,8 prósent atkvæða. Enn eru þó ellefu eftir í slagnum hjá Repúblikanaflokknum, þótt sjö þeirra hafi ekki náð fimm prósentu fylgi.

Næstu forkosningar verða haldnar í New Hampshire í næstu viku, en forsetaefni flokkanna verða endanlega valin á landsþingum þeirra í júlí.

ÖSKUDAGUR
LÆKKAD VERÐ!

HOKUS POKUS
hokuspokus.is

Minna fugla- og dýralíf í Heiðmörk en fyrri ár

NÁTTÚRA Viðkoma villtra fugla og spendýra í Heiðmörk var minni árið 2015 en fyrri ár. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu Hafsteins Björgvinssonar, eftirlitsmanns Veitna [dótturfélags Orkuveitu Reykjavíkur] með vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins.

Minna var um fugl af flestum tegundum árið 2015 en fyrri ár. Gæsum fækkaði og flestum andategundum. Skógarfuglunum fækkar líka flestum á milli ára en meira var þó um steindépil og maríuerlu en árið 2014 og svartþröstur er stöðugt að gera sig heimakomnari í Heiðmörkinni, segir í frétt á heimasíðu OR.

Glóbrýstingur og skutulönd eru nýjar tegundir sem nefndar eru í skýrslunni í ár en báðar tegundir eru flækningar hér á landi.

Sömu sögu er að segja af spendýrum. Minna var um mýs, kanínur

» Minna var um fugl af flestum tegundum árið 2015 en fyrri ár. Gæsum fækkaði og flestum andategundum. Skógarfuglunum fækkar líka flestum á milli ára.

færri og veiddir minkar voru færri en mörg fyrri ár, eða átta talsins.

Skýrslur Hafsteins hafa nú komið út samfelld í 20 ár og gefa góða mynd af því hvernig villt dýr hafast við í Heiðmörk. Heiðmörkin nýtur verndar sem vatnsverndarsvæði en er einnig nýtt til skógræktar og úti-vistar. Mest er þar um fugla en líka villt spendýr á borð við mýs, refi, minka og kanínur í seinni tíð. – shá



Kanínur hafa í seinni tíð verið æ meira áberandi í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



STÆRD 6"

16.900 m/vsk



3.900 m/vsk



7.900 m/vsk



7.900 m/vsk



5.900 m/vsk



8.900 m/vsk

SKÓTÖNG 6 STK

Öflug rafmagnstöng
Til að krumpa rafmagnsskó
6 skiptanlegir kjaftar fylgja með

vnr IBTGAAI0704

9.900 m/vsk

Fullt verð 16.727



TILBOÐ

SKÓTÖNG 7 STK

Rafmagnstöng
Til að krumpa rafmagnsskó
5 skiptanlegir kjaftar fylgja með

vnr IBTGAAI0605

8.900 m/vsk

Fullt verð 12.846



LOFTLYKILL - 1085NM

1/2" hex -
2,3 kg, 90 PSI/6.2 BAR
Lengd 197mm
Slær tvisar á hring

vnr IBTKAAJ1680

29.900 m/vsk

Fullt verð 48.482



NÝTT - TWIN HAMMER

TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" toppar 8 - 32mm
Skrall. framlengingar, liður
Framlenging m/ LED ljósi

IBTGCAI2802

8.900 m/vsk

Fullt verð 11.955



TOPPLYKLA OG BITASETT 51 STK

1/4" toppar 4 - 14mm
Toppur, bitar
og sexkantsett

IBTGCAI5102

5.900 m/vsk

Fullt verð 10.417



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 22.073



TILBOÐ

TOPP,- OG BITASETT 55 STK

Toppur 1/2" 10 - 32 mm
Djúpir toppar 10 - 22mm
Torx, kertatoppur og fl
Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI5502

13.900 m/vsk

Fullt verð 19.636



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 151 STK

Toppur 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppur, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

27.900 m/vsk

Fullt verð 39.688



7 SKÚFFUR

283 verkfæri 177.750 m/vsk



5 SKÚFFUR

157 verkfæri 129.900 m/vsk



Gengið alla leið í hömlunum



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Víðbrögð við nýjasta áfellsdómi yfir íslenski stjórnarsýslu eru umhugsunarverð. EFTA-dómstóllinn komst að því nú í byrjun vikunnar að innflutningsbann ríkisins á fersku ófrosnu kjöti staðist ekki ákvæði EES um frjálst flæði vöru og þjónustu á innri markaði Evrópu.

Í Fréttablaðinu í gær er rætt við Vilhjálm Svansson, dýralækni á tilraunastöð Háskólans að Keldum, sem segir um sorgartíðindi að ræða fyrir þá sem beri fyrir brjósti lýð- og dýraheilsu. „Ísland er eyja og við njótum þeirrar landfræðilegu einangrunar þegar kemur að smitsjúkdómum í mönnum og dýrum,“ segir hann. Einangrunin sé auðlind sem spillt sé með því að leyfa innflutning á fersku kjöti.

Lineik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, tók málið upp í umræðum um störf þingsins á Alþingi í gær og sagði það valda sér áhyggjum. „Samkvæmt áliti dómstólsins kveður EES-samningurinn á um að aðildarríkjum hans beri að leyfa innflutning á fersku kjöti svo framarlega sem það hefur staðist heilbrigðis- eftirlit í heimalandinu. Ekki sé heimilt að gera þá kröfu að afurðirnar verði frýstar eins og íslensk stjórnvöld hafa alltaf krafist,“ sagði hún.

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokks og landbúnaðarráðherra, sagði í blaðinu í gær líka viss vonbrigði að EFTA-dómstóllinn hefði ekki skilning á þeim sjónarmiðum sem hér hefði verið lögð áhersla á.

Líklega er það vegna þess að þessi sjónarmið halda engu vatni og virðast augljós fyrirsláttur til þess eins að vernda innlenda framleiðslu fyrir erlendri samkeppni. Um er að ræða samninga sem ritað hefur verið undir án þess að tilraun hafi verið gerð til að fá undanþágu á þeim heilbrigðisforsendum sem notaðar eru þegar lagður er steinn í götu innflutnings. Þá má rifja upp mat yfirdýralæknis frá 2008 um að meiri hættu væri á að hingað bærust framandi dýrasjúkdómar með fólki en með löglega innfluttu kjöti.

Sé mönnum hins vegar alvara um þá miklu hættu sem stafi af sjúkdómum í útlöndum sem ekki hafi náð hingað þá hlýtur að liggja beinast við að segja okkur þegar frá samningum sem kveða á um að heimila beri innflutning á móti aðgangi sem innlendir framleiðendur fá að mörkuðum í útlöndum. Þeir verða bara að selja sinn varning hér heima.

Þá hljótum við um leið að grípa til tafarlausa ráðstafana til að tryggja að sá straumur ferðafólks sem hingað kemur úr öllum heimshornum beri ekki með sér sjúkdóma og óáran sem ógnað gæti viðkvæmri íslenski náttúru; kannski sótthreinsiferli fyrir fólkið sjálf, skótau, fatnað og annan farangur?

Valkosturinn, sem hugsanlega er skynsamlegri, er að standa við gerða samninga og treysta þeim kröfum sem gerðar eru til heilnæmis landbúnaðarafurða í löndum Evrópusambandsins, sem vel að merkja eru sömu kröfur og gerðar eru hér.



Þá hljótum við um leið að grípa til tafarlausa ráðstafana til að tryggja að sá straumur ferðafólks sem hingað kemur úr öllum heimshornum beri ekki með sér sjúkdóma og óáran sem ógnað gæti viðkvæmri íslenski náttúru.

Halldór



Frá degi til dags

Vilja formannsskipti
Tveir þingmenn Samfylkingarinnar fóru nýlega fram með frumvarp um að banna verðtryggingu. Þar voru að verki þingflokksformaður og fyrrverandi formannsframbjóðandi flokksins. Formaður flokksins brást hart við og sagði þetta ekki koma frá Samfylkingunni. Nokkru áður hafði Össur Skarphéðinsson sagt að núverandi formaður ætti að hugsa stöðu sína í viðtali við DV. Enn á ný birtist í gær skoðun fjórða þingmannsins, Ólínu Þorvarðardóttur, um að nú ætti að flýta formannskosningum. Þingflokkur Samfylkingar er nú ekki stór fyrir en rúmur helmingur þingflokks er ekki í takt við formanninn. Fleiri vísbendingar eru óþarfar fyrir fólk með hæfilega langt pólitískt nef.

Úlfur, úlfur
Vigdís Hauksdóttir og Eygló Harðardóttir eiga að segja af sér vegna ummæla sinna um opinbera starfsmenn. Þetta sagði Oddný Harðardóttir í þingræðu í gær. Þar vitnar hún til þess að þær hafi beint orðum sínum að starfsmönnum ráðuneytisins en ekki ráðherranum sjálfum. Vissulega er rétt að gagnrýni á að fara réttar boðleiðir. Hins vegar verður að nota „afsagnar-spilið“ með gát. Ráðherrar eiga að segja af sér ef þeir brjóta af sér í starfi eða flækjast í vefspillingar. Hins vegar má ekki krafan um afsögn tapast eins og í dæmisögunni um smalann sem öskraði úlfur, úlfur. sveinn@frettabladid.is

Af launahækkunum dómara



Skúli Magnússon
formaður
Dómarafélags
Íslands

Fréttablaðið fjallar enn á ný um launahækkunir dómara í gær, nú í forsiðufrétt undir þeim formerkjum að eftirlaun fyrrverandi dómara eða maka þeirra hafi hækkað verulega eða um 26%. Vísad er til framkvæmdastjóra LSR um að ekki sé dæmi um viðlíka hækkun hjá öðrum skjólstæðingum sjóðsins og þetta „standi verulega út úr“.

Í fréttinni er sett spurningarmerki við það hvernig forsendur í úrskurði kjararáðs 17. desember sl. eigi við um fyrrverandi dómara, eða maka latínna dómara, sem munu vera alls 29 að tölu. Líkt og í fyrri fréttatvöngu blaðsins er hér gefið í skyn að dómara hafi fengið verulegar hækkunir umfram aðra.

Frá árinu 2009 höfðu laun dómara þróast þannig að þau samanstóðu af verulegu leyti af yfirvinnugreiðslum sem ákveðnar voru frá ári til árs. Þessi launagrunnur dómara var löngu orðinn óásættanlegur, m.a. með hliðsjón af alþjóðlegum viðmiðum um kjör dómara og sjálfstæði þeirra í starfi. Það var þó ekki fyrir en með umræddum úrskurði kjararáðs að þetta var lagfært að nokkru og laun dómara í auknum mæli skilgreind sem grunnlaun.

Frásagnir Fréttablaðsins af margra tuga launahækkun dómara voru þó úr lausu lofti gripnar – heildarlaun dómara hækkðu um 8%. Var sú hækkun hófleg samanborið við þróun launa annarra sem heyrja undir kjararáð svo ekki sé minnst á launaskrið á almennum vinnumarkaði.

Hækkun grunnlauna dómara leiddi til þess að eftirlaun þeirra sem falla undir svonefnda eftirmannsreglu tóku í ríkara mæli mið af launum dómara í reynd, en á þessu hafði verið vaxandi misbrestur. Þessi breyting fól í sér sanngjarna og eðlilega leiðréttingu á eftirlaunum þessara dómara eða maka þeirra. Það er virðingarleysi við aðstæður og ævistarf þessa fólks að láta að því liggja að það hafi með úrskurði kjararáðs 17. desember sl. fengið óvenjulega eða óeðlilega hækkun eftirlauna sinna.



Þessi breyting fól í sér sanngjarna og eðlilega leiðréttingu á eftirlaunum þessara dómara eða maka þeirra.

Til Kína með konu sem kann sitt Kína

19 daga ævintýraferð til Kína,
4. – 22. júní á ári spans.

Allt innifalið, já allt innifalið!
Kr 660 þúsund á mann.

Drífdú þig með til Kína,
í fróðleiks- og skemmtiferð.

Kínaklúbbur Unnar
Njálsgötu 33, 101 Reykjavík
sími: 551 2596, farsími: 868 2726
Vefsíða: www.kinaklubbur.weebly.com
Netfang: kinaklubbur@simnet.is



Endurreisn heilbrigðiskerfisins



Laufey Tryggvadóttir klinískur prófessor við læknadeild og framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands



Þessi ungu hjón hafa nú þremur árum eftir greiningu krabbameinsins greitt hátt í 1,5 milljónir króna fyrir heilbrigðisþjónustu!

Allt of lengi hefur íslenska heilbrigðiskerfinu hrakað jafnt og þétt fyrir augunum á okkur. Eflaust hefur margan langað til að reyna að grípa í taumana, en svo líður tíminn og lítið gerist.

Nú er íslenska þjóðin að vakna af þyrnirósarsvefninum og prinsinn er enginn annar en Kári Stefánsson. Sem betur fer hafa tugþúsundir nú þegar undirritað kröfu um nauðsynlegar úrbætur. Fyrir þá sem enn eru að hugsa sig um langar mig að benda á þrjú nýleg dæmi um vandann. Dæmin eru tekin úr mínu nærumhverfi og sett fram með vitneskju og vilja aðstandenda.

Ég á yndislegan ungan frænda sem hefur þurft að glíma við andlega vanlíðan í nokkur ár. Hann fær ekki notið sín við nám eða vinnu og stundum langar hann ekki til þess að lifa lengur. Það hefur úrslitaáhrif fyrir framtíð hans að fá nú þegar hjálp góðra sérfræðinga til að takast á við vandann, en fram að þessu hafa ítrekaðar tilraunir hans og móður hans ekki borið árangur.

Barna- og unglingsgeðdeildin annar engan veginn öllum þeim sem þurfa þar á hjálp að halda; helst þarf viðkomandi að hafa reynt sjálfvíg eða vera í mikilli lífshættu til að dyrunum sé lokið upp. Hér þarf að bæta verulega í.

Aðra söguna hef ég eftir magnaðri, ungru dugnaðarkonu sem er varaformaður Krafts, félags ungs fólks með krabbamein. Maður hennar greindist á þrítugsaldri með alvarlegt krabbamein. Þessi ungu hjón hafa nú þremur árum eftir greiningu krabbameinsins greitt hátt í 1,5 milljónir króna fyrir heilbrigðisþjónustu!

Hvernig getum við réttlætt þá niðurstöðu gagnvart þessu unga fólki sem á sama tíma hefur lítið getað unnið vegna veikindanna og þyrfti miklu frekar á fjárstuðningi að halda? Við erum ekki vanmáttugri en nágrannalöndin sem bjóða sömu þjónustu án endurgjalds.

Ávallt sendur heim aftur

Þriðja sagan er um heiðursmann sem dó fyrir skömmu. Hann var kominn yfir nírátt, með lokastig hjartabilunar og þótt andinn væri sterkur var hann orðinn nánast ósjálfbjarga vegna máttleysis og andnaudar. Svipað ástand eigum við flest eftir að upplifa áður en yfir lýkur.

Hann gat í raun tæpast verið heima síðasta árið og þurfti að fara níu sinnum á sjúkrahús en var ávallt sendur heim aftur, til þess eins að fara enn eina ferðina inn á hjartagátt eða bráðamóttöku í sjúkrahúsi. Fárveikur þurfti hann að aðlagast mörgum ólíkum deildum og stöðugt nýju starfsfólki.

Öldrunardeildin var nánast alltaf fullbókuð og þangað komst hann aðeins einu sinni þótt þar ætti hann auðvitað best heima. Ekki fékk hann heldur að deyja á okkar einu líknardeild með þeirri frábæru fagþekkingu sem þar er til staðar.

Nei, hann kvaddi þennan heim á smitsjúkdómadeild þar sem hann hafnaði eftir beinbrot, vegna þess að allar aðrar deildir voru fullar. Þar lá hann í fjóra sólarhringa í næsta rúmi við órólegan mann sem var langt leiddur af fíknisjúkdómi, og hegðun hans var slík að hinn aldraði heiðursmaður, bjargarlaus, óttaðist árás af hans hálfu. Vitum við ekki að öldruðum og þeim sem þurfa á líknarþjónustu

að halda fjölgar jafnt og þétt? Við erum mjög langt frá því að geta sinnt þessum hópi sómasamlega í dag, hvað þá heldur hinum aukna fjölda næstu ára. Gleymum því heldur ekki að fyrr en varir kemur að okkur sjálfum, líka þeim sem í dag eru ungr og heilbrigðir.

Ofanskráð eru aðeins þrjú af þúsundum dæma sem sýna hve þörfin er sterk fyrir úrbætur. Þess vegna fagna ég heils hugar framtaki Kára Stefánssonar og hvet alla til að skrifa undir á síðunni www.endurreisn.is okkur öllum til heilla.



30! years 4MATIC



Tveir nýir lúxusjeppar Mercedes-Benz GLE og GLE Coupé

Afl, snerpa og tækninýjungar einkenna nýja Mercedes-Benz GLE og GLE Coupé. **GLE** er byggður á hinum vinsæla ML og kemur nú í nýrri útgáfu og **GLE Coupé** er nýr bíll þar sem við finnum fyrir nærveru sportjeppans bak við glæsilegt og sportlegt Coupé-yfirbragðið. Báðir bjóða þeir upp á DYNAMIC SELECT kerfið með fimm akstursstillingum sem auðvelda þér aksturinn og 9G-Tronic sjálfskiptingin vinnur með þér við allar aðstæður. Að sjálfsögðu eru þeir búnir hinu háþróaða 4MATIC fjórhjóladrifi.

Komdu og reynsluaktu frábærum lúxusjeppum.

Mercedes-Benz

The best or nothing.





Hann er vinsæll og veit af því. Þjóðhetjan Dagur Sigurðsson verður í öllum vinsælustu sjónvarpsþáttum Þýskalands á næstunni. FRÉTTABLAÐID/ÉPA

Þjóðhetjan fékk frían leigubíl

Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Þýskalands, er orðinn þjóðhetja í Þýskalandi eftir að hafa stýrt Þjóðverjum til sigurs á EM. Áhuginn á landsliðinu náði nýjum hæðum eins og hann upplifði í leigubílsferð.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is



HANDBOLTI „Það var gríðarlega gaman fyrir mig að móttökuathöfnin skyldi fara fram á mínum gamla heimavelli,“ segir þýska þjóðhetjan Dagur Sigurðsson en hann sveif enn um á bleiku skýi er Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

Þá var hann að klára líklega einn eftirminnilegasta sólarhring sem hann hefur lifað. Dagurinn byrjaði á því að Þýskaland varð Evrópumeistari undir hans stjórn í Póllandi og endaði á glæsilegri sigurathöfn í Berlín um sólarhring síðar. Hún fór fram í húsinu þar sem hann stýrði Fúchse Berlin um árabíl.

„Það voru tíu þúsund manns í Max Schmeling-höllinni og komust færri að en vildu. Það þurfti að vísa fólki frá. Það var allt brjálada þarna og ótrúleg stemning. Þetta var ótrúlega skemmtilegt. Það voru margir stuðningsmenn Fúchse þarna og ég fékk því flottar móttökur.“

Þurfti að fresta Japansferð

Það er búid að vera brjáladað að gera hjá landsliðsþjálfaranum síðan bikarinn fór á loft. Allir vilja tala við hann og Dagur þarf að sinna fjölmörgum áfram næstu daga.

„Ég er búinn að fara í ótrúlega mikild af viðtölum. Ég er búinn að vera að heiman í fjórar vikur og var að vonast eftir því að geta slakað aðeins á heima en nú er ég á leiðinni til Hamborgar í dag. Fer til Kólnar á morgun og svo Nürnberg og Mainz. Þessi vika er uppbókud,“ segir Dagur en þetta fjölmörga ferðalag hefur breytt áætlunum hans.

„Ég ætlaði að fara til Japans en þurfti að fresta þeirri ferð út af þessum skuldbindingum. Þessi áhugi er kominn aðeins út fyrir handboltann líka. Nú er ég að fara í spjallþætti og

svona. Ég skil vel að Handknattleikssambandið vilji nýta mig í þetta til þess að sækja fram fyrir íþróttina á meðan við erum í svíðsljósinu. Þetta er min vinna.“

Sagði Merkel að ganga á Íslandi

Það er óhætt að tala um handboltaæði í Þýskalandi þessa dagana enda hefur áhuginn á mótinu og þýska liðinu verið ótrúlegur og náði ásviðað hámarki í úrslitaleiknum. Stærstu stjórnur Þýskalands hafa tist um landsliðið og Angela Merkel kanslari hringdi í Dag í tvígang. Hvernig er að vera orðinn þjóðhetja í Þýskalandi?

„Það er mjög skrítið. Við hjónin fórum heim í leigubíl í gær og leigubílstjórinn neitaði að taka við borgun. Ég hef aldrei lent í því áður. Leigubílstjórinn var svona ánægður með landsliðsþjálfaranum sinn. Þetta var magnað,“ segir Dagur og hlær. Honum fannst líka gaman að heyra í tvígang frá Angelu Merkel.

„Það var mjög skemmtilegt að heyra í henni eftir að við komumst í úrslit og mjög gaman að hún skyldi hringja líka aftur eftir úrslitaleiknum. Kallinn er bara kominn á „speed dial“ hjá henni,“ segir Dagur léttur en hann hvatti þýska kanslarann til að koma til Íslands.

„Ég hafði frétt að hún væri mikil göngukona og ég áréttaði við hana að hún ætti að nýta sér góðar göngu-leiðir á Íslandi og heitu pottana. Ég bauð mig nú ekki fram sem leiðsögumann en skal taka það að mér ef hún vill.“

Landsliðið vinsælla en Bayern

Allar helstu íþróttastjórnur Þýskalands tjádu sig um landsliðið á Twitter og meira að segja keisarinn Franz Beckenbauer gerði það líka. Slik var stemningin fyrir liðinu.

Landsliðsþjálfarinn segist hafa heyrt að um 17 milljónir Þjóðverja hafi fylgst með úrslitaleiknum. Það

Alltaf einhver spennuhrollur í mér

Eitt sem vakti athygli á EM er að Dagur var alltaf í ermasíðum bol undir pólóbólum sem hann skartaði á mótinu. Fréttamanni lék forvitni á að vita af hverju það væri.

„Það er eiginlega út af því að mér er alltaf kalt,“ segir Dagur en það er frekar skrítið þar sem iðulega er vel heitt í íþróttahöllunum.

„Það er alltaf einhver spennuhrollur í mér. Ég var búinn að panta mér síðerma jakka fyrir mótið en það vantaði styrktaraðila á treyjuna og því varð ég að fara í pólóbólinn. Þegar ég var að þjálfa Fúchse þurfti ég líka stundum að gera þetta því jakkinn sem ég vildi vera í var ekki í réttum lit. Þetta er engin tiskuyfirlýsing hjá mér. Mér er bara kalt.“

segir allt sem segja þarf um handboltaæðið í Þýskalandi.


„Þetta eru ansi hraustlegar tölur sem maður hefur ekki kynnst. Mesti munurinn er sá að þarna er fólk farið að horfa á sem alla jafna horfir ekki á handbolta,“ segir Dagur ánægður með hafa náð þjóðinni að skjánum.

„Þetta er áður óþekkt áhorf. Bayern München er kannski að spila á sama tíma en öll þjóðin er að horfa á handbolta.“

Átti ekki von á þessum árangri

Það þarf vart að tala mikil um þann ótrúlega árangur sem Dagur náði. Hann var með yngsta liðið á mótinu og forföllin í liðinu voru slik að þetta var í raun B-lið þýska liðsins sem varð Evrópumeistari. Ótrúlegt afrek sem seint verður leikið eftir en leyfði hann sér nokkurn tíma að dreyma um að liðið færi alla leið?

„Nei, ég gerði það ekki. Ég er tilþululega stutt á veg kominn með liðið og ekkert langt síðan ég byrjaði með það. Ég var með alveg nýtt lið í höndunum og hugsanlega hefði ég látið mig dreyma ef ég hefði verið með mitt sterkasta lið. Frá HM í



Katar voru ellefu eða tólf breytingar á hópnum. Við höfðum samt spilað vel í eitt og hálf ár en ég sá þetta nú ekki fyrir. Menn meidast svo í mótinu og það er þriðji fyrirliði liðsins sem lyftir bikarinn að lokum,“ segir Dagur og getur ekki annað en hlegið.

„Við vorum með einn vinstri hornamann sem hafði ekki spilað 40 leiki heldur 40 mínútur. Svo erum við með tvær hetjur í lokin sem horfðu á riðlakeppnina og milliriðilin í sófanum heima hjá sér. Við duttum á einhverja öldu sem tók okkur alla leið.“

Langt á undan áætlun

Er Dagur tók við liðinu var stefnan sett á að byggja upp nýtt lið sem myndi toppa á HM 2019 og Ólympíuleikunum 2020. Dagur er því langt á undan áætlun.

„Ég var búinn að hugsa að það væri gott að vera í topp átta í Póllandi og hafa því náð stöðugleika með liðið. Í kjölfarið væri hægt að fara að banka á undanúrslitasæti. Nú er tröppugangurinn farinn og við verðum að vera inni í undanúrslitum það sem eftir er,“ segir Dagur.

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Arsenal	0–0	Southampton
Leicester	2–0	Liverpool
Norwich	0–3	Tottenham
Sunderland	0–1	Man. City
West Ham	2–0	Aston Villa
C. Palace	1–2	Bournemouth
Man. Utd	3–0	Stoke
WBA	1–1	Swansea

Efst		Neðst	
Leicester	50	Bournemth	28
Man. City	47	Norwich	23
Tottenham	45	Newcastle	21
Arsenal	45	Sunderland	19
Man. Utd	40	Aston Villa	13

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði mark Swansea City í 1-1 jafntefli á móti West Brom á úti-velli. Hann hefur þar með skorað 4 mörk í 5 deildarleikjum á árinu 2016 eða í öllum leikjum nema einum. Gylfi skoraði 2 mörk í fyrstu 19 deildarleikjum tímabilsins.

King Gylfi Sig!

Teitur Örlýgsson
@teitur11



BALLIÐ BYRJAR Í BANDÝINU

Íslenska landsliðið í bandý mætir Rússlandi í dag í Nitra í Slóvakíu í fyrsta leik íslenska liðsins í undankeppni HM en þetta er í fyrsta sinn sem Ísland er með. Leikurinn hefst klukkan 15.30 og það er hægt að fylgjast með honum beint í gegnum YouTube-rás Alþjóðabandýsamandsins. Ísland mætir einnig Slóvakíu, Svíþjóð, Frakklandi og Belgíu á mótinu en tvær efstu þjóðirnar í riðlinum komast áfram sem og þær tvær sem ná bestum árangri í þriðja sæti.

VINNUR STÓRA SYSTIR AFTUR?

Haukakonan Helena Sverrisdóttir mætir litlu systur sinni Guðbjörgu Sverrisdóttur í kvöld þegar heil umferð fer fram í Domino's-deild kvenna í körfubolta. Haukakonur taka þá á móti Val en Valskonur hafa unnið fjóra síðustu leiki sína og eru á mikilli siglingu. Helena hefur fagnað sigri í öllum þremur leikjum sínum á móti litlu systur sinni á tímabilinu, tveimur í deild og einum í Lengjubikar. Helena er með 22,0 stig, 14,0 fráköst og 8,0 stoðsendingar að meðaltali í þessum þremur leikjum við Val í vetur en meðaltöl Guðbjargar eru 13,0 stig, 7,3 fráköst og 4,7 stoðsendingar.



Í dag

Olís-deild karla
19.30 Valur - Akureyri Valshöllin

Dominos-deild kvenna
19.15 Snæfell - Grindavík Stykkish.
19.15 Haukar - Valur Schenker-höll
19.15 Stjarnan - Hamar Ásgarður

Á sportinu

19.10 Stjarnan - Hamar Sport
19.35 Everton - Newcastle Sport3
19.35 Watford - Chelsea Sport2
19.35 Juventus - Genoa Sport4

MAZDA6 – NÚ FÁANLEGUR MEÐ NÝJU **SKYACTIV** FJÓRHJÓLADRIFI



MAZDA6 AWD FRÁ 5.290.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



mazda

Mazda6 AWD er glæsilegur og vel útbúinn fjórhjóladrifinn station bíll. Hann er jafnframt búinn miklum öryggisbúnaði líkt og blindpunktsaðvörn, nálægðarskynjum að framan og aftan og snjallhemlunarkerfi sem varar þig við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Mazda6 AWD er einnig búinn Rear Cross Traffic Alert búnaði sem nemur aðvífandi umferð þegar bakkað er úr stæði.

MAZDA6 VISION AWD STATION, BEINSKIPTUR 2,2 DÍSil 150 HÖ - FRÁ 5.290.000 KR.

MAZDA6 OPTIMUM AWD STATION, SJÁLFSKIPTUR 2,2 DÍSil 175 HÖ - FRÁ 6.090.000 KR.

Umframbúnaður OPTIMUM útfærslu:

- Leðuráklæði á sætum
- Rafstýrð framsæti
- Bílstjórásæti með minnisstillingu
- 19" álfelgur - 225/45 R19
- Veglínuskynjari
- Upphitanleg aftursæti
- Bose hljómkerti - 11 hátalarar
- Aðlögunarhæf LED framljós
- Framrúðuskjár fyrir hraða
- Bakkmyndavél
- Þjófavörn með hreyfiskynjara
- Lyklalaust aðgengi

Komdu og reynsluaktu Mazda6 AWD

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.


brimborg

Öruggur staður til að vera á

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1944 Hótel Ísland við Aðalstræti í Reykjavík brennur til kaldra kola. Einn maður ferst í brunanum.

1944 Bandarískar sveitir taka Marshall-eyjar.


1951 Dick Button vinnur bandaríska meistaramótið í listhlaupi á skautum í fjórða sinn í röð.

1959 Rokkstjörnurnar **Buddy Holly, Ritchie Valens og The Big Bopper** farast í flugslysi.

1981 Litla-Brekka við Suður-götu í Reykjavík, síðasti torfbær borgarinnar, er rifinn. Þar bjó Eðvarð Sigurðsson alþingismaður.

1990 Þjóðarsáttin er undirrituð.

1991 Fárviðri gengur yfir Ísland og verður mikið eignatjón. Sterkasta vindhviða sem mælst hefur á Íslandi, 237 km/klst., mælist í Vestmannaeyjum.



Veit núna af hverju ég er svona þver og þrá

Sagnakonurnar Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Sigurbjörg Karlsdóttir hefja námskeið fyrir konur í næstu viku sem þær nefna Til fundar við formæður. En fyrst er sögustund í Sivertsenhúsi í Hafnarfirði á föstudagskvöld og hún er bæði fyrir konur og karla.

„Markmiðið með námskeiðinu er að konur segi sögu einhversrar formóður sinnar eða frá ákveðnu þema úr lífi fleiri en einnar. Þær vinna auðvitað heimildarvinnu fyrst og sumar skrifa mikið í tengslum við verkefnið en þær eiga að segja söguna blaðalaust.“ Þannig lýsir Sigurbjörg Karlsdóttir tilgangi námskeiðsins Til fundar við formæður sem hún og Sigurborg Kr. Hannesdóttir eru að fara af stað með í næstu viku.

Námskeiðsdagar eru 8., 15. og 22. febrúar, milli klukkan 18.30 og 21.30. Þar fá þátttakendur ákveðna leiðsögn og þjálfun í að standa upp og segja sögu og enda á sjö til tíu mínútna frásögn.

Sigurborg segir námskeið þeirra Sigurbjargar hafa sprottið upp úr áhuga á sögum þeirra eigin formæðra. „Það var gefandi að fræðast um þessar konur og í gegnum þær kynntumst við sjálfum okkur betur.“ Það tekur Sigurbjörg undir. „Þegar ég fór að skoða sögu ömmu minnar og langömmu skildi ég af hverju ég er svona þrjósk og þrá og gefst aldrei upp.“

Þær stöllu ásamt Ragnheiði Þóru Grímsdóttur og Magneu Einarsdóttur verða með sögustund í Sivertsenhúsi í Hafnarfirði á Vetrarhátíð föstudagskvöldið 5. febrúar, klukkan 20 og aftur klukkan 21. Inn í sögur af formæðrum flétta þær sögulegum punktum, taka lagið þeim til heiðurs og Magnea ætlar að kveða. Allir eru velkomnir endurgjaldslaust, bæði konur og karlar og ekki þarf að skrá þátttöku fyrirfram. A námskeiðið þarf hins vegar að panta hjá Sigurborgu, sigurborg@ildi.is eða Sigurbjörgu, sibbak@simnet.is. gun@frettabladid.is



Þær Sigurbjörg og Sigurborg verða með sögustund í Sivertsenhúsi á föstudagskvöld.


MYND/ÚR EINKASAFNI



Einlægar þakkir flytjum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar móður okkar og tengdamóður,

Málmfríðar Sigurðardóttur fyrrum húsfreyju á Jaðri í Reykjadal.

Starfsfólk Lerkihlíðar og Beykihlíðar, Austurbyggð 17, fær sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju.



Þóra Haraldsdóttir
Sigurður Örn Haraldsson
Jón Lambi Haraldsson
Helgi Haraldsson
Margrét Haraldardóttir
Hólmfríður S. Haraldsdóttir
Sigríður Haraldsdóttir
og fjölskyldur.

Guðrún J. Svavarsdóttir
Sigurveig Björnsdóttir
Kristín Óladóttir
Jósef R. Sigtryggsson
Hjörleifur Gíslason
Gunnar Skúlason



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gylfi Sigurðsson

prentari,
Nygade 10, 6430 Nordborg, Danmörku,
lést 14. janúar síðastliðinn.
Kveðjustund hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hrafnhildur Guðmundsdóttir



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Stefánsson

Gullsmára 5, Kópavogi,
andaðist á Landspítalanum 28. janúar.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 5. febrúar kl. 15.00.

Elinborg Jónsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Börkur Aðalsteinsson
Kristján Þór Sigurðsson



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,

Guðmundur Magnússon

Skólagerði 51, Kópavogi,
lést á Landspítalanum í Fossvogi
28. janúar.

Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

Guðfinna Guðmundsdóttir
Rannveig L. Pétursdóttir
Magnús Pétursson
Tryggvi Þór Tryggvason
og barnabarnabörn.

Tryggvi Tryggvason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Erla Svanhvít
Guðmundsdóttir

Gullsmára 9, Kópavogi,
lést á Landspítala þann 30. janúar
síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá
Digraneskirkju þann 8. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar
vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst
hennar er bent á Barnaspítala Hringins.

Guðrún Jóna Þorbjörnsdóttir
Guðmundur Þorbjörnsson
Oddrún Þorbjörnsdóttir
Svanþór Þorbjörnsson
Katrín Magnea Þorbjörnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingibjörg Þorfinnsdóttir
Gunnar Jónsson
Þórey B. Magnúsdóttir
Stefán Ingólfsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðriðar Óskar Eliasdóttir
Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu og starfsfólk á deild 6b á Landspítalanum í Fossvogi fyrir góða umönnun.

Sjöfn Jónasdóttir
Eliás Jónsson
Þóra Stefánsdóttir
Silja Stefánsdóttir
Jónas Stefánsson
Klara Ósk, Ásta Júlía, Elín Lovísa, Stefán Ottó, Regina Von, Unnur Sjöfn og Auður Odda

Ingibjörg M. Ísaksdóttir
Kristinn Ó. Marteinson
Jón Ingvi Geirsson
Sigríður Gréta Sigfúsdóttir



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristján Árnason

flugvélafræðingur og flugstjóri,
Háaleitisbraut 139, Reykjavík,
sem lést 23. janúar síðastliðinn, verður
jarðsönginn frá Háteigskirkju föstudaginn
5. febrúar kl. 13.00.

Ragnheiður S. Ísaksdóttir
Anna Margrét Kristjánsdóttir
Elisabet Kristjánsdóttir
Árni Kristjánsson
Bjarki Freyr og Baldur Rafn

Páll Jónbjarnarson



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Ólafía Dröfn Hjálmarsdóttir
Grundarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, laugardaginn 30. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 6. febrúar kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið Von, Grundarfirði, reiknnr. 0321-13-700101, kt. 650107-0200.

Heiðar Þór Bjarnason
Helga Hjálmrós Bjarnadóttir
Jóna Lind Bjarnadóttir
og ömmubörnin.

Bjarni Jónsson

Erna Sigurðardóttir
Guðmundur T. Friðriksson
Einar Franz Ragnars

OYSTER PERPETUAL
DATEJUST II

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. febrúar 2016

5. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Sérstaða Íslands stundum ofmetin

Miklar breyt-
ingar hafa verið á
rekstri Advania
að undanfögnu.

Um helmingur
starfseminnar er
á Íslandi og eru
starfsmenn um 600.

Gagnaver eru vaxandi
þáttur starfseminnar
hér en Ísland er ekki
alltaf góður kostur.

»6



»2

**Hvati sé til skila á
sköttum og gjöldum**
Viðbendingar eru um
aukin skattsvik í bygg-
ingariðnaði.

»4

**Ísland og Króatía
skera sig úr**
Forstjóri Priceline
Group ræðir ferða-
mennsku í heiminum.

»8

**Svipmyndin: Ólafur
Darri Andrason**
Byr sig undir Lauga-
vegshlaup með
maraþoni.

»10

Yllean lækki vexti
Lars Christensen skrifar
um vaxtastefnu Seðla-
banka Bandaríkjanna.

»12

**Ástæðulausar
dómsdagsspár**
Stjórnarmaðurinn skrif-
ar um framtíð hefð-
bundinna fjölmiðla.



Verð

21.990

Hjólatjakkur 3T

Stöðugur hjólatjakkur sem lyftir 52cm,
lægsta staða 14,5cm.

Burðarþol 3 tonn.



Verð

49.900

Vélagálgi 1 Tonn

Hámarkshæð 2000mm,
lægstahæð 25mm.

Burður 1 Tonn



Verð

119.900

Verkfæraskápur 172 verkfæri.

Sterkur 7 skúffu verkfæraskápur fullur af
verkfærum, bakkar úr foam.

Þolir að bera skrúfstykki.



Verð

4.990

Digital rennimál

150mm, 0,02mm skekkja
TO YT7201

VERKFÆRA
SALAN

Síðumúla 11 • 568 6899 • www.vfs.is

SKJÓÐAN 

„Óstöðugt“ vitni lætur af störfum

FRAM TIL ÞESSA hefur „uppgjörð“ við hrunið falist í því að nokkrir stjórnendur og eigendur gömlu bankanna hafa verið leiddir fyrir dómara og dæmdir í fangelsi. Meðölin til að ná fram sakfellingu hafa ekki verið af vandaðra taginu. Stjórnvöld, eftirlitsaðilar og fjórða valdið hafa haft augun límð á baksýnisspeglinum á sama tíma og hvers kyns lögbrot og subbúskapur viðhengst í endurreistu bankakerfi.

STÓRU BANKARNIR þrjú hafa leyst til sín eignir viðskiptavina gömlu bankanna á færifandi og ráðstafað þeim til nýrra eigenda, sem gjarnan eru vel tengdir og venslaðir vildarvinir bankamanna, sem með eignirnar fara, eða ráðamanna.

BORGUNARMÁLID er kennslubókardæmi, sem eflaust á eftir að rata fyrir dómstóla með óvæntum afleiðingum fyrir þá sem hingað til hafa verið þess fullvissir að réttlætisgjöldun mun aldrei beina sjónum sínum frá gömlu bankamönnunum. En Borgunarmálið er ekki einsdæmi. Landsbankinn seldi Setbergslandið á vildarkjörum til handvalinna kaupenda. Dæmin eru miklu fleiri.

ARION BANKI hefur verið liðtækur við vafasama ráðstöfun eigna. Nú hafa bankinn og framkvæmdastjóri fjárfestingasviðs bankans „í sameiningu“ ákveðið að framkvæmdastjórnin láti af störfum. Í síðustu viku voru fyrrum yfirmenn framkvæmdastjórnar fráfarandi sýknaðir af ákæru um umboðssvik. Héraðsdómur sagði að framburður

framkvæmdastjórnar væri „óstöðugur“. Á venjulegri íslensku þýðir þetta að framkvæmdastjórnin fráfarandi fór með rangan vitnisburð fyrir dómi. Þá tugtaði héraðsdómur ákærvaldið fyrir að leggja fram 6.000 blaðsíður þar sem gögn voru í belg og biðu og óflokkuð. Ákærvaldið reyndi sumsé að blekkja og villa um fyrir dómurum með því að kaffæra þá í skjólum og halda eftir gögnum sem sýndu fram á sakleysi hinna ákærðu ásamt því að byggt var á röngum vitnisburði lykilvitnis.

ÞAD VAR ekki fyrr en hinir ákærðu fengu loks að komast í gögn málsins að fram komu upplýsingar sem sýndu fram á meint innherjasvik hins „óstöðuga“ vitnis ákærvaldsins er það seldi hlutabréf sín í Kaupþingi í byrjun október 2008. FME rannsakar nú það mál.

Í AL THANI MÁLINU fengu verjendur og ákærðu ekki aðgang að öllum gögnum málsins. Sakfelling var byggð á framburði hins „óstöðuga“ vitnis og pappírflóði sem ákærvaldið dembdí yfir dómara. Í ljósi sýknudómsins í síðustu viku orkar sakfellingin í Al Thani málinu í besta falli mjög tvímælís.

STRÖNG VIÐURLÖG eru við röngum sakargiftum. Saksóknarar og rannsóknaraðilar geta orðið uppvisir að slíku athæfi, t.d. með því að halda eftir gögnum, sem benda til sakleysis ákærðra og leiða vísitandi fyrir dóm „óstöðugt“ vitni í þeim tilgangi að fá ákærðu ranglega dæmda. Dómarar sem hafa leyft saksóknurum að halda eftir gögnum í hrunmálum hljóta að verða krafðir um skýringar.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is


Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Anton Brink
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



Viðbendingar eru um að skattaundanskot hafi aukist í byggingariðnaði að mati ríkisskattstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvati til undanskota frá skatti sé ekki til staðar

Beiðnum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu iðnaðarmanna hefur fækkað um 60 prósent frá því að endurgreiðslur voru lækkaðar. Munurinn bendi til aukinna undanskota. Hvatar til skattskila verða að vera til staðar.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri veltir upp hvort rétt sé að falla frá breytingum sem urðu á endurgreiðslum á virðisaukaskatti í upphafi árs 2015.

Breytingarnar fólu í sér að endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði lækkuðu úr 100 prósentum í 60 prósent í byrjun síðasta árs. Í kjölfarið hefur beiðnum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti fækkað um 60 prósent. Þetta sé vísbending um aukin skattaundanskot að sögn Skúla.

„Það er erfitt að fara inn á heimili og ganga úr skugga um það að þar sé ekki verið að vinna svarta vinnu. Eftirlitið fer fyrst og fremst fram á stórum byggingarstöðum.“ Því sé mikilvægt að hvatinn til undanskota sé ekki fyrir hendi og ástæða til að kanna hvort ekki sé rétt að færa endurgreiðslurnar á ný upp í 100 prósent.

Svo er það hin spurningin, í hve miklum mæli boðið er upp á að sleppa virðisaukaskattinum þannig að þetta verði svört vinna.



Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri

Fyrirkomulaginu var komið á í svokölluðu Allir vinna átaki eftir bankahrun. Endurgreiðslur ríkisins á virðisaukaskattinum hafa lækkað úr 2,4 milljörðum árið 2014 í 700 milljónir króna á síðasta ári.

Skúli segir að vegna þess að viðskiptin séu ekki gefin upp til skatts

verði ríkissjóður af tekjuskatti sem ella yrði greiddur vegna vinnunnar auk 40 prósent af virðisaukaskattinum.

Skúli sagði þó líkur á að umsókn um vegna endurgreiðslna síðasta árs ætti enn eftir að fjölga eitthvað á næstu mánuðum. Það gæti þó tæplega skýrt allan muninn milli ára. „Þetta munar það miklu. Í sumum tilfellum getur verið að þetta sé svo lítið að menn telji ekki svara kostnaði að sækja um endurgreiðslu. Svo er það hin spurningin, í hve miklum mæli boðið er upp á að sleppa virðisaukaskattinum þannig að þetta verði svört vinna.“ segir hann.

Eftirlit ríkisskattstjóra með skattskilum í byggingariðnaði og annari atvinnustarfsemi er mikið fyrir, að sögn Skúla. Þó eigi að bæta enn í og ráða eigi 4-5 nýja starfsmenn til viðbótar við um 30 starfsmenn sem starfi við skattaeftirlit.

ingvar@frettabladid.is

Vikan sem leið

558 milljarðar bandaríkjadala

Alphabet, móðurfélag Google, er orðið verðmætasta hlutafélag heims. Eftir að fyrirtækið tilkynnti um afkomu sína á síðasta ársfjórðungi á mánudagskvöld var það metið á 558 milljarða bandaríkjadala, nærri 73 þúsund milljarða íslenskra króna. Fyrirtækið er því orðið verðmætara en tölvurísinn Apple, sem metinn er á 535 milljarða bandaríkjadala, eða rétt tæplega 70 þúsund milljarða íslenskra króna.

20 milljarða sekt

Bankarnir Barclays og Credit Suisse voru í vikunni sektaðir um 108 milljónir punda, jafnvirði 20 milljarða íslenskra króna. Bandarískur eftirlitsaðili sektaði bankana fyrir ólöglega viðskiptahætti. Þeir eru sakaðir um að hafa með ólöglegum hætti leyft viðskiptavinum í Bandaríkjunum að stunda viðskipti með hlutabréf í svokölluðum „dark pools“ eða „myrkrakompum“ án þess að gefa upp verð þeirra.

50 þúsund króna sekt á dag

Neytendastofa hefur lagt 50 þúsund króna dagsektir á Boltabarn ehf., sem rekur Loftið í Austurstræti, þar til fyrirtækið hefur farið að ákvörðun Neytendastofu um að breyta nafni staðarins.

Boltabarnum ehf. var bönnuð notkun heitisins Loftið þar sem það væri til þess fallið að valda ruglingshættu við auðkenni Loft Bar sem rekinn er af Farfuglum ses.

Á döfinni

Miðvikudagur 3. febrúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum.
MAREL - Fjórði ársfjórðungi 2015.
Fimmtudagur 4. febrúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Vöruviðskipti við útlönd, janúar 2016, bráðabirgðatölur.
Mánudagur 8. febrúar
ICELANDAIR GROUP - Uppgjör fjórða árs-

fjórðungs og ársuppgjör 2015.
Þriðjudagur 9. febrúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum.
Miðvikudagur 10. febrúar
SEÐLABANKI ÍSLANDS - Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála.
HAGSTOFA ÍSLANDS - Efnahagslegar

skammtimatölur í febrúar 2016.
Föstudagur 12. febrúar
VINNUMÁLASTOFNUN - Atvinnuleysis-tölur Vinnuálastofnunar.
Mánudagur 15. febrúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Fiskafli í janúar 2016.

keldan
dagatal viðskiptalífsins

FRÉTTABLAÐIÐ

visir Allar markaðsupplýsingar

Póstdreifing


Við látum það berast



ÞÚ NÆRÐ TIL FJÖLDANS MEÐ OKKUR

FJÖLPÓSTUR er sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill sem skilar ítarlegri upplýsingum til neytenda en hefðbundnar auglýsingar.

61% LANDSMANNA LESA FJÖLPÓST
22% AF ÞEIM KAUPA AUGLÝSTA
VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU



„Ég hef verið í viðskiptum við Póstdreifingu í árabíl og alltaf fengið fyrsta flokks þjónustu.“

Guðbjartur
Finnbjörnsson
Ritstjóri Lifandi vísinda

VIÐ GETUM
AÐSTOÐAÐ VIÐ
AÐ NÁ ÁRANGRI
VIÐ DREIFUM INN
Á 80.000 HEIMILI
SEX DAGA
VIKUNNAR

www.postdreifing.is



Ríkissjóður hefur verið metinn hæfur til að fara með 20 prósentu eignarhlut í Sjóvá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ríkissjóður má eiga í Sjóvá

Fjármálaeftirlitið hefur metið ríkissjóð hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Sjóvá. Glitnir afhenti ríkissjóði 13,67 prósentu hlut í Sjóvá-Almennum í gegnum eignarhald sitt í SAT eignarhaldsfélagi hf. fyrir helgi. Seðlabanki Íslands eða félag í eigu hans fer með eignarhlut Ríkissjóðs í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Ríkissjóður er núna stærsti einstaki hluthafinn í Sjóvá.

– sg



Elfa Hrönn Valdimarsdóttir og Freyr Friðriksson, eigendur KAPP.

Nýtt fyrirtæki heitir Optimar KAPP

Eigendur KAPP ehf., véla-, kæli- og renniverkstæðis, hjónin Freyr Friðriksson og Elfa Hrönn Valdimarsdóttir, keyptu á síðasta ári fyrirtækið Optimar Island ehf. og tóku við rekstri þess í byrjun síðasta sumars. Vinna við sameiningu fyrirtækjanna er nú hafin. Alls starfa 27 starfsmenn hjá sameinuðu félagi.

„Við fengum starfsfólkið í lið með okkur, fórum í nafnasamkeppni og nýtt sameinað félag mun heita Optimar KAPP ehf.“ segir Elfa. Freyr segir að undanfarin ár hafi verið fjárfest í innviðum og nýjum framleiðslutækjum og renniverkstæðið verið styrkt til muna á sínu sviði. – jhh

Brimborg flytur atvinnutækjasölu í Hádegismóa vegna þrengsla

Brimborg hyggst flytja starfsemi Volvo atvinnubifreiða upp í Hádegismóa. Borgarráð Reykjavíkur borgar samþykkti á fimmtudaginn afhendingu lóðar og sölu byggingarréttar til Brimborgar. Söluverðið nemur 228 milljónum króna.

„Vöxturinn hjá okkur í fyrra á sviðinu var 56% og við reiknum með 20% vexti á þessu ári þannig að það er orðið ansi þröngt um okkur.“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar. Því vonast Egill til að takist að flytja þennan hluta starfseminnar strax á næsta ári.

Egill býst við að byggt verði á 4-5 þúsund fermetrum af lóðinni sem í heild er 14 þúsund fermetrar. Hönnunarvinna standi þó enn yfir og því liggja endanlegur kostnaður eða stærð bygginga ekki fyrir. Forstjórinn segir starfsemina sem flytja á upp í Hádegismóa



Darren Huston segir ferðapjónustu vaxa tvöfalt hraðar en landsframleiðslu í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ferðapjónusta í hvað örustum vexti á Íslandi og í Króatíu

Ísland er meðal landa þar sem ferðapjónustan vex hraðast. Aukinn áhugi á náttúruferðamennsku, netið og aukioð framboð flugferða og hótela skýrir vinsældirnar að sögn forstjóra einnar stærstu bókunarsíðu heims.

„Ísland er líklega mest spennandi markaðurinn í Evrópu hvað varðar árlegan vöxt, og mig langaði að koma hingað og sjá með eigin augum hvað væri í gangi.“ segir Darren Huston, forstjóri bandarísku samstæðunnar Priceline Group, stærsta seljanda ferðalaga á netinu í heiminum.

Huston segir Ísland og Króatíu vera þau tvö Evrópuríki sem hafa verið í örustum vexti. „Sölutölur okkar hér hafa verið frábærar, þó þetta sé augljóslega enn lítill markaður. Okkur langaði að komast að því hvernig við gætum sinnt markaðnum og samstarfsaðilum okkar hér vel.“ segir Huston en samstæðan rekur hótélbókunarsíðuna Booking.com hér á landi. Samstæðan velti jafnvirði um þúsund milljarða íslenskra króna árið 2014 og rekur einnig bókunarsíðurnar

Netið er miskunnarlaust að því leyti að bjóðir þú upp á slæma vöru þá veit fólk í Peking af því en ef þú býður upp á frábæra vöru og sinnir viðskiptavinum vel þá kemur það í ljós.

Darren Huston, forstjóri Priceline Group

Kayak, Rental cars og Open table.

Ástæður fyrir auknum vinsældum Íslands eru margþættar að sögn Hustons. „Þetta snýst alltaf um hænuna og eggid.“ bendir hann á. Framboð á flugi, sérstaklega lág-

gjaldaflugi, hafi aukist verulega. Þá hafi gístmöguleikum einnig fjölgað verulega.

Auk þess hafi áhugi á náttúruferðamennsku aukist verulega. „Ísland er mjög friðsæll og fagur staður. Afskekktaði áfangastaðir eru að verða vinsælli.“ segir hann. Fleiri vilji fara í annars konar ferðir en til Parísar, Lundúna eða Rómar.

Huston bendir á að internetið hafi breytt gríðarlega miklu í ferðapjónustunni líkt og í öðrum atvinnugreinum. Hefði hann viljað heimsækja Ísland fyrir 20 árum hefði hann þurft að gera sér ferð á ferðaskrifstofu til að bóka ferðina. Þá hefði hann líklega pantað gistingu hjá þekktu vöruverki og fengið ráð í gegnum vini og kunningja sem heimsótt hefðu Íslandi um. „Tuttugu árum síðar bjóðum við upp á þúsund gístaði á Ísland, þar

sem allar upplýsingar eru þýddar á fjölmörg tungumál, með að meðaltali sextíu staðfestar umsagnir hver. Þannig að þú sérð hvað aðrir gestir hafa gert.“ segir Huston. Þessi þróun hafi búið til fjölda tækifæra en einnig veitt neytendum gífurleg völd.

„Netið er miskunnarlaust að því leyti að bjóðir þú upp á slæma vöru þá veit fólk í Peking af því en ef þú býður upp á frábæra vöru og sinnir viðskiptavinum vel þá kemur það í ljós.“

Þá bendir Huston á að ferðapjónusta sé vaxandi atvinnugrein um allan heim. „Ferðapjónusta er að vaxa tvöfalt hraðar en landsframleiðsla heimsins og á falletum stöðum eins og Íslandi getur það verið drifkraftur hagkerfisins, því fólk á auðveldara með að fara á fjarlægari og meira framandi áfangastaði en áður.“ ingvar@frettbladid.is

Vöxturinn hjá okkur í fyrra á sviðinu var 56% og við reiknum með 20% vexti á þessu ári þannig að það er orðið ansi þröngt um okkur.

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar



vera eina þá stærstu á landinu á sviði atvinnutækja. Áformað sé að hún velti 2,5 milljörðum króna á þessu ári.

Egill segir að aukin sala atvinnutækja tengist auknum umsvifum í bæði byggingariðnaði og ferða-



Egill segir orðið þröngt um Brimborg á Bildshöfða, enda nemi vöxturinn í bílasölu tugum prósentu milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þjónustu. Sala verktakabifreiða og vinnuvéla sé farin að aukast á ný eftir hrun. Þá hafi sala á rútum aukist verulega frá hrúni.

„Þær taka alveg gríðarlega til sín í þjónustu því það er nánast verið að keyra þetta allan sólarhringinn.“ segir Egill.

„Það er styrkur í að þetta komi frá nokkrum greinum en hangi ekki bara á einni grein.“ segir Egill að lokum. – ih



Sófaborð 4 skúffur - verð 84.000
Tilboð **67.000**



Hliðarborð - verð 63.000
Tilboð **47.000**



Ashton svefnsófi - verð 198.000
Tilboð **138.000**



Náttborð - verð 46.000
Tilboð **34.000**

VÆNTANLEGUR



Bow Front stofuskápur - verð 267.000
Tilboð **225.000**



Melissa svefnsófi - verð 98.000
Tilboð **68.000**



Colonial hornborð verð 49.000
Tilboð **36.000**



Chippendale skenkur - verð 197.000
Tilboð **157.000**



Snyrtiborð - verð 129.000
Tilboð **105.000**



Lampaborð - verð 37.000
Tilboð **27.000**



Fatastandur - verð 34.000
Tilboð **27.000**



Glerskápur - verð 279.000
Tilboð **212.000**



Chipp. stóll - verð 55.000
Tilboð **41.000**



Glerskápur - verð 212.000
Tilboð **169.000**



Hægindastóll leður - verð 139.000
Tilboð **99.000**



Hægindastóll áklæði - verð 89.000
Tilboð **69.000**



Teborð - verð 66.000
Tilboð **49.000**



Skrifpúlt - verð 129.000
Tilboð **97.000**



Ægir Már Þórisson tók við forstjórastöðunni hjá Advania þegar forveri hans, Gestur G. Gestsson, sneri sér að starfseminni á Norðurlöndunum. Um 600 manns starfa hjá Advania hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fimmtungur tekna kemur að utan

Sérstaða Íslendinga þegar kemur að gagnaverum er stundum ofmetin, segir forstjóri Advania á Íslandi. Landið henti ekki öllum tegundum gagnavera. Gagnaver verða hins vegar sífellt stærri hluti af rekstri Advania. Fyrirtækið hefur breyst mikið með árunum.

Jón Hákon
Halldórsson
jonhakon@365.is



Ægir Már Þórisson tók við forstjórastöðunni hjá Advania á Íslandi í október síðastliðnum þegar ákveðið var að Gestur G. Gestsson myndi helga sig starfsemi móðurfélags Advania á Norðurlöndunum.

Saga fyrirtækisins nær næstum því áttatíu ár aftur í tímann en sögu Advania má rekja allt til ársins 1939 þegar elsti fyrirrennarinn, Einar J. Skúlason, var stofnaður. Fyrirtækið sérhæfði sig þá í að gera við sjóðsvélar, ritvélar, og ýmislegt fleira sem ekki verður beintengt nútíma upplýsingatækni þó vissulega megi finna þar ákveðna skirskotun. Annar fyrirrennari fyrirtækisins er fyrirtækið Skýrr sem stofnað var árið 1952 af Reykjavíkurborg og Íslenska ríkinu. Mikið vatn rann til sjávar og rétt eftir síðustu aldamót störfuðu þessi fyrirtæki, ásamt fleirum, undir hatti Teymis sem var þá skráð fyrirtæki í Kauphöll Íslands.

Reksturinn stokkaður upp

Við endurskipulagningu eftir bankahrun var reksturinn stokkaður upp. Ákveðið var að sameina sum þessara fyrirtækja og skipta öðrum frá eins og í tilfalli Vodafone. Fyrirtæki á borð við Kögum, EJS, Skýrr, Eskil, Landsteina Streng og Hug AX voru sameinuð. „Verkefnið sem kristallaðist þarna var að sameina þetta. Þetta er heilmikið verkefni,“ segir Ægir Már og bætir við að þar fyrir utan hafi verið nokkrar einingar í útlöndum sem þurftu að vinna með sérstaklega. „Í

fyrstu þá er þessi sameiningarlota gerð undir merkjum Skýrr. Síðan er sú ákvörðun tekin að keyra á sameiginlegt vörumerki. Og maður getur ekki gert erlendum hluthöfum það að nefna fyrirtækið þeirra Skýrr. Og við fengum þarna í alvörunni þá spurningu af hverju fyrirtækið væri nefnt eftir mjólkurafurð,“ segir Ægir Már og bætir við að útlendingum reynist erfitt að bera nafnið Skýrr fram. „Þannig að það varð ljóst að annaðhvort urðum við að keyra þetta með þá stefnu að vera með mismunandi heiti á fyrirtækjum eða fara í það verkefni að breyta nafni og ásynd. Sem var það sem við gerðum,“ segir hann.

Flókið mál að finna nafn

Ægir Már segir það vera mikið ferli að finna nafn á fyrirtæki sem sé með starfsemi í mörgum löndum. „Aðallega fyrir þeirra hluta sakir að öll nöfn eru upptekin einhvers staðar. Þetta er ekkert mál á Íslandi en um leið og þú ert kominn á annað markaðssvæði þá er eiginlega alveg sama hvað þér dettur í hug, einhverjum öðrum er þá þegar búið að detta það í hug. Það sem menn þurfa þá að gera er að búa sér til nafn. Nafnið Advania sem slíkt hljómaði mjög illa í byrjun, alveg eins og öll hin 200 sem við skoðuðum. Þetta er bara stafarugl en síðan er það verkefni þeirra sem taka upp þetta nafn að ljá því einhverja merkingu,“ segir Ægir Már. Allt frá því að þetta verkefni hófst hafi verkefnið snúist um að sameina ólíkan kultúr þeirra fyrirtækja sem fyrirtækið samanstendur af og svo hafi tvö fyrirtæki verið keypt. Annars vegar fyrirtækið Thor Data Center sem var keypt árið 2012 og hins vegar Tölvumiðlun í ágúst. „Við erum ekki að fara inn í verkefni nema við sjáum að það passi

●● **Upplýsingatæknin er að verða eins og rafmagn. Þú reiknar bara með að þetta sé í lagi og reiknar bara með að það gerist eitthvað en það á ekki að vera flókið.**

●● **Ekki ganga út frá því sem vísu að hér sé allt best og flottast þó raforkan sé á hagstæðu verði.**

Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania á Íslandi

við okkar áherslur og stefnu og bæti einhverju við. Og það fyllir upp í einhver göt. Markmiðið undanfarið ár og þegar við horfum fram á veginn er að verða fókuseraðri,“ segir Ægir Már. Á hvað ætlið þið að fókusera?

„Við erum búin að tilgreina nokkra fókuspunkta sem við ætlum að leggja áherslu á,“ segir Ægir Már. Hér á Íslandi sé rekið 600 manna fyrirtæki á mjög litlum markaði í samanburði við alþjóðamarkaðinn. „Sem von er erum við að gera allt sem hægt er á upplýsingatæknimarkaði. Það er voðalega fátt sem við komum ekki nálægt. Við höfum verið að fara yfir vöruframboðið okkar og einfalda það,“ segir hann.

Sóknarfærin fjölmörg

Ægir Már segir sóknarfærni vera

ótalmörg. Hann segir flest öll verkefni í upplýsingatækni á Íslandi hafa snúist um það að draga úr kostnaði. Ekki séu mörg verkefni sem hafi snúist um vöxt. „Vonandi er aðeins farið að rofa til þarna. Svo horfirðu á hvað er að gerast í þessum geira. Upplýsingatæknin er að verða eins og rafmagn. Þú reiknar bara með að þetta sé í lagi og reiknar bara með að það gerist eitthvað en það á ekki að vera flókið. Tækifærin eru rosalega mörg í því að hjálpa fólki í því að einfalda og gera sinn upplýsingatæknirekstur skilvirkari,“ segir Ægir Már. Þeir sem reki fyrirtæki eigi að geta einbeitt sér að rekstri fyrirtækjanna og hafa aðra til þess að sjá um að allt sem tengist upplýsingatækni virki. „Fyrirtæki eins og við þarf að vera einhvern veginn á undan öðrum þarna. Ná eyrum þeirra sem stýra þessum málum og benda þeim á kosti og galla. Það eru mikil sóknarfæri þarna og mikil tækifæri fyrir atvinnulífnið og hið opinbera á Íslandi að spara stórfé. Okkar áhersla mun snúast um það að einfalda hlutina fyrir fólk,“ segir hann.

Hversu stórt er Advania á Íslandi, þegar kemur að starfsmönnum og veltu, miðað við það sem gerist erlendis?

„Þetta er svona um það bil helmingur,“ segir Ægir Már. Hann bætir því við að félagið velti á heildina litið um 22 milljörðum á ári. Þar af sé íslenska starfsemin um tólf milljarðar. En hann bætir því við að um fimmtungur af tekjunum á Íslandi komi líka frá útlöndum. „Við erum með nokkra sérfræðinga hér á landi sem ekki er að finna í hinum löndunum,“ segir Ægir Már. Stór hluti tekna sem kemur að utan kemur líka vegna reksturs gagnaveranna á Íslandi.

Ægir Már segir að stærstur hluti

tekna fyrirtækisins, eða um helmingur þeirra, sé í hreinni og klárri útseldri vinnu starfsmanna, svo sem með prófun og þjónustu. „Svo er auðvitað mikill vöxtur í gagnaverunum. Þau eru alltaf að verða stærri hluti af kökunni.“

Dýr flutningur yfir Atlantshafið

Ægir Már segir Ísland hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að gagnaverum, en hún sé stundum ofmetin. Ísland sé mjög hentugur staður fyrir tilteknar tegundir af gagnaverum. Aftur á móti sé dýrt að flytja gögn til og frá Íslandi og það þyrfti í raun og veru að vera fleiri valkostir í tenginum á milli Evrópu og Ameríku og Íslands til að það væri hægt væri að fá þessa stóru aðila á borð við Google, Facebook og Apple. „Þau velja frekar að vera á meginlandinu. Við höfum ekki verið álitin vera nógu sterkur kostur. Það hefur allt með stefnunum að gera,“ segir Ægir Már. Hins vegar hafi Ísland þótt vera góður kostur fyrir gagnaver sem krefjist ekki mikils upplýsingaflæðis. Dæmi um þetta geti verið bílaframleiðendur. Þeir safni miklu af upplýsingum sem koma úr nútímabilum og vilji greina þau gögn. Þetta sé mjög stór grein sem ekki krefjist stöðugs gagnaflutnings heldur frekar mikillar reiknigetú.

Ægir Már segir samkeppnina við þá sem reka gagnaver erlendis vera mjög mikla og það verði að hafa það í huga. Menn verði að vera á tánum til þess að vera samkeppnishæfir. „Ekki ganga út frá því sem vísu að hér sé allt best og flottast þó að raforkan sé á hagstæðu verði,“ segir hann. Hann segir að víða erlendis, í Skandinavíu og Norður-Evrópu, beiti ríki skattavilnunum til að laða að fjárfesta. Hann segist ekki endilega vera að kalla eftir slíku hér á landi. Þó verði



LÍFIÐ EKKI BÚIÐ VIÐ FYRSTA BARN

Ragnar Hansson, leikstjóri og þriggja barna faðir, talar tæpitungulaust við nýbakaða og verðandi feður á námskeiðinu Fokk, ég er pabbi! Ragnar er einn fyrirlesara í nýrri röð örnámskeiða fyrir foreldra sem hefjast nú í febrúar.

„Ég hef ýmsa fjöruna sopið í þessum málum. Ég hef skilið, ég á þrjú börn, af báðum kynjum og hef prófað flest aldursskeiðin. Ég var meira að segja au-pair áður en ég eignaðist sjálfur börn. Það má segja að síðustu tuttugu árin hafi ég beinlínis verið að undirbúa svona námskeið,“ segir Ragnar Hansson, leikstjóri og einn fyrirlesara á röð örnámskeiða fyrir foreldra, sem hefjast nú í febrúar. Námskeið Ragnars heitir Fokk, ég er pabbi og er eingöngu fyrir karla.

„Það er oft panikk að eignast barn, bæði fyrir karla og konur. Fólk heldur að lífið sé búið. Ég vil ekki segja að karlar hafi minni áhuga á börnum en konur, þeir bara tala lítið um tilfinningar sínar. Ég set því upp eins konar saumaklúbb, deili minni reynslu og ræði við feðurna um hvað þetta þýðir og aðallega það að lífið er ekki búið þegar maður eignast barn. Ekki heldur þótt þú eignist annað barn og jafnvel ekki heldur þegar þriðja barnið kemur. Ég skal ekki segja með það fjórða en ég get staðið við hitt,“ segir Ragnar sposkur.

Foreldrahlutverkinu fylgja oft áhyggjur og margar spurningar vakna. Ragnar segir heilbrigðisstarfsfólk og Tryggingastofnun ekki geta svarað þeim öllum. Hann ætli ekki að predika neitt heldur vonast hann til þess að skapa vettvang fyrir karla til að opna sig.

„Það virðist vera minni stuðningur við karla en vonandi finnum við þarna bræðralag feðra. Þetta verður pabbatrúnó, þarna má spyrja að öllu og segja allt. Það veit enginn hvað gerist þarna inni, nema við sem verðum þar. Fullum trúnaði heitið.“

FULL ÞÖRF Á ÖRNÁMSKEIÐUM

Örnámskeiðin eru ein kvöldstund eða eitt skipti um helgi og eru hugmynd Krístrúnar Heiðu Hauksdóttur, verkefnastjóra hjá Forlag-



Ragnar Hansson, leikstjóri og þriggja barna faðir, hefur marga fjöruna sopið í uppeldismálum. Hann deilir reynslu sinni með nýbökudum og verðandi feðrum á örnámskeiðum fyrir foreldra sem hefjast í febrúar. MYND/ERNIR

”Lífið er ekki búið þegar maður eignast barn. Ekki heldur þó þú eignist annað barn og jafnvel ekki heldur þegar þriðja barnið kemur. Ragnar Hansson

inu. Krístrún er sjálf í fæðingarorlofi og efnið því hugleikið. Hún segir nútímaforeldra ekki hafa tíma til að sytja löng námskeið.

„Nútímaforeldrar eru frekar tætt og upptekið fólk en vel meinandi og þrá almennt að standa sig vel. Það er ágætis úrval af foreldrafræðslu í boði en oftast löng námskeið og almenn. Til dæmis „uppeldisnámskeið“, uppeldi er vítt hugtak og flókið fyrir upptekið fólk að skuldbinda sig til að mæta í fleiri en eitt skipti,“ út-

skýrir Krístrún. „Við gerum þetta í samstarfi við Eik ráðgjöf og Lygnu, fjölskyldumiðstöð í Síðumúla 10 og þar verða námskeiðin haldin. Við byrjum á þremur námskeiðum en höfum fullan hug á að bæta við.“

Fyrstu þrjú námskeiðin eru Tuðfrítt uppeldi? fimmtudaginn 11. febrúar, þar sem Hulda Snæberg Hauksdóttir, fjölskyldufræðingur og leikskólustjóri, fer yfir leiðir til að minnka tuðið, suðið og þirringinn á heimilinu.

Fokk, ég er pabbi! með Ragnar Hanssyni verður haldið fimmtudaginn 18. febrúar.

Er fullkunnun feik? fer fram laugardaginn 20. febrúar. Þar mun Ingunn Ásta Sigmundsdóttir, uppeldisfræðingur og kennari, fara yfir leiðir til þess að losna við óöryggi, skömm og samviskubit sem fylgja því að vera ekki „fullkomið“ foreldri. Skráning fer fram á netfangið ornamskeid2016@gmail.com. heida@365.is

PRÓGASTRÓ

DDS® PLÚS 3

Stuðlar að heilbrigðri magaflóru og léttir á meltingunni

Einn öflugasti asídófilusinn á markaðnum

Útsölastaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana





ALLTAF SPENNANDI

Ævar vísindamaður og Sinfóníuhljómsveit Íslands sameina krafta sína í tónum, tali og myndum í skrautlegri Vísindaveislu á laugardag í Hörpu.

„Ég held að galdurinn sé sá að hafa brennandi áhuga á þessu sjálfur og finna nýjar og spennandi leiðir til að nálgast viðfangsefnið,“ segir Ævar vísindamaður. MYND/VILHELM

FERMING 2016



Ótrúlegt úrval



Vísindamaðurinn Ævar og Sinfóníuhljómsveit Íslands taka höndum saman næsta laugardag þegar haldnir verða tvennir Vísindatónleikar í Hörpu í Reykjavík. Þar verður teft saman tali, tónum og myndum og kíkt á nokkrar af merkilegustu uppfinningum og rannsóknnum mannkynssögunnar undir leiðsögn Ævars og tónum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Auk þeirra verður Sprengju-Kata sérstakur gestur en hún mætir á svæðið og gerir tilraun með hljómsveitinni.

Vísindamaðurinn Ævar, öðru nafni Ævar Þór Benediktsson, er vel þekktur meðal landsmanna en hann hefur frætt börn og fullorðna um vísindi í bæði sjónvarps- og útvarpsþáttum undanfarin ár.

En hvernig kom samstarfið við Sinfóníuhljómsveitina til? „Fyrir tæplega tveimur árum datt mér í hug að það gæti verið gaman að athuga hvort Sinfóníuhljómsveitin væri til í einhvers konar samstarf við Ævar vísindamann. Ég sendi þeim tölvupóst og hugsaði með sjálfum mér: „Í versta falli fæ ég bara nei.“ Ég fékk svar um hæl, var boðaður á fund og fékk strax mjög jákvæð viðbrögð. Samstarfið hefur gengið vonum fram og ég get ekki beðið eftir að fá að stíga á svið með þessum hæfileikaríku listamönnum.“

BRENNANDI ÁHUGI

Tónlistin sem mun hljóma á tónleikunum er úr ýmsum áttum að sögn Ævars, t.d. stef úr kvikmyndum og meira að segja lag sem er flutt á ritvél. „Þá mun ég spila gamla góða Nintendo-tölvuleikinn Super Mario Bros. á risatjaldi við undirleik hljómsveitarinnar. Við sýnum myndbrot úr eldri og nýjum þáttum á tjaldi sem hjálpa svo til

við að gera þetta að skemmtilegri upplifun fyrir alla aldurshópa.“

Aðspurður hvernig tónlist, myndbönd og tal fléttist saman á sýningunni segir Ævar tónlistina tala við textann og öfugt. „Ég segi frá risaeðlum og steingervingum og strax í kjölfarið kemur stefið úr Jurassic Park. Lagið um Litlu sveitalestinna ómar með tilheyrandi myndskreytingum þegar ég segi frá sögu farartækjanna. Við veltum fyrir okkur framtíðinni og þá kemur auðvitað ekkert annað til greina en að leyfa tónlistinni úr kvikmyndinni Back to the Future að hljóma. Þegar við völdum tónverkin var alltaf haft á bak við eyrað hvernig væri hægt að tengja uppfinningar, hugtök eða vísindamenn við tónlistina sem verið var að spila.“

Ævar segir börn vera forvitin um vísindi. „Ég held að galdurinn sé sá að hafa brennandi áhuga á þessu sjálfur og finna nýjar og spennandi leiðir til að nálgast viðfangsefnið.“

HRÆÐILEGAR SKEPNUR

Sjálfum finnst honum vísindin alltaf jafn spennandi. „Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt. Í þættinum sem sýndur er í kvöld er ég t.d. að segja frá vitsuguvespum sem breyta kakkalökkum í uppvakninga. Algjörlega hræðilegar skepnur en á sama tíma ótrúlega spennandi. Heimurinn og við sjálf erum svo stútfull af spennandi hlutum að okkur á ekki að geta leiðst.“

Uppselt er á fyrri tónleikana sem hefjast kl. 14 en enn eru til miðar á seinni tónleikana sem eru kl. 16.

Nánari upplýsingar má finna á www.sinfonia.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundni ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

Enski boltinn

3. febrúar 2016



Janúarglugginn

Félagaskiptaglugginn á Englandi lokaðist á miðnætti í fyrradag. Stóru liðin voru róleg á leikmannamarkaðinum en Newcastle var stórtækt. **SÍÐA 4**

Gylfi góður á nýju ári

Gylfi Þór Sigurðsson hefur byrjað árið 2016 vel hjá Swansea sem er komið með nýjan knattspyrnustjóra frá Ítalíu. **SÍÐA 6**

Refirnir hans Ranieri

Leicester hefur komið liða mest á óvart í vetur en lærisveinar Claudio Ranieri eru með þriggja stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar. **SÍÐA 8**



Þessir ungu stuðningsmenn Everton hafa séð nóg af mörkum á Goodison Park í vetur. Alls hafa 46 mörk verið skoruð í Guttagarði á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SKEMMTILEGUSTU VELLIRNIR

miðað við fjölda marka á tímabilinu

- 46 Goodison Park
Everton
- 45 Etihad Stadium
Man City
- 39 Stamford Bridge
Chelsea

LEIÐINLEGUSTU VELLIRNIR

miðað við fjölda marka á tímabilinu

- 17 Old Trafford
Man. Utd
- 23 Emirates Stadium
Arsenal
- 23 Britannia Stadium
Stoke City

HÁGÆÐA ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR

nettoline

FATASKÁPAR &

RENNIHURÐIR

STYRKUR - ENDING - GÆÐI

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM

ÞÚ ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang. Fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Opið:
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

Stanslaust stuð á Goodison Park

Heimavöllur **Everton** er skemmtilegasti völlum ensku úrvalsdeildarinnar en **Old Trafford** sá leiðinlegasti.

Leikir Everton á Goodison Park eru skoðeld skemmtun. Það segir tölfræðin allavega. Goodison Park er „markahæsti“ völluminn í ensku úrvalsdeildinni en alls hafa 46 mörk verið skoruð þar á tímabilinu.

Everton hefur spilað skemmtilegan sóknarbolta á tímabilinu með þá Romelu Lukaku, Ross Barkley og Gerard Deulofeu í broddi fylkingar. Liðið hefur alls skorað 40 mörk á tímabilinu, þar af 24 í tólf leikjum á Goodison Park. Lærisveinum Robertos Martínez hefur aðeins tvívegis mistekist að skora á heimavelli í vetur.

Þeir hafa að sama skapi aðeins haldið einu sinni hreinu og fengið á sig 22 mörk en ekkert lið hefur fengið á sig fleiri mörk á heimavelli en Everton. Og þessi markasúpa á Goodison Park hefur aðeins skilað Everton 13 stigum, eða rétt rúmu stigi að meðaltali í leik.

Næstskemmtilegasti völluminn í ensku úrvalsdeildinni er Etihad Stadium, heimavöllur Manchester City. Áhorfendur á Etihad hafa séð 45 mörk á tímabilinu; City hefur skorað 33 þeirra en mótherjarnir tólf. Stamford Bridge, heimavöllur Englandsmestara Chelsea, kemur næstur á blaði en 39 mörk hafa verið skoruð á Brúnni í vetur.

Leiðinlegasti völluminn er hins vegar Old Trafford, heimavöllur Manchester United. Leikhús draumanna er orðið að leikhúsi leiðindanna þar sem stuðnings-

menn United þurfa að horfa upp á hvern harmleikinn á fætur öðrum. Og leikstjórninn, Louis van Gaal, á engin svör.

Tölurnar tala sínu máli. Aðeins 17 mörk hafa verið skoruð á Old Trafford á tímabilinu, eða aðeins 1,5 mörk að meðaltali í leik. Heimamenn hafa skorað 12 af þessum 17 mörkum en aðeins botnlið Aston Villa hefur skorað færri mörk (8) á heimavelli en United.

Varnarleikur United á heimavelli hefur reyndar verið mjög sterkur en liðið hefur einungis fengið á sig fimm mörk í heimalaikjunum 11 og haldið sjö sinnum hreinu. En það dugir skammt þegar liðið getur ekki skorað.

Fyrri hálfleikirnir á Old Trafford hafa verið sérlega viðburðsnauðir í vetur en lærisveinar van Gaals hafa ekki skorað í fyrri hálfleik á heimavelli, í öllum keppnum, síðan í 2-1 sigrinum á Wolfsburg í Meistaradeild Evrópu 30. september á síðasta ári.

Memphis Depay var síðasti leikmaður United sem skoraði í fyrri hálfleik á heimavelli í úrvalsdeildinni þegar hann kom liðinu á bragðið í 3-0 sigri á Sunderland 26. september.

Ekkert lið er meira með boltann á heimavelli en United (58%) en það er engin fylgni milli þess og skota á mark. Rauðu djöflarnir eru í 12. sæti á listanum yfir flest skot í leik á heimavelli (12,7) og í því átjándasta yfir flest skot á mark (3,2).

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24 | s. 512 5000

VEFFANG
visir.is

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhjálmsson | jonivar@365.is

Síminn 

Stakir leikir í Sjónvarpi Símans

Nú geta viðskiptavinir Símans keypt aðgang að stökum leikjum heima í stofu. Misstu ekki af spennandi leikjum í Enska boltanum, Meistaradeild Evrópu og Þýska boltanum. Stærstu leikir í hverri umferð eru í boði.

Hringdu í 800 7000 eða farðu á siminn.is og kynntu þér málið.

Rólegur janúargluggi á Englandi

Félagaskiptaglugginn á Englandi lokaðist á miðnætti í fyrradag en þá rann út frestur ensku liðanna til að kaupa og selja leikmenn. Stóru liðin höfðu hægt um sig í leikmannakaupum en Newcastle United var hvað duglegast að styrkja sig, enda liðið í mikilli fallhættu.

Janúarglugginn hefur oft verið viðburðaríki en í ár, sérstaklega hjá stóru liðunum í ensku úrvalsdeildinni. Manchester liðin, City og United, og Tottenham fengu t.a.m. enga leikmenn til liðs við sig í glugganum.

Arsenal festi kaup á egypska miðjumanninum Mohamed Elneny frá Basel og Liverpool keypti serbeska miðjumanninn Marko Grujic frá Rauðu stjörnunni (hann mun þó klára tímabilid heima í Serbíu) og fékk varnarmanninn Steven Caulker að láni frá QPR. Chelsea seldi Brasilíumanninn Ramires til Kína en fékk landa hans, Alexandre Pato, að láni frá Corinthians. Þá fékk topplið Leicester þrjá unga leikmenn til liðs við sig; Demarai Gray, Daniel Amartey og Daniel Iversen.

Nóg að gera á St James' Park

Newcastle United var liða stórtækast á leikmannamarkaðinum í janúar enda liðið í mikilli fallhættu. Newcastle fékk alls fjóra leikmenn til sín í janúar; Jonjo Shelvey kom frá Swansea, Andros Townsend frá Tottenham, Henri Saivet frá Bordeaux og Seydou Doumbia frá Roma. Newcastle greiddi samtals rúmar 26 milljónir punda fyrir þrjá fyrstnefndu leikmennina en Doumbia er í láni frá Roma.

Til að fylla skarð Shelveys fékk

Swansea hollenska miðjumanninn Leroy Fer að láni frá QPR. Svanirnir fengu sömuleiðis framherjann Alberto Paloschi frá Chievo en nýr knattspyrnustjóri Swansea, Francesco Guidolin, þekkir vel til þessa 26 ára gamla leikmanns eftir að hafa þjálfað hann hjá Parma á Ítalíu.

Stór kaup hjá Stoke og Everton

Stoke City greiddi metupphæð fyrir Giannelli Imbula, 23 ára gamlan franskann miðjumann frá Porto. Imbula er dýrasti leikmaðurur í sögu Stoke en hann kostaði félagið 18,3 milljónir punda.

Everton keypti senegalska framherjann Oumar Niasse frá Lokomotiv Moskvu fyrir 13,5 milljónir punda en honum er ætlað að létta undir með Romelu Lukaku í framlínunni.

Sunderland og Norwich eru, líkt og Newcastle, í harðri fallbaráttu en þau létu til sín taka á félagaskiptamarkaðinum. Af nýjum leikmönnum Sunderland ber helst að nefna þýska varnarmanninn Jan Kirchhoff, sem kom frá Bayern München, og Wahbi Khazri, túnískan sóknarmiðjumann sem kom frá Bordeaux.

Nýliðar Norwich kræktu m.a. í Steven Naismith frá Everton og varnarmennina Ivo Pinto og Timm Klose. Botnlið Aston Villa fékk hins vegar ekki einn einasta leikmann í glugganum.



Mörkin hans Seydou Doumbia eiga að bjarga Newcastle frá falli niður í næstefstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Newcastle fékk til sín fjóra sterka leikmenn sem eiga að hjálpa liðinu að forðast fall. Önnur lið í kjallara úrvalsdeildarinnar styrktu sig einnig.

Aðrir nýliðar, Bournemouth, voru einnig nokkuð aðsópmiklir en þeir þéttu raðirnar í framlínunni með því fá framherjana Juan Iturbe, Benik Afobe og Lewis Grabban til félagsins. Þriðju nýliðarnir, Watford, voru öllu rólegri en síðasta sumar en fengu þó spænska miðjumanninn Mario Suárez frá Fiorentina

sem gæti reynst þeim gulu mikill happafengur.

Þá veðjaði Crystal Palace á framherjann Emmanuel Adebayor og Southampton festi kaup á markaskoraranum Charlie Austin frá QPR. West Ham fékk sér einnig framherja. Sá heitir Emmanuel Emenike og kemur á láni frá Fenerbache í Tyrklandi.

COMPUTER.IS



Thonet&Vander Kind

Öflugt 25W RMS hágæða kerfi sem tekur lítið pláss

9.990,-



Intel sjónvarpstólva

Með Windows 10 - tengist beint í HDMI. 1xUSB, Bluetooth, WiFi

26.990,-



Lenovo IdeaPad 100

Intel Core i3
4GB DDR3
500GB SATA
DVD skrifari
Bluetooth 4.0, Wifi, USB3, HDMI
Windows 10 Home

Styður Football Manager 2016 ;)

79.900,-



Corsair 128GB

Vandaður USB 3.0 minnislykill með 128GB geymsluplássi!

8.990,-



Chromecast Audio

Spilaðu tónlist þráðlaust með WiFi yfir í hátalarana þína, styður Android, iPhone, iPad, PC, Mac.

7.990,-



HDMI 2,5 metrar

2.490,-

logitech



Logitech tölvuvörur

-10% afsláttur

Skipholti 50c - 582 6000 - www.computer.is

www.simar.is



Microsoft



Windows 10



Lumia 950

99.900,-

Lumia 950XL

114.900,-

Galaxy Xcover⁵⁵⁰



18.900,-

NOKIA 105



4.900,-

Galaxy A³ 4G
DUOS



49.900,-

LG G₃



44.900,-

Galaxy S6



84.900,-

XPERIA C4



46.900,-

Krókhálsi 5c
Sími 546-9000

emobi
bara gott verð



Gylfi Þór Sigurðsson fagnar einu af fimm mörkum sínum í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Hann er þriðji markahæsti leikmaður Swansea í úrvalsdeildinni frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Gylfi og félagar á uppleið á nýju ári

Eftir misjafnt gengi framan af tímabili virðist íslenski landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson vera kominn aftur í sitt besta form en hann hefur skorað þrjú mörk í síðustu fjórum leikjum Swansea í úrvalsdeildinni. Liðið er komið með nýjan stjóra og hefur unnið tvo leiki í röð.

Swansea City náði sínum besta árangri í sögu ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili þegar liðið fékk 56 stig og endaði í 8. sæti. Gylfi Þór Sigurðsson átti stóran þátt í þessu góða gengi liðsins en íslenski landsliðsmaðurinn skoraði sjö mörk á síðasta tímabili og gaf auk þess 10 stoðsendingar á félag sína. Aðeins Cesc Fábregas hjá Chelsea (18) og Arsenal-maðurinn Santi Cazorla (11) lögðu upp fleiri mörk en Gylfi í úrvalsdeildinni í fyrra.

Lofandi byrjun

Byrjunin á þessu tímabili lofaði líka góðu. Swansea náði í átta stig í fyrstu fjórum leikjunum þar sem Bafetimbi Gomis og nýi maðurinn, André Ayew, fóru mikinn en þeir félagar skoruðu öll sjö mörk liðsins í þessum leikjum. Gylfi stóð einnig fyrir sínu og lagði m.a. upp jöfnunarmark Ayew í 2-1 sigrinum á Manchester United á Liberty Stadium 30. ágúst.

En svo fór að halla verulega undan fæti hjá Swansea. Liðið vann aðeins einn af næstu 11 leikjum sínum og sá sigur kom gegn botnliði Aston Villa. Leikar fóru 1-2 á Villa Park og skoraði Gylfi jöfnunarmark Swansea með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu. Þetta var annað af tveimur mörkum Gylfa í deildinni fyrir áramót en hann skoraði einnig eina mark Swansea úr vítaspyrnu í 3-1 tapi fyrir Southampton á útivelli.

Monk sparkað

Þetta slæma gengi Swansea kostaði knattspyrnustjórnann Garry Monk starfið en hann var rekinn eftir 0-3 tap fyrir Leicester City á heimavelli í byrjun desember. Það var sársaukafull aðgerð

Við höfum unnið tvo leiki í röð og spilað mjög vel í þeim báðum. Það gefur okkur mikið sjálfs-traust og sýnir að hæfileikarnir eru til staðar í liðinu.

Gylfi Þór Sigurðsson

enda hafði Monk verið í herbúðum Swansea frá árinu 2004, fyrst sem leikmaður og svo sem knattspyrnustjóri.

„Við berum ábyrgð á þessu. Við höfum ekki verið að vinna leiki og það er vegna þess að við leikmennirnir höfum ekki staðið okkur nógu vel,“ sagði Gylfi í viðtali eftir brottrekstur Monks. „Garry er svo náinn liðinu og búinn að vera hérna lengi, svo það gerir þetta aðeins persónulegra.“

Alan Curtis, fyrrverandi leikmaður Swansea og velska landsliðsins, tók við liðinu til bráðabirgða. Fyrsti leikurinn undir hans stjórn var í gini úlfins, á Etihad Stadium, heimavelli Manchester City. Swansea-liðið spilaði vel í þeim leik en mátti samt setta sig við 1-2 tap. Gylfi spilaði sem fremsti maður í leiknum sem var sennilega hans besti á tímabilinu. Landsliðsmaðurinn átti marg-

MARKAHÆSTU LEIKMENN SWANSEA

Leikmaður	Fjöldi marka
1. Wilfried Bony (2013-15)	25
2. Michu (2012-13)	20
3. Gylfi Þór Sigurðsson (2012, 2014-)	19
4. Nathan Dyer (2011-)	17
5. Danny Graham (2011-13)	15

STOÐSENDINGAHÆSTU LEIKMENN SWANSEA

Leikmaður	Fjöldi marka
1. Gylfi Þór Sigurðsson (2012, 2014-)	14
2.-4. Wayne Routledge (2011-)	13
2.-4. Pablo Hernández (2012-14)	13
2.-4. Jonjo Shelvey (2013-16)	13
5.-6. Nathan Dyer (2011-)	10
5.-6. Jonathan de Guzmán (2012-14)	10

ar góðar tilraunir en stórleikur Joe Hart í marki City kom í veg fyrir að Gylfi næði að skora.

Eftir sjö leiki án sigurs náði Swansea loks í þrjú stig með 1-0 sigri á West Brom á öðrum degi jóla. Liðið var þó enn stjóralaust en meðal þeirra sem voru orðaðir við starfið á þessum tíma má nefna Marcelo Bielsa og Gus Poyet.

Ítalskur reynslubolti tekur við

Curtis stýrði Swansea þangað til Ítalinn Francesco Guidolin var ráðinn stjóri félagsins 18. janúar. Guidolin er ekki þekkt nafn á Englandi en Ashley Williams, fyrirlíði Swansea, viðurkenndi að hann hefði „gúglað“ nýja stjórnann til að finna upplýsingar um hann.

Þessi sextugi Ítali hefur farið víða á löngum ferli, en fyrir utan eitt tímabil við stjórnvölinn hjá franska liðinu Monaco hefur hann einungis starfað í heimalandinu.

Til marks um hversu lengi Guidolin hefur verið að þá hafa bara sex stjórnar í sögu ítölsku úrvalsdeildarinnar stýrt liðum í fleiri leikjum en hann (555 leikir á 21 ári).

Síðasti viðkomustaður Guidolin, áður en hann kom til Swansea, var Udinese sem hann stýrði á árunum 2010-14. Strax á fyrsta tímabili Guidolin við stjórnvölinn endaði Udinese í 4. sæti ítölsku deildarinnar og vann sér þar með sæti í forkeppni Meistaradeildar Evrópu þar sem liðið tapaði 3-1 samanlagt fyrir Arsenal.

Tímabilið 2011-12 gerði Udinese enn betur og náði 3. sætinu. Aftur mistókst liðinu þó að komast í riðlakeppni Meistaradeildarinnar eftir tap fyrir Braga frá Portugal. Næsta tímabil lenti Udinese í 5. sæti en 13. sætið varð niðurstaðan á síðasta tímabili Guidolin við stjórnvölinn hjá félaginu.

Á rétttri leið

Guidolin, sem er mikill áhugamaður um hjólreiðar, horfði á Swansea vinna nýliða Watford daginn sem hann var ráðinn og stýrði liðinu svo í fyrsta sinn um þar síðustu helgi þegar Svanirnir unnu 1-2 sigur á Everton á útivelli. Það var jafnframt fyrsti sigur Swansea á Everton í deildarleik.

Gylfi kom Swansea yfir gegn Everton með marki úr vítaspyrnu en það var þriðja mark hans á árinu 2016. Landsliðsmaðurinn skoraði einnig í tapleikjum gegn Manchester United og Sunderland.

„Þetta voru frábær úrslit. Við höfum unnið tvo leiki í röð og spilað mjög vel í þeim báðum,“ sagði Gylfi í viðtali eftir sigurinn á Goodison Park en með honum komst Swansea fjórum stigum frá fallsæti. „Það gefur okkur mikið sjálfsstraust og sýnir að hæfileikarnir eru til staðar í liðinu,“ bætti Gylfi við.

Gylfi eltir met

Markið gegn Everton var níjtjándi mark Gylfa fyrir Swansea í úrvalsdeildinni en aðeins Wilfried Bony (25) og Michu (20) hafa gert fleiri síðan félagið vann sér sæti í deildinni 2011. Með sama áframhaldi gæti Gylfi fljótlega orðið markahæsti leikmaður Swansea í úrvalsdeildinni.

Hann er nú þegar stoðsendingahæstur í stuttri úrvalsdeildarsögu Swansea, með 14 slíkar, og það væri glæsilegur árangur hjá þessum frábæra leikmanni að vera bæði marka- og stoðsendingahæstur í úrvalsdeildarsögu Svananna.

Mestu skiptir þó að Swansea haldi áfram að hala inn stig og bjargi sér frá falli. Og með Gylfa í góðu formi og nýjan mann í brúnni eru liðinu flestir vegir færir.



THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

Nýr seguldrifinn blandari frá KitchenAid



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Refirnir hans Ranieri

Leicester City hefur komið liða mest á óvart í vetur en þegar 15 umferðum er ólokið sitja lærisveinar Claudio Ranieri á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

„Claudio Ranieri? Í alvöru?“ Svo hljóðaði tíst frá Gary Lineker 13. júlí í fyrra eftir að gengið var frá ráðningu Claudio Ranieri sem knattspyrnustjóra Leicester City. Félagið stendur nærri hjarta Linekers enda hóf hann fótboltaferilinn þar og hann, líkt og flestir, hafði efasemdir um að Ranieri væri rétti maðurinn í brúna hjá Leicester. Og skiljanlega. Áður en Ranieri tók við Leicester var hann landsliðsþjálfari Grikklands en var rekinn úr starfi eftir tap á heimavelli fyrir Færeyjum í undankeppni EM 2016.

Byggt á sama grunni

Nú, í byrjun febrúar 2016, er öldin önnur. Leicester situr á toppi ensku úrvalsdeildarinnar með þriggja stiga forskot á næstu lið og Ranieri er þegar búinn að tryggja sér titilinn knattspyrnustjóra ársins. Ótrúlegur árangur hjá liði sem var rófást við botn deildarinnar þegar árið 2015 gekk í garð. Refirnir björguðu sér frá falli með frábærum endaspretti á síðasta tímabili, þar sem þeir unnu sjö af síðustu níu leikjum sínum. Þrátt fyrir þennan góða árangur var knattspyrnustjórinn Nigel Pearson látinn taka pokann sinn.

Galdurinn hjá Ranieri felst kannski helst í því að hann hefur ekki breytt of miklu hjá Leicester og byggt ofan á það sem Pearson gerði vel. Árangur Leicester byggist á miklum dugnaði, góðu skipulagi og beittum sóknarleik.

Aðeins West Brom og Sunderland eru minna með boltann að meðaltali í leik í úrvalsdeildinni en Leicester (44%) og ekkert lið er með jafn lágt hlutfall heppnaðra sendinga (69,7%). Þrátt fyrir þetta er Manchester City eina liðið sem hefur skorað fleiri mörk en Leicester í deildinni í vetur. Refirnir hans Ranieri eru ekki mikið með boltann en þeir nýta þann tíma til hins ýtrasta.

Leikstíll liðsins er afar beinskýttur og hefur gert leikmönnum á borð við Jamie Vardy og Riyad Mahrez kleift að blómstra. Þeir félagar hafa sprungið út í vetur og verið óstöðvandi. Vardy, sem spilaði í utandeildinni fyrir ekki svo mörgum árum, hefur gert 16 mörk en fyrir áramót skoraði hann í 11 leikjum í röð sem er met í úrvalsdeildinni. Mahrez hefur verið litlu síðri, en Alsír-ingurinn er kominn með 13 mörk og átta stöðsendingar.

Fleiri leikmenn hafa látið að sér kveða í Leicester-liðinu. N'Golo Kanté hefur slegið í gegn á mið-

unni og hinir nýju mennirnir, Christian Fuchs og Shinji Okazaki, hafa einnig skilað sínu. Kasper Schmeichel er góður markvörður og miðverðirnir Wes Morgan og Robert Huth eru grjótharðir. Leicester fékk á sig talsvert af mörkum framan af tímabilinu en varnarleikurinn hefur styrkst sem sést best á því að Refirnir hafa haldið hreinu í fjórum af síðustu fimm deildarleikjum sínum.

Fullkominn endir á ævintýrinu?

Leicester er aðeins 15 leikjum frá því að takast hið ómögulega og verða Englandsmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins. Dýfan sem allir töluðu um að Leicester tæki er ekki enn komin og virðist ekki vera á leiðinni. Refirnir hans Ranieri eru einfaldlega að spila eins og meistaraefni og verða eflaust í baráttunni um titilinn allt til loka tímabilsins.

Ítalski herramaðurinn Claudio Ranieri hefur komið öllum á óvart og er með Leicester í toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar þegar 15 umferðir eru eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



LEICESTER CITY Í TÖLUM

45

Mörk skoruð
2. sæti í deildinni

26

Mörk fengin á sig
7. sæti í deildinni

13,3

Skot í leik
7. sæti í deildinni

4,7

Skot á mark í leik
5. sæti í deildinni

44%

Með boltann í leik
18. sæti í deildinni

69,7

Hlutfall heppnaðra sendinga
20. sæti í deildinni

71

Langar sendingar í leik
5. sæti í deildinni

269

Stuttar sendingar í leik
19. sæti í deildinni

22,7

Tæklingar í leik
2. sæti í deildinni

21,5

Bolta náð (interceptions)
1. sæti í deildinni



YFIR
1.300
BEINAR
ÚTSENDINGAR Á ÁRI

Sportpakinn inniheldur: Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.



Sportpakinn er tilvalinn fyrir þá sem elska íþróttir. Enski boltinn, Meistaradeildin, Evrópuboltinn ásamt spjallþáttum með spekingunum. Körfubolti, Formúlan, NFL, bardaga-íþróttir og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.



Jürgen Klopp fagnaði af mikilli innlifun með leikmönnum Liverpool eftir að Adam Lallana skoraði sigurmark liðsins í 4-5 sigrinum á Norwich í uppþóttartíma. Gleraugun hans Klopps brotnuðu í fagnaðarlátunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hveitibrauðsdagar Klopps á Anfield

Það hefur gengið upp og ofan hjá Liverpool eftir að Þjóðverjinn Jürgen Klopp tók við liðinu. Rauði herinn hefur unnið flotta sigra en sýnt veikleikamerki inn á milli.

Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn mikið fjadrafok vegna ráðningar eins knattspyrnustjóra og þegar Jürgen Klopp samdi við Liverpool 8. október síðastliðinn. Og ekki að tilefnislausu. Eftir að hafa unnið frábært starf hjá Borussia Dortmund var Klopp einn eftirsóttasti stjóri heims.

Stórstjarnan Klopp

Þetta snerist ekki bara um að Klopp hafði unnið þrjú stóra titla sem stjóri Dortmund og komið liðinu í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu vorið 2013, heldur einnig hvernig hann gerði það. Dortmund spilaði spennandi og skemmtilegan fótbolta undir stjórn Klopp; pressuðu stíft og sóttu hratt. Og svo er Klopp sjálfur hálfgerð ofurstjarna, enda leitun að litríkari karakter. Leikmenn, fjölmiðlamenn, stuðningsmenn Liverpool, og jafnvel stuðningsmenn annarra liða, éta úr lófanum á þessum sjarmerandi manni sem virðist taka sjálfan sig máturega alvarlega.

En hvernig hafa fyrstu mánudirnir hjá Klopp við stjórnvöllinn hjá Liverpool gengið? Upp og ofan er líklega réttasta svarið. Það hafa komið leikir þar sem Liverpool-liðið virðist vera búið að tileinka sér fótboltaheimspeki Klopps og lítur afar vel út en

inn á milli koma leikir þar sem draugar fortíðar láta á sér kræla.

Hápunkturinn á þeim stutta tíma sem Klopp hefur verið við stjórnvöllinn hjá Liverpool er vafalaust 1-4 sigurinn á Manchester City á útivelli. Rauði herinn sýndi allar sínar bestu hliðar í leiknum og leit svo sannarlega út eins og Klopp-lið. City-menn réðu hvorki við hápressu Liverpool né skyndisóknirnar. Lærisveinar Klopps voru komnir 0-3 yfir eftir rúman hálf tíma og ef ekki hefði verið fyrir góðan leik Joe Hart í marki City hefðu mörk Liverpool orðið mun fleiri.

Liverpool sýndi einnig afbragðsgóða spilamennsku í 1-3 sigrinum á Chelsea í deildinni og 1-6 stórsigrinum á Southampton í deildabikarnum. Þá er Liverpool aðeins annað tveggja liða sem hefur lagt topplið Leicester City að velli í úrvalsdeildinni í vetur.

Föst leikatriði og meiðsli

Veikleikar Liverpool-liðsins koma líka reglulega í ljós. Líkt og undir stjórn Brendans Rodgers er varnarleikurinn vandamál, og þá sérstaklega þegar kemur að því að verjast fyrirgjöfum og föstum leikatriðum. Það kom greinilega í ljós í sigrinum ævintýrlega, 4-5, á Norwich þar sem þrjú af fjórum mörkum

Kanarífuglanna komu eftir föst leikatriði.

Þessi vangeta til að verjast föstum leikatriðum er helsta hindrunin á leið Liverpool í átt að stöðugleika, ásamt meiðslunum sem hafa leikið leikmenn liðsins grátt undanfarnar vikur. Þau eru kannski að einhverju leyti fylgiskur mikils leikjaálags og leikstíls Klopps sem er mjög líkamlega krefjandi fyrir leikmenn.

Færri stig í leik en hjá Rodgers

Árangurinn hjá Klopp í deildinni er viðunandi en ekki mikið meira en það. Í 15 deildarleikjum undir stjórn Þjóðverjans hefur Liverpool náð í 22 stig, eða 1,46 stig að meðaltali í leik. Forveri hans í starfi, áður nefndur Rodgers, náði í 12 stig í fyrstu átta leikjum tímabilsins, eða 1,5 stig að meðaltali í leik. Það má þó ekki gleyma því að Liverpool er komið í úrslit deildabikarsins, áfram í Evrópu deildinni og er enn með í ensku bikarkeppninni.

Ferilskráin og persónuöftrar Klopps þýða að hann fær tíma á Anfield. Þjóðverjinn er líka enn að vinna með hóp forvera síns en Klopp mun eflaust láta til sín taka á félagskiptamarkaðinum næsta sumar. Hveitibrauðsdagarnir standa enn yfir en það verður svo að bíða og sjá hvernig hjónalífið á Anfield verður.



SPORT

SUNNUDAGINN

7. FEBRÚAR KL. 23:00

SUPER BOWL

**DENVER BRONCOS
CAROLINA PANTHERS**

Það stýttist í stærsta íþróttaviðburð ársins í Bandaríkjunum þegar keppt verður í Super Bowl í fimmtugasta sinn. Að þessu sinni mætast **Carolina Panthers** og **Denver Broncos** á Levi's-leikvanginum í San Francisco. **Cam Newton** og félagar í **Panthers** þykja sigurstranglegrí en reynsla **Peyton Manning** á örugglega eftir að reynast **Broncos** drjúg í leiknum. Íslenskir NFL-sérfræðingar greina leikinn í sjónvarpsveri okkar á meðan honum stendur. **Ekki missa af æsispennandi ruðningi og frábærum skemmtatriðum í hálfleik.**

COLDPLAY,
BEYONCÉ,
BRUNO MARS
OG RIHANNA
SKEMNTA Í
HÁLFLEIK!

Bestu kaup síðasta sumars

Liðin í ensku úrvalsdeildinni voru dugleg að kaupa leikmenn síðasta sumar. Þau heppnuðust misvel; sum lið gerðu kjarakaup en önnur keyptu köttinn í seknum. Að mati Fréttablaðsins gerðu West Ham, Leicester City og Tottenham Hotspur bestu kaup síðasta sumars.



Dimitri Payet

28 ára franskur sóknarmiðjumaður
Keyptur fyrir 10,5 milljónir punda frá Marseille
16 leikir: 6 mörk og 4 stoðsendingar

West Ham hefur unnið 8 af 16 leikjum sem Payet hefur spilað en aðeins 1 af 7 sem hann hefur misst af

Stoðsendingakóngur frönsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili var ekki lengi að stimpla sig inn hjá West Ham. Í fyrsta leik tímabilsins lagði hann upp annað mark Hamranna í 0-2 sigri á Arsenal á útivelli. Payet lét ekki þar við sitja heldur átti Frakkinn stóran þátt í góðu gengi West Ham framan af vetri. Hann skoraði og lagði upp mörk jöfnum höndum og gladdi stuðningsmenn Lundúnaliðsins með frábærum tilþrifum. Payet meiddist á ökkla í byrjun nóvember og missti af þeim sökum af sjö deildarleikjum. West Ham vann aðeins einn þeirra sem segir sitt um mikilvægi Payets. Hann sneri aftur í 2-0 sigri á Liverpool 2. janúar og sýndi svo hvers hann er megnugur í 1-3 sigrinum á Burnley þar sem hann skoraði stórglæsilegt mark beint úr aukaspyrnu og lagði svo upp mark fyrir Enner Valencia með mögnuðum tilþrifum. Payet býr yfir einstökum leikskilningi og frábærri tækni og áhrifum hans á West Ham má helst líkja við þau sem Carlos Tevez hafði á liðið fyrir tæpum áratug.



N'Golo Kanté

24 ára franskur miðjumaður
Keyptur fyrir 6,3 milljónir punda frá Caen
23 leikir: 1 mark og 2 stoðsendingar

Enginn leikmaður í úrvalsdeildinni vinnur boltann jafn oft að meðaltali í leik og Kanté (4 sinnum)

Það voru ekki margir sem höfðu heyrt nafnið N'Golo Kanté þegar Leicester gekk frá kaupnum á honum í ágústbyrjun í fyrra. En nú, sex mánuðum seinna, er nafn hans á allra vörum. Þessi 24 ára gamli þindarlaus miðjumaður hefur slegið í gegn á sínu fyrsta tímabili í úrvalsdeildinni og átt stóran þátt í frábæru, og óvæntu, gengi Leicester. Kanté virðist sniðinn fyrir fótboltann sem er spilaður á Englandi. Þrátt fyrir að vera ekki mikill fyrir mann að sjá (aðeins 169 cm á hæð og 68 kg) er hann gríðarlega harður af sér. Enginn leikmaður í úrvalsdeildinni vinnur boltann oftast að meðaltali í leik (4 sinnum) og aðeins Lucas Leiva hjá Liverpool vinnur fleiri tæklingar að meðaltali í leik en Kanté. Og þrátt fyrir þetta hefur Frakkinn aðeins fengið tvö gul spjöld á tímabilinu. Leicester situr í toppsæti deildarinnar þegar aðeins 15 umferðir eru eftir og ef því á að takast hið ómögulega og vinna sjálfan Englandsméistaratilinn þarf Kanté að halda uppteknum hætti.



Toby Alderweireld

26 ára belgískur miðvörður
Keyptur fyrir 11,2 milljónir punda frá Atlético Madrid
23 leikir: 2 mörk og 2 stoðsendingar

Tottenham er búið að fá á sig 19 mörk í 23 leikjum í úrvalsdeildinni. Á sama tíma í fyrra var liðið búið að fá á sig 30 mörk

Ungt lið Tottenham hefur spilað vel í vetur og situr í 4. sætinu, aðeins fimm stigum frá toppliði Leicester City. Leikmenn á borð Dele Alli og Harry Kane hafa verið mest í sviðsljósinu en lykilinn að góðum árangri Tottenham er sterkur varnarleikur. Belgíski miðvörðurinn Toby Alderweireld á hvað stærstan þátt í því að Tottenham hefur fengið á sig fæst mörk í úrvalsdeildinni, aðeins 19 í 23 leikjum. Á sama tíma í fyrra var Spurs búið að fá á sig 30 mörk. Belginn hefur smellpassað inn í lið Tottenham og landarnir Alderweireld og Jan Vertonghen mynda sennilega sterkasta miðvarðaparið í úrvalsdeildinni. Þeir ná gríðarlega vel saman enda spiluðu þeir áður saman hjá Ajax. Tottenham setur mótherja sína jafnan undir mikla pressu framfarlega á vellinum og því þarf varnarliðinn að spila mjög framfarlega sem Alderweireld og Vertonghen leysa þrýðilega. Alderweireld, sem hefur leikið alla 23 deildarleiki Tottenham, er sterkur varnarmaður, fer vel með boltann og er með góðar langar sendingar. Þá hefur hann skorað tvö mörk í vetur.

VILTU HRÖKKVA Í GÍRINN?

Þeir sem hugsa um hollustuna velja BURGER hrökkbrauð. Í því er enginn viðbættur sykur og ekkert ger. Það er líka einstaklega bragðgott!

Það er engin tilviljun að BURGER er vinsælasta hrökkbrauðið á Íslandi.



HUGSAÐU UM HOLLUSTUNA!

LED SJÓNVÖRÞ

OLED SJÓNVÖRÞ

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG

ÚTSALA
ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

65" SJÓNVÖRÞ

79" STÓR SJÓNVÖRÞ

ÚTVÖRÞ

HLJÓMTÆKI

84" STÓR SJÓNVÖRÞ

HEIMABIÓ

BLU-RAY SPILARAR

HEYRNARTÓL

BÍLGRÆJUR

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLULOK Á LAUGARDAG



LG PHILIPS THOMSON Panasonic

YAMAHA KENWOOD Nikon GRUNDIG

harman/kardon OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC SanDisk

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin



RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



16 mörk hjá Vardy. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hörð barátta um gullskóinn

Þegar 15 umferðir eru eftir af ensku úrvalsdeildinni hefur Jamie Vardy forystu í kapphlaupinu um gullskóinn. Vardy hefur skorað 16 mörk fyrir topplið Leicester City, en hann afrekaði það að skora í 11 deildarleikjum í röð fyrir áramót.

Næstur á markalistanum kemur Belginn Romelu Lukaku hjá Everton með 15 mörk. Í 3. sæti er Nígeríumaðurinn Odion Ighalo sem hefur slegið í gegn með nýliðum Watford. Ighalo hefur skorað 14 mörk, eða rúman helming marka Watford í deildinni.

Harry Kane hjá Tottenham og Leicester-maðurinn Riyad Mahrez koma næstir en þeir hafa báðir skorað 13 mörk. Sergio Agüero, markakóngur síðasta tímabils, er í 6.-7. sæti markalistans ásamt Olivier Giroud, framherja Arsenal, en þeir hafa skorað 12 mörk hvor.



Til hamingju með nýja starfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sá eftirsóttasti valdi City

Í fyrradag var tilkynnt um ráðningu Pep Guardiola sem næsta knattspyrnustjóra Manchester City. Spánverjinn tekur við starfinu af Manuel Pellegrini að tímabilinu loknu.

Koma Guardiola á Etihad-völlinn hefur legið í loftinu í nokkurn tíma, eða frá því að hann greindi frá þeirri ákvörðun sinni að hann ætlaði að hætta sem stjóri Bayern München í vor. Guardiola var einnig orðaður við Manchester United og Chelsea en City var þó alltaf líklegasti kosturinn. Ekki síst fyrir þær sakir að Txiki Begiristain, maðurinn sem átti hvað stærstan þátt í því að ráða Guardiola sem stjóra Barcelona árið 2008, er yfirmaður knattspyrnumála hjá City.

Guardiola hefur náð frábærum árangri á stjóraferli sínum. Hann gerði Barcelona þrívísing og tvisvar að Evrópumeisturum. Þá hefur hann stýrt Bayern til tveggja Þýskalandsmeistarátitla og sá þriðji kemur að öllum líkindum í hús í vor.

Pellegrini hefur stýrt City síðan 2013 en liðið varð enskur meistari og deildabikarmeistari á hans fyrsta tímabili við stjórnvöllinn. Pellegrini getur kvatt City með stæl en liðið er í 2. sæti ensku úrvalsdeildarinnar, komið í 5. umferð bikarkeppninnar, í úrslit deildabikarsins og í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Það gæti því farið svo að Pellegrini kveddi City með fernunni. Guardiola er reyndar vanur að taka við liði sem hefur unnið allt en hann tók við Bayern sumarið 2013 þegar liðið var þrefaldur meistari.


STOÐSENDINGAKÓNGURINN ÖZIL

Á meðan baráttan er hörð um markakóngstitilinn í ensku úrvalsdeildinni er lítil spennan í baráttunni um stoðsendingakóngstitilinn. Mesut Özil hjá Arsenal er einfaldlega búinn að stinga alla af í því kapphlaupi en Þjóðverjinn hefur gefið hvorki fleiri né færri en 16 stoðsendingar í úrvalsdeildinni til þessa. Magnaður árangur hjá þessum snjalla leikmanni sem er að eiga sitt langbesta tímabil síðan hann kom til Arsenal 2013.

Özil er þegar búinn að gefa fleiri stoðsendingar á þessu tímabili en hann gaf samtals á fyrstu tveimur tímabilum sínum hjá Arsenal. Özil hefur einnig skorað þrjú mörk sjálfur og hefur því komið með beinum hætti að 19 af 37 deildarmörkum Arsenal á tímabilinu. Oliver Giroud hefur sérstaklega notið góðs af sendingum Özils í vetur en Þjóðverjinn hefur lagt upp sex mörk fyrir franska framherjann.

Næstur á stoðsendingalistanum kemur Kevin De Bruyne sem hefur átt níu stoðsendingar á félag sína í Manchester City. Belginn var keyptur fyrir fúlgur fjár frá Wolfsburg síðasta haust en hann hefur sýnt að hann er hverrar krónu virði.

Þrír leikmenn hafa gefið átta stoðsendingar í úrvalsdeildinni; David Silva hjá Man City, Gerard Deulofeu hjá Everton og Riyad Mahrez hjá Leicester City.



Löng og farsæl reynsla og sérstaklega hagstætt verð

ÞORRAVEISLUR
1.990 kr.- per mann

Verðdæmi:
Heitt og kalt hlaðborð
1.990 kr.- per mann

Veislubjónusta Magnúsar Inga Magnússonar, Mínir menn,

býður upp á girnilegt hlaðborð í veislusal, heima eða á vinnustaðnum



Nánari upplýsingar á minirmenn.is



Upplýsingar veitir Magnús Ingi í síma 696-5900 magnusingi@gmail.com

BÍLAR & FARARTÆKI



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgærd 2007, ekinn 159 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.302036. Á staðnum.




TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgærd 2006, ekinn 165 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.302114. Á staðnum.



TOYOTA Aygo h/b. Árgærd 2006, ekinn 163 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 690.000. Rnr.106922. Á staðnum.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is



EINN SÁ ÁREIÐANLEGASTI
'05 TOYOTA COROLLA 1,6 SPORT.
Ek 153þ, BENÍN, BEINSK. NÝ
VETRARDEKK, 840þ. Rnr 450840. S:
580-8900



BIG BLOCK YARIS!
'06 TOYOTA YARIS. Ek 171þ, BENÍN,
BEINSK. STÆRRI VÉLIN! V: 880þ. Rnr
450863. S: 580-8900



FYRIR STÓRU
FJÓLSKYLDUNA!
'06 NISSAN PATHFINDER, ek 221þ,
DÍSEL, SJÁLFSK, LEDUR, LÚGA,
BAKKMYNDAVÉL. V: 1.980þ. Rnr
450677. S: 580-8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á
öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg. 2006
ek. 253 Pkm, Sjálfskiptur, mjög gott
eintak, möguleiki á 100% vísaláni,
tilboðsverð 590 þús !!! gsm 8939500



ÚTSALA DIESEL ÚTSALA
LEGACY OUTBACK PREMIUM DIESEL
árg. 2015 ek. 38 Pkm, sjálfsk, álfelgur,
bakmyndavél, tilboðsverð 5090 þús
!!! gsm 8939500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
OPEL ASTRA árg. 1999 ek. 188 Pkm,
5 girar, mjög gott eintak, möguleiki á
100% vísaláni, tilboðsverð 199 þús !!!
gsm 8939500

Bill.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



VW Sharan 1.8T COMFORTLINE
04/2005, ekinn 170 Þkm, bensín,
sjálfskiptur. Ný tímareim og ný
heilsársdekk. Verð 1.190.000 TILBOÐ
890.000. 100% kortalán Raðnr.254677
á www.BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VW Passat alltrack 4wd diesel. Árgærd
2012, ekinn 70 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur
6 girar. Verð 4.480.000. falletgur og vel með
farinn Rnr.115104.



CHEVROLET Cruze Is. Árgærd 2014,
ekinn 25 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6
girar. TILBOÐ 2.490. Ásett verð 2.690.
Rnr.115099.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



Kia Sportage EX, 5/2014, ek 60 þús
km, dísel sjk, ásett verð 4990 þús,
tilboðsverð 4390 þús, raðnr 210168,

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga og
laugardaga 11-15
www.100bilar.is

atvinna

Bílar til sölu



Suzuki Grand Vitara 2006 sjálfskipt.
80þ.km Leðurseti. Verð 999þ. S.
6162597

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnað lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu
sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja
Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bátar



Smíðum álfurir í báta stóra sem
smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar
algluggar.is Hafðu samband og fáðu
tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S:
567 6700.

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is



Hágæða gormar í
fólksbíla og jeppa.

Stál og Stansar ehf.
Vagnhöldi 7 - sími 517 5000

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló,
Yaris, kangoo. Renni diska og skálar.
Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

Bílaleiga

TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALÉIGA

Tvær heimasíður - tvöfaldur sýnileiki.
Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn
stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott
tækifæri, auðveld kaup. Upplýsingar í
S: 776-6001

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglarðir píparar geta bætt við
sig verkefnum í bæði viðhaldi og
nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir
og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og
stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð
á sanngjörnu verði. Bókhald og
þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Viltu nýta meiraprófið í sumar?

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í sumarstörf.

Við leitum að bílstjórum með CE meirapróf staðsetta í Reykjavík,
Austurlandi og Akureyri. Um fjölbreytt störf er að ræða við
olíudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip.

Leitað er af fólki sem hefur ríka þjónustulund og getur unnið
sjálfstætt.

Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir
þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Við hvetjum jafnt konur og
karla til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937
(Reykjavík og Austurland) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma
550-9910 (Akureyri).

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljóttandi eldsneyti. Olíudreifing rekur
einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 130
talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum.

Olíudreifing | Hólmahlóð 8-10 | 101 Reykjavík | sími 550-9900 | odr@odr.is | www.olíudreifing.is

Umsóknir
sendist á
odr@odr.is.

Ráðningartíminn
er sveigjanlegur,
getur verið allt frá
byrjun apríl til loka
september.



Olíudreifing

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald


LOFTSTOKKAHREINSUN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftþræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Smidur.com
s. 897 9933

Húsviðhald**HÚSASMÍÐAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720
eða bragj@boga.is

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steyp og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Get bætt við mig verkefnum. Viðhald. Endurbætur. Öll almenn smíðavinna. Tilboð tímavinnu. Uppl. í s 893 5374

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. máln, múrun, flísa- & parketlagir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar**SPÁSÍMI 908 6116**

Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirry.

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

KEYPT & SELT**Óskast keypt****STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupungull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)


Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Til bygginga**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**


Vatnsklæðning, panill, pallaeftni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarollía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA**Nudd****TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og aksturamat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**fasteignir****MIKLABORG** leitar að ...

Einbýli í Garðabæ ...

Leitum af einbýli að lágmarki 430 fm í ákveðnum hverfum í Garðabæ; Akralandinu, Arnarnesinu eða á Flötunum.

Góðar og öruggar greiðslur.



Nánari upplýsingar veitir Jason Kristinn Ólafsson aðstrm. fasteignasala sími: 775 1515 jassi@miklaborg.is



Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali sími: 569 7000 oskar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lög múla 4 www.miklaborg.is Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar - með þér alla leið -

atvinna


Sölumaður í Íslandsdeild

ferðapjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Ferðapjónusta bænda leitar að öflugum einstaklingi í starf sölumanns Íslandsdeildar. Viðkomandi mun sjá um bókanir og skipulagningu á ferðum erlendra gesta á Íslandi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og bókanir á þjónustu fyrir erlenda ferðamenn
- Skipulagning á ferðum innanlands
- Samskipti við birgja, ferðaskrifstofur og erlenda gesti
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Starfsreynsla á ferðaskrifstofu skilyrði
- Frumkvæði, metnaður, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði, annað tungumál kostur
- Geta unnið vel undir álagi og yfirvinnu á álagstímum
- Góð þekking á Íslandi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og góð þjónustulund

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@farmholidays.is fyrir 9. febrúar 2016.

Nánari upplýsingar má finna á farmholidays.is/atvinna

Ferðapjónusta bænda er leiðandi fyrirtæki í íslensku ferðapjónustu. Fyrirtækið á sér yfir 30 ára sögu og býður upp á breitt úrval ferða og afþreyingar ásamt gistingu allt í kringum landið á um 180 gististöðum af ýmsu tagi. Einnig eru í boði innihaldsrikar pakkaferðir með íslensku fararstjórn um allan heim, þar sem farþegar njóta góðs félagskapar og kynnað menningu og náttúru merkra áfangastaða.



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÖDINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hagamelur 24. Neðri hæð auk séríbúðar í risi
Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

OPIÐ HÚS

Mjög falleg neðri hæð auk séríbúðar í risi í mjög fallegu og virðulegu húsi við Hagamel. Eignin er innréttað sem tvær íbúðir í dag, en auðvelt væri að nýta hana sem eina íbúð ef vill. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. allt risið innréttað uppá nýtt. Verð 69,0 millj. Verið velkomin.

Seilugrandi 8. 2ja herbergja -sérinngangur
Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

OPIÐ HÚS

Falleg 56,2 fm. á 2. hæð með sérinngangi af svölum á þessum vinsæla og eftirsóttá staði í Vesturbænum. Sér stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni og sér geymsla í kjallara. Suðursvalir út af stofu. Tengir fyrir þvottavél í eldhúsi. Snyrtileg sameign. Verð 24,9 millj. Verið velkomin.

öll aðföng, á borð við raforku, að vera á samkeppnishæfu verði.

Advania er núna í eigu sænskra fjárfesta sem hafa það að markmiði að bjóða fyrirtæki út og skrá það í kjölfarið á markað. Ægir Már segist þó ekkert vita um tímasetningar fyrirhugaðs útbods. Það sé ákvörðun eigendanna. „En maður þarf að velta fyrir sér hvaða þýðingu þetta hefur fyrir starfsfólkið. Og í rauninni breytir þetta ekkert rosalega miklu fyrir hinn venjulega starfsmann. Við höfum sagt það að félagið á að vera skráningarhæft. Þannig að þegar kallið kemur þá þurfi ekki mikið til þess að verða við því. Okkar verkefni hérna er að reka gott fyrirtæki og við erum lítið að velta þessu fyrir okkur.“

Lærði sálfræði við HÍ

Leið Ægis Márs í forstjórastólinn hjá Advania er ólík margra annarra sem veljast til forystu í stórfyrirtækjum. Hann kláraði ekki viðskiptafræði eða hagfræði heldur lauk hann sálfræði-prófi frá Háskóla Íslands árið 1998 og vatt sér svo í framhaldsnám, sem hann kláraði nokkrum árum seinna. „Ástæðan fyrir því að ég fór í það nám var fyrst og fremst sú að mér finnst fræðin skemmtileg. Mér finnst þetta snerta á öllum mögulegum sviðum manneskjunnar. Snerta á því hvernig við virkum í hóp, hvernig við virkum sem einstaklingar og hvernig við virkum sem lífverur,“ segir Ægir Már. Hann bætir því við að áhugasvið hans séu mjög fjölbreytt og honum hafi fundist þetta allt saman mjög spennandi og áhugavert, en hafði mikinn áhuga á vinnusálfræði. Hann var í fyrsta hópnum sem fór í gegnum kandidatsnámið í Háskóla Íslands og lagði áherslu á vinnusálfræði að því marki sem hægt var. „Eftir útskrift úr mastersnámi hóf ég störf hjá fyrirtæki sem hét þá IMG (en heitir í dag Capacent) og var þar sem ráðgjafi. Sú ráðgjöf snerist að miklu leyti um mannauðsmálefni. Það var þar sem ég fann mína syllu og vann þar í nokkur ár. Svo kom að því að það fyrirtæki stækkaði og það þurfti alveg sérstakan fólus



Hjá Advania á Íslandi starfa um sex hundruð manns. Nýlega bættust starfsmenn Tölvumiðlunar í hópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég held að þau fyrirtæki sem ætla sér að ná árangri í þessum bransa nái því ekki öðruvísi en að vera með mikla og skynsamlega áherslu á fólk.

Ægir Már Þórisson, forstjóri Advania á Íslandi.

á mannauðsmálin og ég tók við því hlutverki og svo í rauninni endaði ég á því að stýra ráðgjafareiningunni. Varð framkvæmdastjóri ráðgjafarsviðs,“ segir hann.

Ægi Má bauðst svo tækifæri til þess að taka við mannauðsmálunum hjá Skýrr og ákvað að grípa tækifærið. „Mér fannst það verkefni gríðarlega spennandi. Sérstaklega fyrir þær sakir hvað mikið átti eftir að gerast. Þetta er fyrirtæki sem keyrir sig nær eingöngu á fólk og það að koma inn í mannauðsmál hjá slíku fyrirtæki er alveg ótrúlega spennandi,“ segir hann

Heldurðu að þú leggir meiri áherslu

á starfsmannamál í þessu fyrirtæki en gerist og gengur, maður með þína menntun?

„Já, það er erfitt að hlaupa frá uppruninum, ég myndi halda það. Ég held að þau fyrirtæki sem ætla sér að ná árangri í þessum bransa nái því ekki öðruvísi en að vera með mikla og skynsamlega áherslu á fólk,“ segir Ægir Már og bætir því við að starfsemi fyrirtækisins byggji fyrst og fremst á hugviti. „Það var mitt markmið sem mannauðsstjóri að búa til framúrskarandi vinnustað og vægi þess hefur síst minnkað.“

Ægir Már vekur athygli á því að í byrjun ársins hafi fyrirtækið tekið inn

í hús starfsfólk Tölvumiðlunar. „Það er í raun og veru nýsköð og út frá mínu sjónarhorni hefur það verið mjög skemmtilegt ferli og gengið gríðarlega vel. Við erum komin með þrjátíu starfsmenn sem hafa sérhæft sig í því að smíða og þróa mannauðslausn sem hentar íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Það að taka þetta inn þannig að það gangi allt vel fyrir sig er verkefni í sjálfu sér,“ segir hann. Þetta hafi krafist góðs undirbúnings og verkefnið hafi gengið vel. Hann segir að það hafi verið mun einfaldara ferli að samþætta rekstur Thor Data Center við fyrirtækið því starfsemin sé eðlisólík.

VIÐ PRENTUM

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölþóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ARNAR RAGNARSSON



Yfir sérhæfðum fjárfestingum

Arnar Ragnarsson hefur verið ráðinn forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni. Frá árinu 2012 hefur hann starfað sem sjóðsstjóri í framtaksfjárfestingum hjá Stefni.

Arnar er með B.S.-próf í hagfræði frá Háskóla Íslands og MBA frá INSEAD í Frakklandi, jafnframt því að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Arnar hefur starfað á fjármála-markaði frá árinu 2002, meðal annars sem forstöðumaður viðskiptaþróunar og fyrirtækjaráðgjafar hjá Arion banka.

Arnar hefur áður starfað við stjórnarsetu og hefur setið í stjórn um fjölmargra fyrirtækja. Hann situr nú í stjórn Festar hf., og annarra félaga sem tengjast rekstri framtaksfjárfestinga hjá Stefni. – sg

ANNA BJÖRK BJARNADÓTTIR



Til starfa hjá Expectus

Anna Björk Bjarnadóttir tók hinn 1. febrúar við starfi framkvæmdastjóra hjá ráðgjafarfyrirtækinu Expectus.

Anna Björk hefur viðtæka reynslu úr viðskiptalífnum og starfaði m.a. hjá TDC í Noregi um tíma og alls í átta ár hjá Símanum og þar af fimm ár í framkvæmdastjórn.

Anna hefur starfað við ráðgjöf hjá Expectus síðan 2013, en síðasta árið hefur hún einnig verið framkvæmdastjóri dótturfélags Expectus sem framleiðir hugbúnaðinn exMon. – sg

BENEDIKT ÓLAFSSON



Fjármálastjóri hjá Skeljungu

Skeljungur hefur ráðið Benedikt Ólafsson sem framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

Benedikt Ólafsson starfaði áður sem forstöðumaður teymis sérhæfðra fjárfestinga hjá Stefni og var sjóðsstjóri framtakssjóðanna SÍA I og SÍA II. Benedikt hefur starfað hjá Stefni og Arion banka frá árinu 2004.

Benedikt er með B.Sc.-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. – sg



Ólafur Darri mun stýra skrifstofu sem heldur utan um fjárveitingar til heilbrigðis- og velferðarmála. FRÉTTABLAÐID/ANTON

Herðubreið er uppáhaldsfjallið

Ólafur Darri Andrason ákvað að söðla um og hefja störf í velferðarráðuneytinu eftir áralangt starf hjá ASI. Í tómstundum sínum gengur hann á fjöll og hleypur Laugavegin eða maraþon. Herðubreið er í uppáhaldi.

SVIPMYND

ÓLAFUR DARRI ANDRASON

Ólafur Darri Andrason hefur verið skipaður skrifstofustjóri skrifstofu hagmála og fjárlaga í velferðarráðuneytinu. Hann var einn þeirra fjögurra umsækjenda sem sérstök hæfnisnefnd taldi hæfasta til að gegna embættinu.

Ólafur Darri er með B.Sc. í hagfræði og meistaraþróf í viðskiptafræði með áherslu á fjármál. Hann hefur unnið í rúm þrettán ár hjá Alþýðusambandinu og segir það hafa verið krefjandi og skemmtilegan vettvang. „En eftir dálitla umhugsun þá langaði mig til að breyta til og ég sá spennandi starf.“ Hann segir nýja starfið áskorun en skrifstofa hagmála og fjárlaga haldi utan um fjárveitingar ríkisins til heilbrigðis- og velferðarmála.

Ég gekk á Herðubreið fyrir nokkrum árum í óskaplega fallegu veðri og þá sá maður landið liggja fyrir fótum sér. Það stendur svo stakt, þetta fjall, og maður sér svo víða.

Ólafur Darri Andrason, verðandi skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu

Ólafur Darri segir að síðustu ár hafi verið mjög spennandi á vettvangi Alþýðusambandsins og margt hafi þróast til betri vegar. Nú standi yfir vinna við að bæta kjarasamningsgerðina og hafi frumkvæðið að þeim breytingum komið frá aðilum vinnumarkaðarins. „Það hefur

verið vinna í gangi frá árinu 2013. Þá ákváðum við að skoða hvað við gætum lært af félögum okkar á Norðurlöndunum sem hafa náð að auka kaupmátt meira en við en jafnframt búið við stöðugleika. Í kjölfarið settum við í gang vinnu, þar sem er verið að skoða hvað við getum gert betur í okkar samningsgerð.“ segir Ólafur Darri.

Nú sé búið að ganga frá þessu samkomulagi sem menn hafa kallað SALEK-samkomulagið. „Vonandi náum við að bæta kjarasamningsgerðina hjá okkur með það að markmiði að tryggja hagsæld okkar félagsmanna enn betur,“ segir hann.

Helsta áhugamál Ólafs Darra utan vinnunnar er útivist. „Ég hef óskaplega gaman af því að vera úti í náttúrunni, ganga á fjöll og fara í löng bakpokaferðalög,“ segir hann.

Ólafur Darri segir erfitt að nefna

eitt fjall sem uppáhaldsfjall en upp í hugann komi Herðubreið. „Ég gekk á Herðubreið fyrir nokkrum árum í óskaplega fallegu veðri og þá sá maður landið liggja fyrir fótum sér. Það stendur svo stakt, þetta fjall, og maður sér svo víða,“ segir hann.

Að auki hefur Ólafur Darri mjög gaman af að hlaupa og það lengsta sem hann hefur hlaupið er Laugavegurinn, en hann er um 55 kílómetrar. „Ég hef hlaupið hann tvisvar,“ segir Ólafur Darri sem einnig á að baki nokkur maraþon. Hann segir að fjallgöngur og maraþon séu mjög góður undirbúningur fyrir Laugavegin.

Ólafur Darri er fjölskyldumaður, á konu, tvö börn og tvö tengdabörn og eitt barnabarn. Kona hans er Kristjana Bjarnadóttir og hún er forstöðumaður vefjaflokkunar í Blóðbankanum. Hún er menntaður líffræðingur. jonhakon@frettabladid.is

Google hefur keypt yfir hundrað og áttatíu fyrirtæki

Alphabet, móðurfélag Google, er orðið verðmætasta skráða hlutfélag heims, og er verðmætara en Apple í fyrsta sinn í sex ár. Svo virðist sem spjaldtölvu- og snjallsíma-markaðirnir séu að mettast á meðan auglýsingamarkaður farsíma er að blómstra.

Á mánudagskvöld tilkynntu forsvarsmenn Alphabet um góða afkomu á fjórða ársfjórðungi 2015. Í kjölfarið hækkuðu hlutabréf í félaginu allverulega og hefur fyrirtækið því tekið fram úr Apple sem verðmætasta skráða fyrirtæki í heiminum.

Fyrirtækið er nú metið á 558 milljarða bandaríkjadala, nærri 73 þúsund milljarða íslenskra króna, en Apple er metið á 535 milljarða bandaríkjadala eða rétt tæplega 70

þúsund milljarða íslenskra króna.

Google hefur ekki verið verðmætara en Apple í sex ár, eða síðan í febrúar 2010. En þá voru fyrirtækin einungis metin á tæpa 200 milljarða dollara, jafnvirði 26 þúsund milljarða íslenskra króna, og hafa því orðið mun verðmætari síðan þá. Það var áður en iPad kom út og iPhone 4 sem átti eftir að staðfesta stöðu Apple sem vinsælasta snjallsímaframleiðandans.

Margt bendir til þess að spjaldtölvu- og snjallsíma-markaðirnir séu að mettast sem hefur gríðarleg áhrif á stöðu Apple. Google virðist þó vera að blómstra vegna vaxandi hlutdeildar sinnar á auglýsingamarkaði farsíma. Samkvæmt spám eMarketer mun Google eiga 32 prósent hlutdeild af markaðnum



Larry Page, framkvæmdastjóri Alphabet, hefur yfir mörgu að gleðjast. Hlutabréfaverð félagsins er 18 sinnum hærra en árið 2004. FRÉTTABLAÐID/GETTY

HLUTABRÉFAVERÐ ALPHABET ER

18 sinnum hærra en þegar Google var skráð á markað árið 2004.

á árinu 2016, á móti 20 prósent hlutdeild Facebook.

Lýkillinn að velgengni Alphabet virðist vera að hafa mörg járn í eldinum. Google hefur keypt yfir 180 fyrirtæki og á meðal annars Motorola og YouTube. Auk þess þróar fyrirtækið Android-stýrikerfið, Google Maps og er að þróa sjálfkeyrandi bíla og vélmenni. – sg

Allur hagnaður verði greiddur í arð til eigenda Deloitte

Ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtæki Deloitte hagnaðist um 322,7 milljónir króna á síðasta rekstrarári sem lauk þann 31. maí 2015. Hagnaður félagsins á fyrra rekstrarári var 175 milljónir króna og því jókst hagnaðurinn um 85 prósent milli ára. Deloitte er í eigu D&T sf. sem er í eigu 36 einstaklinga.

Stjórn félagsins leggur til að allt að 322 milljónir verði greiddar í arð, eða sem nemur nær öllum hagnaðinum. Á síðasta rekstrarári nam greiddur arður 159,2 milljónum króna. Greiddur arður 2013-2014 nam 120 milljónum.

Tekjur Deloitte á síðasta rekstrarári námu 3.250 milljónum króna. Þar af námu tekjur af endurskoðun 1.506 milljónum en tekjur af annarri þjónustu 1.744 milljónum króna. Tekjurnar jukust um 234 milljónir króna milli ára.

Eins og gefur að skilja er launakostnaður stærsti útgjaldaliður fyrirtækisins. Hann nam 2.213 milljónum króna, og hækkaði um 27 milljónir milli ára. Stöðugildum fækkaði hins vegar úr 191 í 173. Þá námu launagreiðslur til stjórnenda 207 milljónum króna en

framkvæmdastjórum var fjölgað um einn.

Rekstrarhagnaður Deloitte nam 414 milljónum króna miðað við 236 milljóna hagnað á fyrra rekstrarári. Þá hækkaði annar rekstrarkostnaður lítillaga og nam 590 milljónum.

Eignir Deloitte nema tæplega 1,7 milljörðum króna. Þar af nemur handbært fé 259 milljónum króna og viðskiptakröfur tæplega 800 milljónum.

Eigið fé Deloitte nam 567 milljónum króna en skuldir tæplega 1,2 milljörðum króna. – ih



Höfuðstöðvar Deloitte eru í Turninum í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stofna Iceland Seafood í Japan

Iceland Seafood International og J-Trading, sem Eyþór Eyjólfsson er í forsvari fyrir, hefur ákveðið að stofna Iceland Seafood í Japan. Markmið með starfsemi Iceland Seafood í Japan verður að selja íslenskar sjávarafurðir í Japan og víðar í Asíu. Á sjávarútvegsfréttavefnum Under Current News kemur fram að Eyþór verður forstjóri Iceland Seafood í Japan en Shoji Kiyota verður yfirmaður sölumála. Iceland Seafood verður eigandi að 51 prósent hlutafjár og J-Trading mun eiga 49 prósent hlut. Nýja fyrirtækið mun flytja út loðnu, loðnuhrogn, grálúðu, karfa, makríl, síld og lax. Eyþór Eyjólfsson var áður framkvæmdastjóri Icelandic í Japan. – jhh



Framleiðsla þriggja frystitogara HB Granda nam 19 þúsund tonnum.

29 þúsund tonn í Ísbjörninn

Um 29 þúsund tonn af frystum sjávarafurðum fóru um Ísbjörninn, frystigeymslu HB Granda á Norðurgarði í Reykjavík, í fyrra. Er þar hvort tveggja um að ræða framleiðslu frystitogara félagsins og frystar afurðir frá landvinnslunni í Reykjavík og á Akranesi. Þetta er haft eftir Reyni Danielssyni, framkvæmdastjóra Landar ehf., sem sér um löndunarþjónustu HB Granda í Reykjavík og á Akranesi, á vef HB Granda.

Að sögn Reynis nam framleiðsla frystitogaranna þriggja, Örfiriseyjar RE, Höfrungs III AK og Þerneyjar RE, nálægt 16 þúsund tonnum á árinu og því til viðbótar fóru yfir 13 þúsund tonn af frystum afurðum frá fiskiðjuverunum á Norðurgarði og Akranesi um Ísbjörninn. – jhh

Fyrirtækjakort nýtt í eigin þágu

Rodrigo Rato, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur verið ákærður fyrir að nýta fyrirtækjagreiðslukort í eigin þágu á meðan hann starfaði við spænskan banka. Auk Ratos eru 65 aðrir ákærðir. Hinir ákærðu eru sakaðir um að hafa varið 15,5 milljónum evra (um tveimur milljörðum króna) í eigin þágu, svo sem til kaupa á skartgripum og skemmtiferðum. Þar á Rata að hafa dregið sér 44 þúsund evrur (rúmar sex milljónir króna). Brotin eru sögð hafa átt sér stað á árunum 1999-2012. Rata var framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 2004-2007. Hann tók síðan við sem stjórnarformaður Caja Banka og síðan Bankia Conglomerate frá stofnun og þar til hann féll. – jhh

Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf áræðni og kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.

capacent

Af hverju ætti geymdur eyrir að vera græddur?

Þróstur Sigurðsson ráðgjafi
Fjármál fyrirtækja og opinberra aðila,
arðsemis- og rekstrarúttektir,
viðskiptaáætlanir og verðmöt



Ármúli 13
108 Reykjavík

540 1000
capacent@capacent.is

www.capacent.is



Fjármál
Sigurður Páll
Hauksson
forstjóri Deloitte

1.800 manna skattafundur

Fyrirsögn þessarar greinar er ef til vill eilítið villandi en tengist þó efninu því þann 14. janúar síðastliðinn fór fram árlegur Skattadagur Deloitte sem haldinn er í góðu samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og Samtök atvinnulífsins. Þetta er í þrettánda skipti sem Skattadagurinn er haldinn og hefur þar skapast sú venja að fjármálaráðherra hefur fundinn með ávarpi.

Sú venja hefur vafalaust átt þátt í góðri aðsókn á Skattadaginn en ríflega 250 manns sækja Skattadaginn að jafnaði. Þá eru fleiri Skattadagar haldnir um land allt og bættust þar 200 gestir við í fyrra. Ef einblint er á fundinn í Reykjavík þá sýnir smá leikur að tölum yfir mannfjölda í Reykjavík og í Stokkhólmi að frændur okkar í Svíþjóð þyrftu að fá rétt rúmlega 1.800 gesti á sinn Skattadag til að standast samanburðinn. Til að setja þetta í íslenskt samhengi þá myndi sá fjöldi fylla Eldborgarsal Hörpu.

Þótt ávarp ráðherra sé hér veigamikill þáttur þá hafa tíðar skattalagabreytingar undanfarin ár eflaust einnig töluverð áhrif. Á Skattadeginum nú síðast var bent á að 176 breytingar hefðu verið gerðar á skattkerfinu frá árinu 2008, eða að meðaltali 22 breytingar ár hvert. Bróðurpartur þeirra hefur verið skattahækkningar eða 132 en 44 lækkningar sem flestar áttu sér stað árið 2014. Þessar breytingar eiga sér mislangan aðdraganda og eru ólíkar að umfangi.

Sumum þeirra er tiltölulega auðvelt að laga sig að á meðan aðrar eru flóknar og kostnaðarsamar í innleiðingu, líkt og breytingin núna um áramótin þegar fjöldi ferðaþjónustuaðila var færður inn í VSK-kerfið. Sú breyting á sér stað samhliða fordæmalausum vexti í greininni á nánast alla mælikvarða. Einsýnt er að það mun reynast fjölmörgum ferðaþjónustuaðilum töluvert átak að laga sig að breyttu umhverfi.

Það reynir því á uppbyggilegt samtal skattayfirvalda og ferðaþjónustuaðila næstu vikur og mánuði, í takt við það góða samtal sem á sér stað ár hvert á Skattadeginum.

●● **Það reynir því á uppbyggilegt samtal skattayfirvalda og ferðaþjónustuaðila næstu vikur og mánuði, í takt við það góða samtal sem á sér stað ár hvert á Skattadeginum.**

Sigurður Páll Hauksson,
forstjóri Deloitte

Svínka hringdi bjöllunni



Svínka úr Prúðuleikurunum hringdi bjöllunni í Kauphöllinni í New York þegar gestir Walt Disney fyrirtækisins heimsóttu Kauphöllina í gær. Til efni heimsóknarinnar var að í gær hóf göngu sýna ný þáttaröð af Prúðuleikurunum á sjónvarpsstöðinni ABC. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Veldur þrjóska í Yellen samdrætti í Bandaríkjunum?



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Byrjunin á þessu ári hefur ekki verið góð fyrir fjármálamarkaði heimsins. Hluti af ástæðu þess að hlutabréfamarkaðir á heimsvísu hafa fallið er vafalaust sú að Seðlabanki Bandaríkjanna hefur, undir stjórn Janet Yellen, byrjað að hækka vexti og gefið í skyn að frekari hækkningar séu væntanlegar.

Phillips-kúrfan mun koma Yellen í koll

Yellen hefur síðasta hálfu árið verið ötul við að segja að Seðlabanki Bandaríkjanna ætti að hækka vexti. Þetta hefur greinilega verið vegna þess að atvinnuleysi hefur farið sífellt minnkandi.

Með öðrum orðum: Yellen byggir afstöðu sína á því sem hagfræðingar kalla Phillips-kúrfuna. Kenningin á bak við Phillips-kúrfuna er að það sé neikvæð fylgni á milli atvinnuleysis og verðbólgu. Þannig að ef atvinnuleysi minnki muni verðbólga aukast.

Vandamál Yellen er hins vegar að þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi í Bandaríkjunum eru nánast engin merki um aukið launaskrið og verðbólgan er enn langt undir tveggja prósentu verðbólgu markmiði Seðlabankans.

Reyndar hafa verðbólguvæntingar fjármálamarkaðarins lækkað verulega undanfarið, og miðað við verðbólguvæntingar ætti Seðlabankinn að lækka vexti frekar en að hækka þá.

Þar af leiðandi er ástæða til að halda að Yellen muni endurtaka mistök forvera síns sem seðlabankastjóra, Arthurs Burns. Bara með öfugum formerkjum. Burns einblíndi einnig á Phillips-kúrfuna og þegar atvinnuleysi jókst snemma á 8. áratugnum hélt hann að það myndi leiða til minni verðbólgu, og þess vegna slakaði hann á peninga-

●● **Reyndar hafa verðbólguvæntingar fjármálamarkaðarins lækkað verulega undanfarið, og miðað við verðbólguvæntingar ætti Seðlabankinn að lækka vexti frekar en að hækka þá.**

málstefnunni. En tengsl Phillips-kúrfunnar höfðu rofnað, og í stað minni verðbólgu jók peningamálastefna Burns verðbólguna.

Það er ástæða til að halda að Yellen sé nú að gera sömu mistök, en hún heldur bara að verðbólgan muni brátt aukast (af því að atvinnuleysi er lítið). Afleiðingin er að peningamálastefnan er að verða of aðhaldssöm.

Það er auðvitað umdeilanlegt hvort þrákelkni Yellen, að hækka vexti, muni aftur valda samdrætti í Bandaríkjunum, en miðað við

reynslu sögunnar er vissulega ástæða til að hafa áhyggjur.

Ein leið til að skýra þetta er að líta á svokallaðan ISM-vísi. Þegar ISM er nálægt 50 er hagvöxtur í Bandaríkjunum nokkurn veginn sá sami og hann hefur verið til langs tíma. Þegar ISM fer undir 50 bendir það til þess að það sé að hægja á hagkerfinu. Undanfarna mánuði hefur ISM farið undir 50.

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur aðeins sex sinnum síðan 1948 lækkað vexti á meðan ISM var undir 50. Í fimm af þessum tilfellum hefur samdráttur orðið í bandaríska hagkerfinu innan sex mánaða frá vaxtahækkuninni. Og nú hefur hann gert það aftur – lækkað vexti (í desember) á meðan ISM er undir 50.

Er þá samdráttur yfirvofandi? Það er erfitt að segja til um það, en ef Yellen þrjóska við að halda áfram með vaxtahækkningar verður sennilega erfitt að forðast samdrátt. En ef Yellen viðurkennir hins vegar fljótlega hættuna á samdrætti og aukinni verðbólgu og tilkynnir vaxtalækkun þá er kannski enn hægt að forðast samdrátt.

Hvað skiptir máli?



Hin hliðin
Þórunn Kristín
Jónsdóttir

Flest getum við verið sammála um að við vinnum of mikið og sinnum sjálfum okkur of lítið. Gildi manneskjunnar í íslensku þjóðfélagi virðist fyrst og fremst fólgið í

hversu mikla peninga hún á og hversu mikið hún vinnur. Þegar við erum ekki að vinna þá eigum að vera í ræktinni af hörku og upp um fjöll og firnindi, sem er gott og vel en virðist ekki vera gott og gilt nema að við séum heldur betur að taka á því! Hvað með að staldra aðeins við og huga að því hvað skiptir máli?

Við konur virðumst sérstaklega verða fórnarlömb fullkomnunaráráttunnar og súpermanneskju-„syndrómsins“ en karlarnir eru

engan veginn undanskildir. Að tala um þetta virðist hins vegar tabú nema bak við luktur dyr og skömmin af því að geta ekki allt virðist vera að drepa okkur. Við eigum hvert metið á fætur öðru í lyfjanotkun, áfengisvanda og hjónaskilnuðum.

Ég er nóg!

Sjálf hef ég verið að vinna í mér og hef sérstaklega heillast af verkum Brené Brown, sem er bandarískur fræðimaður sem vinnur með

skömm og varnarleysi og að við séum nóg alveg eins og við erum. Ófullkomin, en algjörlega nóg. Þó að við séum ekki á forstjóra-launum, keyrandi um á 10 milljóna króna jeppa eða fyllum húsið af gullröndóttum vösum, þá erum við samt góðar og gildar manneskjur og eigum það skilið að vera elskuð og að tilheyra samfélaginu. Við markaðsfólkið eigum stóran þátt í að kynda undir neysluhyggju og þeirri tilfinningu að maður eigi og sé aldrei nóg. Við þurfum að

líta í eigin barm og skoða ábyrgð okkar. Margt er hægt að markaðssetja sem bætir líf fólks, en allt of mörgu er ytt að fólki sem veldur bara vansæld. Yngri kynslóðin er sérstaklega viðkvæm. Viljum við kenna börnunum okkar að þau séu ekki menn með mönnum nema þau eigi þetta og eigi hitt og slaki nú ábyggilega aldrei á? Viljum við ekki frekar kenna þeim að þau eru nóg alveg eins og þau eru. Ég er a.m.k. ófullkomin og ég er nóg.

FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

Íbúa á höfuðborgarsvæðinu
á aldersbilinu 12–80 ára lesa
Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla
sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

59,9% lesa
Fréttablaðið

29,9% lesa
Morgunblaðið



Skv. prentmiðlakönnun Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Seigt í því gamla

Reglulega heyrast dómsdagsspár um að hefðbundnir miðlar líði undir lok. Þetta hefur heyrst um allt í senn sjónvarp, prentaðar bækur, dagblöð og tímarit.

Hér á landi hefur umræða sem þessi verið áberandi í tengslum við innreið Netflix á markaðinn.

Málið er hins vegar ekki alveg svona einfalt. Raunar eru ýmis merki um að „gömlu“ miðlarnir séu mun lífseigari en halda mætti af umræðunni. Þannig er það staðreynd að sala á prentuðum bókum í Bretlandi er í talsverðri sókn (sala barnabóka jókst t.d. um 11% milli ára) á meðan sala rafbóka hefur dregist nokkuð saman.

Einnig er það staðreynd að lestur tímarita hefur haldið velli og gott betur með tilkomu internetsins. Sala tímarita í heiminum jókst um 7% milli árána 2014 og 2015.

Ýmis hraustleikamerki er líka að finna í sjónvarpsbransanum. Sky PLC, rekstrarfélag Sky-sjónvarpsrisans í Bretlandi, sem nú rekur einnig miðla undir sama nafni í Þýskalandi og á Ítalíu, heldur áfram að ganga vel. Á síðari hluta síðasta árs námu tekjur félagsins tæplega 1.100 milljörðum og hagnaðurinn tæpum 150 milljörðum íslenskra króna. Það sem meira er, þá vann félagið tæplega 340 þúsund nýja áskrifendur. Um er að ræða mestu fjölgun áskrifenda í riflega tíu ár. Það er því fátt sem bendir til þess að rekstrarmódel Sky, sem er fyrirmynd flestra evrópskra sjónvarpsfyrirtækja, sé á barmi þess að verða úrelt.

Netflix var einnig að birta tölur fyrir síðasta ársfjórðung, en þjónusta félagsins er nú í boði nánast alls staðar í heiminum. Náttúrulega var því mikill vöxtur í áskriftum á fjórðungnum. Tekjur félagsins námu um 236 milljörðum króna. Þrátt fyrir það var hagnaðurinn félagsins aðeins um 5,5 milljarðar króna. Ekki mikið af þessum gríðarlega tekjustofni.

Hvað framtíðina varðar er erfitt að sjá hvaðan frekari tekjuvöxtur á að koma, enda allur heimurinn nú undir. Þrátt fyrir þetta er Netflix metið á 110x EBIDTA í Kauphöllinni í New York, meðan Sky er metið á rétt riflega 10x EBIDTA í London. Önnur hefðbundin sjónvarpsfyrirtæki eru svo gjarnan með enn lægri margfaldara.

Meira að segja forstjóri Netflix hefur látið hafa eftir sér að félagið sé ofmetið af fjárfestum. Netflix hefur enn ekki tekist að gera arðbært félag úr öllum sínum tekjum. Sky og önnur hefðbundnari afþreyingarfyrirtæki hafa hins vegar áratugareynslu af því.

Sennilegt er að fjárfestar átti sig á þessu með tímanum.

27

PRÓSENTUM FERRI GJALÐÞROT

Gjaldþrot einkahlutafélaga á árinu 2015 voru 587 og fækkaði um 27 prósent frá fyrra ári samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hlutfallslega fækkaði gjaldþrotum á árinu 2015 mest í fjármála- og váttryggingarstarfsemi, þar sem þau voru 32 árið 2015 borið saman við 56 árið 2014 eða um 43 prósent.

36,3

MILLJARÐA ÁBATI Í SJÁVARÚTVEGI

Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi nam 15 prósentum, eða 36,3 milljörðum króna, árið 2014 en var 18,2 prósent árið áður samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt, sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði milli ára.

31.01. 2016

●● Helgi, ég er búinn að vera að berjast fyrir þessu í tvö ár. Þetta á ekki að koma neinum þingmanni á óvart. Það vita allir þingmenn að leynimappan er uppi í leyniherberginu.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar og þingmaður Framsóknarflokksins.



... LIFUN

'TRÚBROT'

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar TRÚBROTS verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, ...LIFUN, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir TRÚBROTS, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Péttri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist TRÚBROTS fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötum.

12. FEBRÚAR Í ELDBORG



Midasala á tix.is, midasölu Hörpu og í síma 528-5050.



HARPA

DÆGURFLUGAN

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU 160 FM IÐNAÐAR EÐA VERSLUNARBIL MEÐ INNKEYRSLUHURÐ Í AUÐBREKKU 4, KÓPAVOGI
Einnig 3 rúmgóðar skrifstofur með kaffiástöðu.
Upplýsingar í síma 661-7000

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500
GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

GULLNESTI GRAFARVOGI
Óskum eftir röskum, íslenskumælandi starfskrafti virka daga frá 9-5. 25 ára eða eldri og helst vanur grilli og afgreiðslu.
Upplýsingar í síma 898-9705 Daði

Atvinna í boði



KYNNINGARSTARF, AUKAPENINGUR, SVEIGJANLEGUR VINNUTÍMI.
Leitum eftir hressum og frambærilegum einstaklingum í tímabundin verkefni við kynningar og kannanir. Verkefnið felst m.a. í að tala við fólk í framhaldsskólum, verslunarmiðstöðvum og fyrirtækjum. Sveigjanlegur vinnutími. Íslensk tunga skilyrði. Kostur ef þú ert á bíl. Sækja um á vefnum: <http://starf.nuna.is>

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIDI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

Kynningarfundur um deiliskipulagsbreytingu við Skaftafell
Kynningarfundur um deiliskipulagsbreytingu við Skaftafell verður haldinn í Ráðhúsi Hornafjarðar, föstudaginn 5. febrúar kl. 12:00 – 13:00.
Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Lífio STÓRSKEMMTILEGT drukkumall FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA SÉÐUSTU SÍVINGAR!
Sun. 24. jan kl. 13.00
Sun. 7. feb kl. 13.00
Sun. 21. feb kl. 13.00
Leikhúsið Tíu fingur
TJARNARBIÓ
GRÍMAN Barnasýning ársins

NÝTT OG BETRA APP
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar og hvenær sem er.
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna. Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum App Store, Google Play, Microsoft.
FRÉTTABLAÐIÐ

VSV
ÚTBOÐ
Frystikerfi - Uppsjávarfiskvinnsla
Vinnlustöðin hf. óskar eftir tilboðum í frystikerfi fyrir uppsjávarfiskvinnsluhús sem fyrirhugað er að byggja.
Um er að ræða ammoníakskerfi 2400 kW þar sem fiskur er frystur í 10 blástursklefum.
Tilboðin skulu innihalda útvegum búnaðar, uppsetningu og gangsetningu.
Upplýsingar gefur Páll R. Sigurðsson, pallverk@gmail.com / 894 5850
Útboðsfrestur rennur út mánudaginn 15. febrúar 2016.
Vinnlustöðin hf., Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar Sími 488 8000 • vsv@vsv.is • www.vsv.is

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


AÐALFUNDUR
Ferðamálasamtaka Íslands
Aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands verður haldinn föstudaginn 26. febrúar 2016 kl:13:00 í fundarsal Ferðamálastofu, Geirsgötu 9, Reykjavík.
Dagskrá:
1. Afgreiðsla ályktunar síðasta aðalfundar um að leggja Ferðamálastök Íslands niður.
FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS ICELANDIC TOURISM ASSOCIATION

51,0% FBL
20,5% MBL
YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir
Höfuðborgarsvæðið, meðalrestur á tölublað, 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2015.
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft ...

30-50% afsláttur
Gardsman Öryggiskerfi 25%
TOPO-Tech bakkmyndavélar og skjáir 25%
Stafrænir sjónvarpsmóttakarar fyrir heimili bústaðinn og húsbílinn 50%
Tilboðið gildir til 5 feb. eða meðan birgðir endast.
www.hugna.is hugna@hugna.is
Hugna ehf sími: 454 4570

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Á morgun spáir stífri austanátt með snjókomu sunnanlands, en að mestu þurru fyrir norðan. Það kólnar norðaustan til, en að mestu frostlaust með suðurtröndinni.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
☁ 0°	☁ -4°	☁ -7°
↙ 20	↙ 18	↙ 12

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
☀ -4°	☁ -2°	☀ -9°
↙ 9	↙ 16	↗ 8

Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
☁ -5°	☁ -1°	☁ -4°	☀ -7°	☁ -4°	☁ -10°
↙ 7	↙ 19	↙ 18	↗ 4	↙ 7	↙ 7

Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- hróss
 - íþróttafélag
 - hola
 - blundur
 - hólskrúfa
 - ráðagerð
 - drabb
 - í röð
 - fýldur
 - bergmála
 - svöðu
 - í miðju

- LÓDRÉTT**
- útmá
 - líka
 - vörurými
 - arinn
 - hóf
 - eldsneyti
 - fljóttfærni
 - málmur
 - úrskurð
 - ólæti

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LAUSN

LÁRÉTT: 2. hófs, 6. fh, 8. gát, 9. mók, 11. r, 12. áform, 14. slark, 16. de, 17. súr, 18. óma, 20. mó, 21. milt, 19. stó, 7. hóf, 10. kól, 13. ras, 15. króm, 16. dóm, 19. at semt.

Skák Gunnar Björnsson
Gawain Jones (2.625) fann ákaflega fallega vinningsleið gegn Aleksöndru Goryachkina (2.502) á Gíbraltar-skákmótinu.



Hvítur á leik
35. Dg5+!! Rússneska landsliðskonan gafst upp. 35. ... hxc5 er svarað með 36. Bh7# og 35. ... Rg6 er svarað með 36. Hxh6. Jones verður meðal keppenda á Reykjavíkurskákmótinu í mars nk. en nú þegar hafa 200 keppendur skráð sig til leiks.
www.skak.is Hörmung hjá Anand í Gíbraltar.

Sudoku

LÉTT

	5	8	2		3	1		
1							2	
	4	2	5	7				9
			3	1				8
3	1		4					5
	2	4	9		6	7		3
	8	6	4			9	5	
	3							2
			8	9	4			

MIDLUNGS

8	9		4	1			2	
	5				6	9		
6	2	4			8	5	3	
							9	
9			5	3				2
5	7			6			8	
4			2				7	
		7						
2			1	7	3			

PUNG

	7	8			4	3	6	
					1	2	7	
				8	2	9		1
		5				6		
	9		4					
5				4			9	
6	4	5	3			2	7	8
7					6	4	3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

9	8	7	5	6	2	4	1	3
1	5	2	3	4	9	6	7	8
4	6	3	1	7	8	2	5	9
2	7	9	4	5	1	3	8	6
6	4	1	7	8	3	5	9	2
8	3	5	2	9	6	7	4	1
3	9	4	6	1	5	8	2	7
5	1	6	8	2	7	9	3	4
7	2	8	9	3	4	1	6	5
9	1	5	6	2	8	7	4	3
4	2	6	3	7	1	5	9	8
7	3	8	4	5	9	6	2	1
5	4	1	7	6	2	8	3	9
2	7	3	8	9	4	1	5	6
6	8	9	5	1	3	2	7	4
8	6	4	2	3	5	9	1	7
1	5	7	9	4	6	3	8	2
3	9	2	1	8	7	4	6	5
5	2	3	9	8	7	4	6	5
5	2	3	9	8	7	4	6	5
6	7	8	1	4	3	2	5	9
2	6	9	4	7	1	5	8	3
7	3	1	5	6	8	9	4	2
4	8	5	2	3	9	6	7	1
9	1	7	6	5	4	3	2	8
3	4	2	8	9	7	1	6	5
8	5	6	3	1	2	4	9	7

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



OLD BESSASTAÐIR

eftir Söllu Guðmundsdóttur í leikstjórn Mörtu Nordal

FRUMSÝNING 4. FEBRÚAR

SÝNINGAR

- 4. feb. kl. 20:30 - FRUMSÝNING - UPPSELT
- 7. feb. kl. 20:30 - Umræður eftir sýningu
- 14. feb. kl. 20:30
- 18. feb. kl. 20:30

Miðasala á Miði.is

TJARNARBÍÓ



Góð heilsa er gulli betri

Heilsudagar 3.-14. febrúar

Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval vítamína og bætiefna með frábærum afslætti. Vertu hraustleikinn uppmálaður og taktu veturinn með trompi.

Opið til miðnættis í Lyfju Lág múla og Lyfju Smáratorgi.

Við stefnum að vellíðan.



Angelica

Með Angelica jurtaveig færðu töflurnar á helmings afslætti. Angelica hentar mjög vel til að verjast umgangspæstum.

50% afsláttur



Marine Phytoplankton

Orka - jafnvægi - einbeiting.

Magnolia

Betri svefn, betri líðan.

25% afsláttur



Hollusta Heimilisins

Hágæða vítamín fyrir alla fjölskylduna - íslenskar uppskriftir. Afsláttur af allri vörulínunni.

25% afsláttur



Berocca® Performance

Inniheldur 8 mismunandi B-vítamín ásamt C-vítamíni, magnesíum og sinki. Bættu frammistöðu þína með Berocca!

25% afsláttur



Bellavista

Ertu með augnþurrk?

Roseberry

Er blöðrubólga vandamál?

20% afsláttur



Optibac

Góðgerlar sem veita hámarks virkni fyrir góða daglega heilsu. 20 milljarðar af góðgerlum í einum dagskammti.

20% afsláttur



Solaray bætiefni

Hágæða bætiefni sem næringarþerapístar mæla með. Hrein gæði - einstök virkni. Afsláttur af allri vörulínunni.

20% afsláttur



Bio Cult Candea

Eflir meltinguna gegn sveppasýkingu.

Melissa Dream

Slakaðu á og sofðu betur.

20% afsláttur



Liðaktín

Fyrir liði og stoðkerfi. Inniheldur fjögur virk efni sem vinna vel fyrir liðina og veita betri líðan.

20% afsláttur



Now

Hágæða náttúruleg fæðubótarefni án allra óæskilegra aukaeftna og fylliefna. D-vítamín, magnesíum og góðgerlar.

20% afsláttur



GeoSilica kísilsteinefni

100% náttúrulegt kísilsteinefni. Stuðlar að heilbrigði húðar og hárs, vinnur gegn beinþynningu og bætir heilsuna.

15% afsláttur



Iceherbs

NÝTT. Hrein náttúruleg bætiefni byggð á hefðbundinni notkun fjallagrasa.

10% afsláttur



Uppistandararnir í Mið-Íslandi halda til í Þjóðleikhúskjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keyrt niður miðjuna

UPPISTAND

Mið-Ísland 2016



Þjóðleikhúskjallarin

Uppistandarar: Ari Eldjárn, Bergur Ebbe Benediktsson, Björn Bragi Arnarsson, Halldór Laxness Halldórsson og Jóhann Alfreð Kristinsson

Þjóðleikhúskjallarin iðar af lífi um þessar mundir eftir allt of langt hlé og gaman er að sjá rýmið notað fyrir nýtt efni og nýja sýningu frá Mið-Íslandi. Mikill uppgangur hefur verið í íslensku uppistandi síðustu misseri, eftir djúpa lægð, og hafa ungu mennirnir í Mið-Íslandi verið þar í fararbroddi. Síðasta föstudagskvöld kom allur hópurinn aftur saman eftir langt hlé en Bergur Ebbe hefur verið erlendis.

Uppistandsformið virðist kannski einfalt við fyrstu sýn: Einstaklingur stendur á sviði, fer með gamanmál og áhorfendur hlæja. Svo er alls ekki. Þetta er flókið fyrirbæri. Bestu grínistarnir taka áhorfendur með í hugmyndafræðilegt ferðalag þar sem hláturinn afhjúpar hverdagslegar raunir, surrealistískar aðstæður og sýnir nýtt sjónarhorn á lífið.

Jóhann Alfreð Kristinsson var kynnrir kvöldsins og stóð sig með mikilli þryði, hann keyrir dagskrána áfram og hitar upp fyrir hina í hópnum án þess þó að stela senunni. Efnið hans var hnitmiðað, fjölbreytt og beitt. Þar stóð upp úr sérstaklega góð ræða um hvernig kvíðinn hefur áhrif á hans daglega líf.

Bergur Ebbe Benediktsson fékk það erfiða verkefni að vera fyrstur á sviði. Hann virtist örliðið ryðgaður en fann síðan taktinn eftir frekar hæga byrjun. Úttekt hans á þeim undirliggjandi þirringi sem þjakar íslensku þjóðarsálinu var smellin en reiðin varð fljótlega eintóna. Halldór Laxness Halldórsson steig næstur á svið en hann leikur sér með formið, ekki banginn við að leita að nýjum tón. Ritskoðun, rapp, aum-ingjaleg millinöfn og barnauppeldi

liggja öll til grundvallar en skemmtilegast er þó að sjá hvernig Halldór tekur áhorfendur inn, bæði með líkamsbeitingunni og grátbroslegri einlægninni.

Eftir hlé tók Ari Eldjárn við stjórnartaumunum með styrkri hendi. Kímnigáfan hans er skörp og eftirherma hans af vinnustaðaskemmtistýrunni hárbeytt. Líkt og hjá Halldóri er líkamleg nálgun hans fantagöð en frásagnastíll hans einkennist af hraða. Hann hreinlega reyrtir af sér brandarana og gefur áhorfendum varla tíma til að gira sig upp fyrir næsta umgang. Leiðinlegi og bitri sjoppukarlinn hans birtist áhorfendum ljóslifandi í frábærum búi um deyjandi hluta af íslenskri menningu. Að lokum rak Björn Bragi Arnarsson smíðshöggið á gott grínkvöld. Hann teygir sína anga inn í örliðið dekkir húmor þar sem orðaleikir ráða ríkjum en honum tekst einnig að þræða brandarana saman, eitthvað sem fleiri mættu taka til sín. Lífsráðgjöf frá ónefndum miðli byggt á lækningamætti appelsínulmsins var, þótt ótrúlega megi virðast, hugmyndafræðilega línan sem hann tók í sínu spaugi og heppnaðist mjög vel.

Íslenski markaðurinn er smár og krafan um endurnýjað efni er mikil en að sama skapi er plássíð fyrir tilraunastarfsemi lítið. Mið-Ísland hefur verið á mikilli siglingu og sýnir stundum tvisvar sama kvöld fyrir áhorfendur á öllum aldri, slíkt getur heft efnistösk. Stundum verður húmorinn hjá hópnum bitlaus þegar þeir reyna að höfða til allra í einu. Það er líka vondur ávani hjá uppistöndurum að ræða hversu mikið eða lítið áhorfendur hlæja að ákveðnum bröndurum. Þeir verða að treysta efninu, ekki taka púlsinn á svo áberandi hátt.

Mið-Ísland trónir enn á toppnum í íslensku uppistandi en þess væri óskandi að hópurinn tæki formið í nýjar áttir. Þeir eru bestir þegar þeir taka áhættu og uppskera eftir því.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Kostulegir kaflar en skortir áhættu.



„Ótrúlega spennandi að takast á við þetta nýja íslenska verk,“ segir Marta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvernig orð eru til alls fyrst

Old Bessastaðir er glænýtt leikrit eftir Sölku Guðmundsdóttur sem frumsýnt verður í Tjarnarbiói á fimmtudaginn, 4. febrúar.

Leikritið er um þrjár konur sem koma saman til að ræða hugmyndafræði sína og velta fyrir sér hvernig bregðast skuli við vissum þjóðfélagsbreytingum sem þær óttast. Ekki kemur fram í orðum þeirra í hverju þær breytingar felast en þær tala mikið um að verja sín gildi og vernda tunguna fyrir utanaðkomandi öflum. eru greinilega að tala um það sem við erum að kljást við í dag, uppgang öfgahópa og öfgaskoðana í breytilegum heimi.

Þannig lýsir Marta Nordal sýningunni Old Bessastaðir sem frumsýnd verður á fimmtudaginn í Tjarnarbiói. Verkið skrifaði Salka Guðmundsdóttir fyrir leikhópinn

SALKA HEFUR FLOTTAN OG FRJÓAN STÍL. HÚN HEFUR VERIÐ MIKIÐ Á ÆFINGUM OG MÓTAD VERKIÐ Í SAMTALI VIÐ ÞÁTTTAKENDUR. FAGMANNESKJA.

Sokkabandið, sem Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lisa Gunnarsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir mynda. Marta er leikstjóri. Hún segir persónurnar úr öllum þjóðfélagsstigum. Þær setji sinn málstað fram á ákveðinn hátt, milli þess sem þær fái sér kaffi, skúri og vinni

önnur dagleg störf. „Ein þeirra er ný í hópnum og stendur aðeins höllum fæti en lærir af hinum,“ segir Marta. „Verkið er dæmi um hvernig orð eru til alls fyrst, því hlutir geta gerst sem ekki sáust fyrir.“

Marta segir Sölku setja efnið fram á opinn hátt og heilmikið sé skilið eftir fyrir áhorfandann að túlka. „Salka hefur flottan og frjóan stíl. Hún hefur verið mikið á æfingum og mótað verkið í samtali við þátttakendur. Fagmanneskja.“

Nú er að byrja rennsli og Marta verður að rjúka. Vill þó koma því að að fyrir þau sem vinna við uppsetninguna sé ótrúlega spennandi að takast á við þetta nýja, íslenska verk. gun@frettabladid.is

Meira íslenskt, takk

TÓNLIST

Píanótónleikar



Edda Erlendsdóttir flutti verk eftir Dutilleux, Debussy, Hafliða Hallgrímsson, Úlf Hansson og Tómas Manoury Norðurljósin í Hörpu

Föstudaginn 29. janúar

Á tónleikum Myrkra músikdaga í Norðurljósum í Hörpu á föstudaginn sat virðuleg kona við flygil. Á móti henni stóð ungur maður við fartölvu. Þetta voru Edda Erlendsdóttir og sonur hennar, Tómas Manoury, að frumflytja verk eftir þann síðarnefnda. Edda lék alvörugfna hljóma sem fóru inn í tölvuna með aðstoð mikrófóns. Þaðan var þeim skotið út aftur, furdulega umbreyttum. Þeir voru m.a. oft öfugir, og stundum með bergmáli. Náttúruhljóð flygilsins og hin tölvu-

gerða útgáfa þeirra mynduðu fallega heild sem var þrúngin ljóðrænu. Þetta var eins konar samtal sem var dýnamískt og lifandi. Útkoman var hástemmd og áhugaverð.

Eg tók ekki tímann á verki Tómasar, en það var ekki langt. Önnur tónsmíð, álíka löng, var frumflutt á tónleikumum. Hún hét Innstirni og var eftir Úlf Hansson. Hún var allt öðruvísi. Tónlistin var melódísk, það var í henni framvinda, atburðarás sem þróaðist edlilega. Þótt tónmálið væri ekki djassskotið, var andi djassins einhvern veginn ekki fjarrí. Manni datt í hug Keith Jarrett, stemningin var svipuð. Þó var músíkin síður en svo einhver stæling. Það var í henni dýpt og ferskleiki sem var heillandi. Úlfur er tónskáld sem liggur greinilega mikið á hjarta.

Restin af dagskránni var ekki eins kræsileg. Myrkir músikdagar hafa verið skilgreindir sem uppskeruhátíð íslenskra tónskálda, og þannig eiga þeir að vera. Á heimasíðu

hátíðarinnar stendur að „meginþorri verkanna eru frumflutt á hátíðinni“. Sú var ekki raunin hér. Varla er eins forvitnilegt að heyra prelúdiur eftir Dutilleux frá 1973-1988, hvað þá þrjár etýður eftir Debussy, sem eru miklu eldri. Þetta er tónlist sem má kynna á YouTube. Það eru nýju íslensku verkin sem á að bera á borð á Myrkum músikdögum.

Edda má þó eiga það að Dutilleux og Debussy voru þryðilegir í meðförum hennar. Einnig fimm stykki fyrir píanó frá árinu 1971 eftir Hafliða Hallgrímsson. Þau síðastnefndu voru blæbrigðarík og full af óvæntum uppkomum. En var ekki hægt að finna eitthvað nýrra eftir Hafliða? **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Tvö ný verk voru virkilega spennandi, en restin hefði mátt vera nýrri. Þetta voru jú Myrkir músikdagar!

FRÉTTABLAÐIÐ

59,9%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, okt.–des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

Lífio

STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

Sun. 24. jan kl. 13.00

Sun. 7. feb kl. 13.00

Sun. 21. feb kl. 13.00



- DV



"Lífio er yndisleg sýning!
- Morgunblaðið

ALLAR STJÖRNURNAR Í HÚSINU!

"Það er allt fallegt við þessa sýningu"
- G.S.E Djöflaeyjan

TJARNARBÍÓ

Leikhúsið
Tíu fingur

GRÍMAN
Barnasýning ársins



LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Miðasátt og nánnari upplýsingar

Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ

16 THE BOY

16 THE REVENANT

12 RIDE ALONG 2

16 THE HATEFUL EIGHT

12 SISTERS

12 NONNI NORÐURSENS

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
THE BOY	8, 10:10
THE REVENANT	5:50, 9
RIDE ALONG 2	5:50
NONNI NORÐURSENS	5:50 ISL.TAL
THE HATEFUL EIGHT	10:30
SISTERS	8

SAMBÍÓIÐ **NÁÐU Í SAMBÍÓ APPÍÐ** **ÞAÐ MARGBORGAR SIG**

Robert De Niro Zac Efron
Dirty Grandpa

CREED
ÓSKARSTILNEFNING
Besti leikari í aukahlutverki - Sylvester Stallone

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Pökkum frábærar viðtökur Yfir 80.000 manns

THE BIG SHORT
ÓSKARSTILNEFNINGAR
Besti leikstjóri - Adam McKay

Frábær grínmynd frá þeim sömu og færðu okkur BORAT

LAUGARÁS BÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	
DIRTY GRANDPA	kl. 5:40 - 8 - 10:20	DIRTY GRANDPA	kl. 5:40 - 8 - 10:20
DIRTY GRANDPA VIP	kl. 8 - 10:20	CREED	kl. 8 - 10:40
CREED	kl. 5:15 - 8 - 10:45	ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 5:10
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 6	THE BIG SHORT	kl. 8
DADDY'S HOME	kl. 8 - 10:20	DADDY'S HOME	kl. 5:50 - 8 - 10:40
POINT BREAK	kl. 10:10	STAR WARS 2D	kl. 5:10 - 10:10
STAR WARS 3D	kl. 5:15 - 8 - 10:45	LAUGARÁS BÍÓ	KEFLAVÍK
STAR WARS 2D	kl. 7	DIRTY GRANDPA	kl. 8 - 10:20
GÓÐA RISAEDLAN ISL.TAL 2D	kl. 5	CREED	kl. 10:20
LAUGARÁS BÍÓ	KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI	DADDY'S HOME	kl. 8
TURANDOT ÓPERA ENDURLUIT	kl. 6	LAUGARÁS BÍÓ	AKUREYRI
DIRTY GRANDPA	kl. 8 - 10	DIRTY GRANDPA	kl. 8 - 10:20
CREED	kl. 10:10	CREED	kl. 10:20
ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 6	ÚBBS! NÓI ER FARINN... ISL.TAL	kl. 5:50
THE BIG SHORT	kl. 8 - 10:45	DADDY'S HOME	kl. 8
GÓÐA RISAEDLAN ISL.TAL 2D	kl. 5:50	STAR WARS 3D	kl. 5:15

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

6 FILMNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERLAUNA
BESTI LEIKARI

SPOTLIGHT
BESTU MYNDIRIN

16 LEONARDO DICAPRIO TOM HARDY
12 ÓSKARS FILMNEFNINGAR
MIL BESTA MYND
BESTU LEIKSTJÓRI
BESTU LEIKARI
AUKAHLUTVERKI
GOLDEN GLOBE VERÐLAUN

THE REVENANT
BLÓÐI STRELLT. LÍFI FACHRÁÐ
BYGGD Á SONNARÞRÖSKUN

Flairi myndir í sýningu á emiði.is

THE 5TH WAVE

RIDE ALONG 2

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
THE HATEFUL EIGHT

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

3. FEBRÚAR 2016

Fyrirlestrar

Hvað? Hádegisfyrirlestur um Listvinafélagið
Hvenær? 12.00
Hvar? Safnahúsið við Hverfisgötu
Í dag eru liðin 100 ár frá því að Listvinafélag Íslands var stofnað í Reykjavík. Af því tilefni efnir Listfræðafélag Íslands til hádegisfyrirlestra um Listvinafélagið og efni tengd því í lestrarsal Safnahússins við Hverfisgötu, fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði vorið 2016. Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur flytur erindi í dag og ber það heitið „Um starf Listvinafélagsins 1916-1932“. Allir eru velkomnir.

Hvað? Fyrirlesturinn Einkenni
Hvenær? 12.15
Hvar? Listaháskóli Íslands, Þverholti 11, fyrirlestrarsalur A
Einar Gylfason flytur erindið Einkenni í fyrirlestraröð hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands, Sneiðmynd, í dag. Í þessum fyrirlestri mun Einar sýna helstu verk Leynivopnsins og ræða áhugamál sín á sviði. Allir eru velkomnir, en fagfólk er sérstaklega hvatt til að láta sjá sig. Aðgangur ókeypis.

Hvað? Sophie Labelle heimsækir Trans Ísland
Hvenær? 20.00
Hvar? Suðurgata 3
Í febrúarmánuði ætlar Trans Ísland að fá heimsókn frá Sophie Labelle.



Jóhann Alfreð Kristinsson verður bingóstjóri í dag.

Sophie Labelle er teiknimyndasöguhöfundur og trans aktivisti frá Montreal í Quebec. Labelle er þekktust fyrir netmyndasöngurnar sínar, sem fjalla um trans stelpu. Auk þess hefur hún gefið út barnabækur. Sjálf er Labelle trans kona, svo hún sækir innblásturinn mikið til í sinn eigin reynsluheim. Öll hjartanlega velkomin, og þess ber að geta að aðgengi að húsnæðinu er gott.

Hvað? Málfundur um fasteignamarkaðinn, með áherslu á praktik og lánamál
Hvenær? 16.40
Hvar? Háskólinn í Reykjavík, Stofa M 101
Málfundurinn er sýningartími um fasteignamarkaðinn, með áherslu á praktik og lánamál í dag. Er markmið fundarins að upplýsa nemendur sem og aðra sem áhuga hafa á, hvað skuli hafa í huga þegar farið er út í fyrstu íbúðarkaupin. Farið verður yfir muninn á verðtrygðum og óverðtrygðum lánnum, auk ýmissa annarra mála. Tekur Finnur Bogi



Högni Egilsson verður með tónleika í Kaldalóni í Hörpu í kvöld.

Hannesson, sérfræðingur Íslandsbanka í íslenska fasteignamarkaðnum, til máls en fundarstjórn verður í höndum Tryggva Jarls Sveinssonar. Allir velkomnir, og aðgangur ókeypis.

Leiklist

Hvað? Frumsýning á Old Bessastaðir
Hvenær? 20.30
Hvar? Tjarnarbíó

Old Bessastaðir er glænýtt leikrit eftir Söllu Guðmundsdóttur í leikstjórn Mörtu Nordal sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói fimmtudaginn 4. febrúar. Leikhópurinn Sokkbandið stendur að sýningunni en hópurinn er þekktur fyrir uppsetningu nýrra verka sem tala beint inn í samtíma okkar. Með hlutverk fara Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir.

Hvað? Improv Ísland
Hvenær? 19.30
Hvar? Þjóðleikhúskjallarinn
Spunahópurinn Improv Ísland verður með vikulegar grínsýningar í vetur. Hver sýning er spunnin á staðnum út frá einu orði áhorf-

enda. Það er að segja ekkert er ákveðið fyrirfram og ekkert handrit. Hver sýning er því frumsýning og lokasýning. Miðaverð er 1.500 krónur.

Hvað? Moulin Rouge
Hvenær? 10.00 og 14.00
Hvar? Austurbær
Nemendafélag Verzlunarskóla Íslands setur í ár upp söngleikinn Moulin Rouge. Listrænar stjórnendur eru Björk Jakobsdóttir, sem leikstýrir og Unnur Elisabet Gunnarsdóttir er danshöfundur sýningarinnar. Helga Margrét Marzelliusdóttir tekur að sér hlutverk söngstjóra og Hallur Ingólfsson er tónlistarstjóri. Miðaverð 2.500 krónur.

Tónlist

Hvað? Högni Egilsson í Blökktrömmunni
Hvenær? 20.00
Hvar? Kaldalón, Hörpu
HE er sólóverkefni Högna Egilssonar, sem fyrir löngu hefur stimplað sig inn sem einn ástsælasti söngvari og lagahöfundur Íslendinga. Miðar eru seldir á harpa.is.

Önnur afþreying

Hvað? Pub quiz á Stofunni. David og Alan
Hvenær? 21.00
Hvar? Stofan, Vesturgötu 3
Létt og skemmtileg spurningakeppni, þar sem þemað verður Alan og David, þar sem spurt verður um menn sem bera þessi nöfn. Þó verður sérstök áhersla lögð á David Bowie, og Alan Rickman, sem létust báðir ekki alls fyrir löngu, og skilja eftir sig stórbrotið ævistarf í listheiminum. Aðgangur er ókeypis og öllum er velkomið að vera með.

Hvað? Góðgerðarbingið SFHR
Hvenær? 19.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
Verður Góðgerðarbingið nú haldið í þriðja skiptið, en Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík stendur fyrir herlegheitunum. Veglegir vinningar verða í boði, og sjálfur Jóhann Alfreð úr uppstandshópnum Mið-Ísland stendur vaktina sem bingóstjóri. Domino's-pitsur og kók til sölu, og rennur allur ágóði óskertur til Útmeð'a átaksins. Allir hjartanlega velkomnir, hvort sem er nemendur við skólann eða aðrir.



Elma Lisa Gunnarsdóttir stendur í stórræðum í kvöld en þá verður verkið Old Bessastaðir frumsýnt.

BIO PARADIS **HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19**

Njósniir, lygar og fjölskyldubönd ENG SUB	18:00
45 years	18:00
Sparrows / Þrestir ENG SUB	18:00
A Blast	20:00
Youth	20:00
Virgin mountain / Fúsi ENG SUB	20:00
Marguerite	22:00
A Perfect day	22:30
Rams / Hríttar ENG SUB	22:00



Frestur til
að senda tilnefningar
er til miðnættis
1. mars

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ **GÓÐVERKI?**

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2016

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN

FRÉTTABLAÐIÐ

365

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Big Time Rush
08.05 The Middle
08.30 Anger Management
08.50 Weird Loners
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Sullivan & Son
11.25 Mindy Project
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Neyðarlinan
13.40 Hið blómlega bú 3
14.10 White Collar
14.55 Mayday. Disasters
15.40 Big Time Rush
16.05 Impractical Jokers
16.30 Baby Daddy
16.55 Welcome To the Family
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.20 Vikingalottó
19.25 The Middle
19.50 Heimsókn
20.15 Covert Affairs
Fimmta þáttaröðin um CIA-fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.
21.00 Flesh and Bone
22.05 Bones
22.50 Real Time with Bill Maher
23.50 NCIS
00.35 The Blacklist
01.20 Stalker
02.05 The Details
03.45 Think Like a Man too

SPORT

09.50 Haukar og Tindastóll í Domino's-deild karla.
11.25 Körfuboltakvöld
13.00 Þýsku mörkin 2015-2016
13.40 Chievo og Juventus í ítölsku úrvalsdeildinni.
15.20 Barcelona og Atletico Madrid í spænsku úrvalsdeildinni.
17.00 AC Milan og Inter Milan í ítölsku úrvalsdeildinni.
18.40 Ítölsku mörkin 2015/2016
19.10 Bein útsending frá leik Stjórnunnar og Hamars í Domino's-deild kvenna.
21.10 Liverpool og West Ham United í enska FA bikarnum.
22.50 UFC Now 2016
23.35 Juventus og Genoa í ítölsku úrvalsdeildinni.

SPORT 2

07.05 Manchester United og Stoke City.
08.45 Leicester City og Liverpool
10.25 West Bromwich Albion og Swansea City.
12.05 West Ham United og Aston Villa.
13.45 Crystal Palace og Bournemouth.
15.25 Premier League World 2015/2016 .
15.55 Football League Show 2015/16
16.15 Norwich og Tottenham Hotspur.
17.55 Manchester United og Stoke City.
19.35 Watford og Chelsea (B)
21.45 Leicester City og Liverpool.
23.25 Everton og Newcastle.

GOLFSTÖÐIN

08.00 Farmers Insurance Open
13.00 Golfing World 2016
13.50 Commercialbank Qatar Masters
18.20 Farmers Insurance Open
23.50 PGA Tour 2016 - Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

17.55 Fresh off the Boat
18.15 Sullivan & Son
18.40 Top 20 Funniest
19.25 Secret Life of 4 Year Olds
20.15 Schitt's Creek
20.40 Mayday
21.25 The Listener
22.10 American Horror Story. Freak Show
23.00 Supergirl
23.45 Flash
00.25 Arrow
01.10 Secret Life of 4 Year Olds
02.00 Schitt's Creek
02.25 Mayday
03.10 The Listener
03.50 American Horror Story. Freak Show
04.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur og félagar
07.55 UKI
08.00 Ævintýri Tinna
08.23 Lina Langsokkur
08.48 Ævintýraferðin
09.00 Brunabílarnir
09.25 Skógardýrið Húgó
09.47 Hvellur keppnisbill
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Gulla og grænjaxlarnir
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur og félagar
11.55 UKI
12.00 Ævintýri Tinna
12.23 Lina Langsokkur
12.48 Ævintýraferðin
13.00 Brunabílarnir
13.24 Skógardýrið Húgó
13.46 Hvellur keppnisbill
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.45 Gulla og grænjaxlarnir
14.55 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur og félagar
15.55 UKI
16.00 Ævintýri Tinna
16.23 Lina Langsokkur
16.48 Ævintýraferðin
17.00 Brunabílarnir
17.24 Skógardýrið Húgó
17.46 Hvellur keppnisbill
18.00 Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Gulla og grænjaxlarnir
18.55 Tommi og Jenni
19.00 Ævintýraeyja



GULLSTÖÐIN

18.50 Two and a Half Men
19.15 Friends
19.35 How I Met Your Mother
20.00 Modern Family
20.25 Geggjaðar græjur
20.45 Chuck
21.30 Klovn
22.00 Cold Case
22.45 Cold Feet
23.35 Death Comes To Pemberley
00.35 The Sopranos
01.30 Geggjaðar græjur
01.45 Chuck
02.30 Klovn
02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.10 Words and Pictures
13.05 Butter
14.35 Jane Eyre
16.35 Words and Pictures
18.30 Butter
Gamanmynd frá 2011 með Jennifer Garner, Ty Burrell, Olivia Wilde, Ashley Greene, Alicia Silverstone og Hugh Jackman í aðalhlutverkum. Sagan gerist í miðvesturríkjum Bandaríkjanna og fjallar um fólk sem er einstaklega hæfileikaríkt í að skera út í smjör. Listaverkin eru einstök, dramatíkin ótrúleg og samkeppnin nær út fyrir öll velsæmis-mörk.
20.00 Jane Eyre
22.00 The Normal Heart
00.10 + 1
Spennandi tryllir um þrjá háskóla-félaga sem fara í stærsta parti ársins en þar gerast dularfullir hlutir sem setur allt úr skorðum það sem eftir lifir kvölds.
01.45 Edge of Darkness
03.40 The Normal Heart

RÚV

17.15 Rætur
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnboi og Felix
18.18 Sigildar teiknimyndir
18.25 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir (105)
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Ævar vísindamaður
20.30 Kiljan
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðufréttir
22.20 Sykurhúðað
23.45 Glæpasveitin
00.45 Kastljós
01.10 Fréttir
01.25 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Hotel Hell
09.50 Minute To Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
13.25 King of Queens
13.50 Dr. Phil
14.30 Black-ish (3.22)
14.55 Jane the Virgin
15.40 America's Next Top Model
16.20 The Biggest Loser - Ísland
17.30 Dr. Phil
18.10 The Tonight Show with Jimmy Fallon
18.50 The Late Late Show with James Corden
19.30 Survivor
21.00 Code Black
21.45 Complications
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.10 The Late Late Show with James Corden
23.50 Sleeper Cell
00.35 Billions
01.20 Zoo
02.05 Code Black
02.50 Complications
03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.15 The Late Late Show with James Corden
04.55 Pepsi MAX tónlist



19:50
HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir Auði Hinriksdóttur sem tók skemmtilegt hús sitt algerlega í gegn.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:10
COVERT AFFAIRS

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.



21:00
FLESH AND BONE

Dramatískir þættir um Claire sem er ungur og hæfileikaríkur dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.



LOKAPÁTTUR!


22:10
BONES

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings.



22:55
REAL TIME WITH BILL MAHER

Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



22:00
THE NORMAL HEART

Sannsguleg mynd um ungan mann sem reynir að vekja athygli á alnæmi og hættum þess. Með aðalhlutverk fara Mark Ruffalo, Alec Baldwin og Julia Roberts.



21:30
KLOVN

Þrælskemmtilegir þættir um félagana Frank og Casper og ótrúleg ævintýri þeirra sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.



ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

-25%



NAPOLI TUNGUSÓFI

Stærð: 292X168cm

Verð: 239.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 179.250,-

-20%



MAXWELL HORNTUNGUSÓFI

Stærð: 308X190/155cm

Verð: 265.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 212.000,-

-25%



JERSEY TUNGUSÓFI

Stærð: 250X165cm

Verð: 177.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 132.750,-

MOBI SKENKUR

Breidd: 205cm

Verð: 129.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 77.400,-

-40%



MAXWELL HÆGINDASTÓLL

Með rafmagnsstillingu og USB tengi

Verð: 119.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 83.300,-

-40%

MOBI TV SKENKUR

Breidd: 195cm

Verð: 109.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 65.400,-

-30%



MONACO TUNGUSÓFI

Stærð: 291X168cm

Verð: 238.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 166.600,-



-30%

-40%



MOBI SÓFABORÐ

Stærð: 120X60cm

Verð: 39.000,-

ÚTSÖLUVERÐ: 23.400,-

-30%



CLARK STÓLL

ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-

-20%



ARLO STÓLL

ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

-30%



MYNDIR

Stærð: 100x100cm

ÚTSÖLUVERÐ: 6.930,-



Trendið Kaflaskiptir karlar á pöllumum

Rauði þráður karlatískuvikunnar í Milánó, sem lauk ekki alls fyrir löngu, var svo sannarlega köfl-óttur. Gamaldags herrastemning, með strákslegu yfirbragði annað veifið er greinilega eitthvað sem koma skal, hvort sem menn aðhyllast Prada, Dior eða Gucci. Trend sem býsna margir ættu að geta tileinkað sér með einum eða öðrum hætti.



Fendi



Gucci



Prada



Elmar Hallgríms Hallgrímsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, kennir námskeiðið Samvinna og árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fara óhefðbundnar leiðir til að safna fyrir Reykjadal

Nemendur Háskóla Íslands fá að spreyta sig í atvinnulífinu. Nemendur námskeiðsins Samvinna og árangur við Háskóla Íslands vinna nú að fjáröflunarverkefni til stuðnings Reykjadal, þar sem fötluð börn og ungmenni alls staðar að af landinu sækja sumarþúðir.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is

Hóparnir hafa skipulagt fjölmarga viðburði nú þegar, svo sem bíó-sýningu í Háskólabíói, fjöltefli í Smáralind, förðunarnámskeið og margt fleira,“ segir Elmar Hallgríms Hallgrímsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Á námskeiðinu Samvinna og árangur sem Hallgrímur stjórnar, vinna nemendur að fjáröflunarverkefni til stuðnings Reykjadal. Nemendum verður í upphafi skipt í fimm hópa en 30 meistaranemar eru í faginu og þeim er skipt upp í fimm smærri hópa.

„Hóparnir hafa alveg frjálssar hendur í nálgun sinni að því að afla fjár fyrir Reykjadal. Hugmyndin að áfanganum kemur upphaflega frá Bandaríkjunum en ég tók sambærilegan áfanga þegar ég var þar í námi. Eg hef þó útfært hann með mínum hætti,“ segir Elmar.

„Hóparnir eru allir að vinna saman að þessu markmiði okkar, að safna fjármunum til að styðja við starfsemi Reykjadal. Það er afskaplega sárt til þess að hugsa að það er tveggja ára biðlisti til að komast að í Reykjadal og er það von okkar að við getum hjálpað til við fyrirhugaðar framkvæmdir



Fötluð börn og ungmenni alls staðar að af landinu sækja sumarþúðir Reykjadal.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR GUÐJÓNSSON.

HÓPARNIR ERU ALLIR AÐ VINNA SAMAN AÐ ÞESSU MARKMIÐI OKKAR, AÐ SAFNA FJÁRMUNUM TIL AÐ STYÐJA VIÐ STARFSEMI REYKJADALS.

á svæðinu með það að markmiði að stækka aðstöðuna,“ segir Elmar bjartsýnn á verkefni nemenda sinna.

Hverjum hópi í verkefninu verður úthlutað einum tengilið úr atvinnulífinu og er áætlað að hópurinn hitti tengiliðinn þrisvar til fjórum sinnum og fái þannig þá faglegu aðstoð og leiðbeiningar sem til þarf til að vinna verkefni af þessum toga.

„Tengiliðirnir koma til með að hjálpa nemendum við að útfæra hugmyndir sínar, en ég var einstak-

STARFSEMI REYKJADALS

- Reykjadalur er opin öllum þeim börnum sem ekki hafa kost á að sækja aðrar sumarþúðir.
- Í Reykjadal er lagt upp úr að gera dvalir gestanna sem eftirminnegastar.
- Í Reykjadal koma fötluð börn og ungmenni alls staðar að af landinu.
- Árlega koma um 250 börn og ungmenni í Reykjadal.
- Búðirnar hafa það að leiðarljósi að gefa þeim börnum og ungmennum sem þurfa sérstaka þjónustu vegna fötlunar tækifæri til að komast í sumarþúðir.
- Gleði, jákvæðni og ævintýri eru einkunnarorð Reykjadal.

lega heppinn með þá tengiliði sem koma að verkefninu en það eru þær Ásthildur Otharsdóttir, Steinunn Bjarnadóttir, Margrét Sveinsdóttir, Hrefna Ósp Sigfinnsdóttir og Ingunn Elin Sveinsdóttir,“ segir Elmar

Söfnunin hefst formlega í næstu viku og hafa nemendur nú þegar hafist handa við að skipuleggja fjölmarga viðburði. Hóparnir koma svo til með að auglýsa viðburði sína á Facebook-síðu áttaksins en sú síða verður opnuð von þráðar.

VIÐURKENNT BÓKARANÁM

FYRIR ÞÁ SEM VILJA LÁTA HLUTINA STEMMA

KREFJANDI ÞRIGGJA ANNA NÁM Í BÓKHALDI ÞAR SEM KENNT
ER FRÁ GRUNNI AÐ VOTTUN SEM VIÐURKENNDUR BÓKARI.
GÓÐ STARFSTÆKIFÆRI.



HEFST 15. FEBRÚAR

BÆÐI KVÖLD- OG MORGUNNÁM Í BODI.

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnaþróun og fer fram í litlum hópum í nánunni samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluáðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn

ÞÚ FINNUR
RÉTTA RÚMIÐ
HJÁ OKKUR



ÚTSALA
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
SÍÐUSTU
DAGAR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

born eiga rétt á vernd
gegn klámi.



Atli Bollason, við strigann, ef svo má að orði komast. Gestir Sónar sjá svo um að lýsa hann upp og gera hann fallegan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Harpa verður skemmtilega lýðræðisleg

Þeir Atli Bollason og Owen Hindley ætla sér að breyta tónlistarhúsinu Hörpu í eitt stórt hljóðfæri, eða réttara sagt ljósfæri, á Sónar Reykjavík tónlistarhátíðinni sem fram fer hér á landi í fjórða skipti. Gestum hátíðarinnar gefst færi á að spila á ljóshjúpinn.

„Ég hef stundum talað um þetta sem ljósfæri, þar sem þetta er eiginlega akkúrat svoleiðis,“ segir Atli Bollason, sem stendur í stórræðum um þessar mundir en hann undirbýr óvenjulegt hljóðfæri. Gestir Sónar-hátíðarinnar, sem fram fer dagana 18. til 21. febrúar næstkomandi, koma til með að njóta ljósfærisins á meðan á hátíðinni stendur.

„Við Owen Hindley smíðum ljósfæri sem er í raun hálfgerð orgel, því komum við svo fyrir við hjúpinn að innanverðu. Þá getur hver sem er komið og spilað, og um leið og ýtt er á takka, breytast ljósin á Hörpu í samræmi. Þetta er svolítið hannað til að lúta tónlistarlegum reglum, og funkerar eins og alvöru hljóðfæri. Ef menn ná að æfa sig nóg, getur þetta orðið verulega flott.“

Ekki er þetta þó í fyrsta sinn sem Atli leikur sér með ljóshjúp tónlistarhússins, en á sömu hátíð í fyrra bjuggu þeir Hindley þannig um hnúta að Harpa lýsti í takt við tón-

listina sem spiluð var innan dyra. „Mér finnst þetta svo spennandi, það að hafa þennan risaskjá í miðbænum er ótrúlega skemmtilegt, og því gaman og gott að fólk geti haft áhrif sjálfst núna,“ segir hann spurður um þau auknu umsvif sem felast í að fela almenningi stjórnina. „Þetta verður þannig skemmtilega lýðræðislegt. Það má eiginlega segja að möguleikarnir í þessu húsi séu alls konar, og þetta hafi einfaldlega verið næst á dagskrá,“ útskýrir hann glæðlega.

Skyldu svona framkvæmdir vera kostnaðarsamar? „Nei, í rauninni ekki, þetta er allt tölvustýrt svo þetta snýst meira um að vera bara útsjónarsamur,“ svarar Atli og bendir á að hann hafi gælt við hugmyndina um að nýta gluggafleti Hörpu í dágóðan tíma. „Það eru komin nokkur ár síðan ég virti fyrir mér Hörpu, síðsumars að kvöldi til og hugsaði með mér að þarna væri ótöppuð gullnáma,“ skýtur hann kíminn að.

VEL NÝTT TÓNLISTARHÚS

Hátíðin er haldin hér á landi í fjórða skipti nú í ár, og toppar sig að því leyti að aldrei hafa fleiri listamenn boðað komu sína. Alls koma fram sjötiú og fimm hljómsveitir og listamenn og sólsa undir sig fimm svið yfir þá daga sem hátíðin fer fram, og Harpa því greinilega vel nýtt, því fyrir utan að gera ljóshjúpinn að sérlegu atriði verður bílakjallara tónlistarhússins breytt í næturklúbb.

Atli segir að fólk geti spreytt sig á ljósadýrðinni alla daga hátíðarinnar frá klukkan átján til tuttugu og eitt. „Ég er að vona að við fáum að gera þetta líka á sunnudeginum, og þá fram eftir kvöldinu,“ segir hann og viðurkennir að eflaust verði mikið um dýrðir þegar líða tekur á kvöldið með vaxandi gleði gesta hátíðarinnar. gudrun@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigríður Órn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is **RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR

LAGERSALA

3.-8. FEBRÚAR



-40%

ORRI

DÖMU DÚNÚLPA
69.990 KR.
39.990 KR.



-80%

HLÍFA

DÖMU SOFT SHELL JAKKI
27.990 KR.
5.598 KR.



-70%

FENNA

DÖMU SKÍÐAÚLPA
49.990 KR.
14.990 KR.



-60%

FAXI

PRJÓNALÚFFUR
4.990 KR.
1.990 KR.



-50%

BERJAST

HERRA DÚNÚLPA
59.990 KR.
29.990 KR.



-50%

KATLA

HERRA PRIMALOFT JAKKI
32.990 KR.
16.495 KR.



-42%

YLJA

BARNA SUPERSTRETZ PEYSA
11.990 KR.
6.990 KR.

st. 116-176



-50%

HLÝJA

BARNA LÚFFUR
2.990 KR.
1.495 KR.

st. 2-4, 4-6

OPNUNARTÍMI

MÍÐVIKUD. 3. FEB - MÁNUD. 8. FEB

VIRKA DAGA
LAUGARDAG
SUNNUDAG

KL. 12:00 - 19:00
KL. 11:00 - 18:00
KL. 12:00 - 18:00

FACTORY STORE

NÝBÝLAVEGI 6 | 200 KÓPAVOGI | 412-5869

ZO·ON
ICELAND

Bakpankar

Mariu Elísabetar
Bragadóttur



Litlu hlutirnir

Lykillinn að lífshamingjunni er að vera ekki of vandfýsinn. Einblína á litlu hlutina. Með slíku hugarfari getum við valhoppað í gegnum lífið. Febrúar er nóturlegur mánuður og kjörinn fyrir drastiska breytingu á sjónarhorni.

Með febrúarsólina í hnakkannum skauta ég á milli svellbunka. Götur miðbæjarins eru glerhálur. Himinninn er flennistór, heiðskír og barnaherbergisblár. Ég gref króklöppnar hendur dýpra ofan í úlpuvasana og hugsu með mér að fimbulfrost sé ægífegurðarinnar virði. Greikka sporið og virði hugfangin fyrir mér snævi þakka Esjuna, rammaða inn á milli tveggja bárujárnshúsa.

Mér skrikar fótur og ég dett á hálkubletti sem reynist vera frosin æla. Dásamlega sólgult lítið skautasvell! Vafalaust heiðarlegur minnisvarði um lystisemdir gærkvöldsins. Ég hinkra augnablik, sit flötum beinum á klakanum. Loka augunum og ímynda mér eiganda ælunnar kvöldið áður. Kannski stelpa á mínum aldri, heltekin af glaum veislunnar. Á harðaspretti inn um gleðinnar dyr og loks afdráttarlaus hurðarskellur í himnaríki.

Á tímum Lúðvíks XIV var til síðs að stinga fjödurstafrá ofan í kokið í lok máltíðar til að geta borðað meira. Sú gæti vel hafa verið raunin í hennar tilvik. Hún hefur þá selt upp ofboðslega ljúffengum hátíðarkvöldverði. Ég gjóa augunum á logagylltan pollinn. Sé hana fyrir mér á hækjum sér með höfuðið ofan í götu og æluna eins og geislabaug í kring. Svo hefur hún reist sig við á einu augabragði og horfið aftur í gleðskapinn og fengið sér annan og veglegri skammt af góðgætinu. Skemmtanalíf á heimsmælikvarða. Ekki þurfti nú stóran ælupoll til að skapa ánægjuleg hughrif hjá mér. Eins og ég segi. Það eru litlu hlutirnir í lífinu.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnabakka



Iceland

60,1%

FBL

27,9%

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12-80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, okt.-des. 2015.



Allt sem þú þarft ...

SÓLSKIN WOW TAKK

ALICANTE frá
14.999 kr.*

mars - maí

TENERIFE frá
16.999 kr.*

mars - apríl

GRAN CANARIA frá
12.999 kr.*

febrúar - maí

BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS

